RAKEL HLÍN BERGSDÓTTIR

*Heldur upp á belti frá brúðkaupsdeginum*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




VETRARSPORT

*Ísklifur, skautar, skíða- og snjóbrettabúnaður*

Sérblað um vetrarsport

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

4. mars 2010 — 53. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FIMMTUDAGUR



### Á hraðri uppleið

MTV er hrifið af FM Belfast.

FÓLK 46

### List í sláturhúsi

Metþátttaka er á tilraunakvikmyndahátíðina 700IS Hreindýraland.



TÍMAMÓT 28

### Réttarríkið í prófi

„En þá mun erlend réttarvarzla – lögregla, ákæruvald og dómstólar – taka við keflinu“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20



### Rændur draumamarki

Rúrik Gíslason skoraði glæsilegt mark á móti Kýpur í gær en það var ekki dæmt gilt.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART EYSTRA** Í dag verða suðvestan 5-13 m/s. Rigning eða slydda SV- og V-til síðdegis en þurrt og bjart eystra. Hiti víðast 0-7 stig.

VEÐUR 4



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLAN UNDIRBÚIN** Að óbreyttu verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave-samningana á laugardag. Starfsmenn Ráðhússins voru í gærkvöldi í óðaönn að undirbúa kjörstað. Áður en kjörklefarnir voru reistir þurfti að þrífa eftir Reykjavíkurskákmótið sem lauk fyrr um kvöldið. Kostnaður við þjóðaratkvæðagreiðsluna nemur um 210 milljónum króna.

# Kyrrstaða í London

**Lítið þokaðist á fundi samninganefnda Íslands, Bretlands og Hollands í gær. Útlínur samkomulags liggja fyrir en ágreiningur er um kostnað af fjármögnun.**

**STJÓRNMÁL** Ágreiningur um kostnað Breta og Hollendinga af fjármögnun vegna greiðslu lágmarkstrygginga reikningseigenda stendur í veginum fyrir samningum um lausn Icesave-málsins.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Bretar og Hollendingar hafi sæst á hugmyndir Íslendinga um lausn. Í þeim felst að Íslendingar greiði höfuðstól lánsins og fjármögnunarkostnað. Deilan snýst um hve hár sá kostnaður er. Heimildarmenn segja að talsvert beri í milli en bilið sé ekki óbrúanlegt.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vill ekki staðfesta þetta. Hann segir ótímabært að ræða innihald viðræðnanna.

Ljóst er að vonbrigða gætir í herbúðum stjórnarliða með að ekki hafi þokast nær samkomulagi á fundi samninganefndanna í London í gær.

„Staðan skýrðist ekki að ráði og það er enn ekkert á borðinu sem gefur tilefni til mikillar bjartsýni um að þetta muni klárast á næstunni,“ sagði Steingrímur í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

> Það er enn ekkert á borðinu sem gefur tilefni til mikillar bjartsýni um að þetta muni klárast á næstunni.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

Samninganefndirnar funduðu í húsakynnum lögmannsstofunnar Slaughter and May sem er breska viðræðunefndinni til ráðgjafar.

„Fundurinn fór fram í mikilli vinsemd og var mjög gagnlegur,“ var það eina sem Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu vildi segja í gærkvöldi. Guðmundur er einn fimm samningamanna Íslands. Íslenska nefndin sat yfir útreikningum fram á kvöld í gær en hún nýtur ráðgjafar bresku lögmannastofunnar Ashurst.

Allar líkur eru á að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram á laugardag. Í henni verður kosið um gildi laga sem Alþingi samþykkti 30. desember. Kjör samninganna sem þar liggja til grundvallar eru talsvert lakari en Bretar og Hollendingar hafa nú boðið upp á. Í röðum stjórnarflokkanna er talið mikilvægt að samkomulag – eða í það minnsta drög að samkomulagi – verði undirritað síðar í dag eða á morgun. Á þeim bæjum er það talin mikil fjárhagsleg áhætta að málið sitji enn fast þegar lögin verða felld á laugardag, eins og skoðanakannanir sýna ótvírætt.

Formenn stjórnarflokkanna kynntu stöðu málsins fyrir þingflokkum sínum síðdegis í gær.

- bþs, kóp

BAM-leikhúsið í New York:

## Áhrifamaður heimsækir Vesturport

**FÓLK** Joseph Melillo, einn af forsvarsmönnum BAM-leikhússins í New York, er væntanlegur til Íslands á föstudaginn. Hann hyggst sjá tvær sýningar á Faust með Vesturporti í Borgarleikhúsinu og hitta leikhópinn í kjölfarið. Þetta er í fyrsta skipti sem Melillo kemur til Íslands en Vesturport hefur áður sýnt Woyzeck í BAM-leikhúsinu og mun setja upp Hamskiptin þar í nóvember.

- fgg / sjá síðu 46




**LÍFEYRISÞEGAR MÓTMÆLA** Sparnaðaraðgerðir gríska ríkisins hafa mælst illa fyrir meðal almennings. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grikkland í vanda:

## Aðkoma AGS ekki útilokuð

**GRIKKLAND George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, útilokar ekki að Grikkir leiti eftir aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að létta skuldabaggann sem er að sliga efnahag landsins.**

**Þetta verði þó aðeins gert ef Evrópusambandið leggur ekki blessun sína yfir nýjar og enn harðari sparnaðaraðgerðir og veitir Grikklandi stuðning í þrengingum þess.**

**„Nú er röðin komin að Evrópusambandinu,“ sagði hann eftir að stjórn landsins kynnti nýju aðgerðirnar í gær.**

- gb / sjá síðu 16

Arion banki vill að eftirlitsnefnd meti hvort farið var eftir verklagsreglum:

# Skoða mál Haga og Samskipa

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur óskað eftir að eftirlitsnefnd með verklagsreglum fjármálafyrirtækja fari yfir endurskipulagningu bankans á Högum og Samskipum.

Með því vill bankinn bregðast við harðri gagnrýni á endurskipulagningu þessara fyrirtækja, segir Brynhildur Georgsdóttir, umboðsmaður viðskiptavina hjá Arion.

Eftirlitsnefndin hefur ekki fengið öll gögn, en búast má við að vinna við yfirferðina hefjist í næstu viku, segir María Thejll, formaður nefndarinnar.

Eftirlitsnefndin á að kanna hvort fjármálafyrirtæki fylgi verklagsreglum við úrlausn skuldavanda fyrirtækja og heimila. Til stóð að byrja á málefnum einstaklinga, en vegna óskar stjórnenda Arion banka verður fjallað um endurskipulagningu fyrirtækja sem bankinn hefur lokið, segir María.

Skoðað verður hvort bankinn hafi fylgt verklagsreglum, og þar með beitt hlutlægni og sanngirni við endurskipulagninguna. Í reglunum er meðal annars fjallað um þau skilyrði sem stjórnendur og eigendur fyrirtækis verða að uppfylla til að fá að taka þátt í endurskipulagningunni.

Gagnrýnt hefur verið hvernig bankinn hefur staðið að endurskipulagningu Haga. Sérstaklega hefur verið gagnrýnt að Jóhannes Jónsson, stjórnarformaður Haga, fái að kaupa allt að tíu prósenta hlut í fyrirtækinu, og aðrir stjórnendur allt að fimm prósent.

Einnig hefur áframhaldandi aðkoma Ólafs Ólafssonar að Samskipum eftir endurskipulagninguna vakið harða gagnrýni.

- bj





BT bæklingurinn

er í blaðinu í dag og einnig á www.bt.is



## SPURNING DAGSINS



*Þráinn, er samband ykkar farið að þrána?*

„Þráinn hefur þránað ef Þráin skyldi kalla.“

Þráinn Steinsson, tæknimaður á Bylgjunni, og Þráinn Bertelsson alþingismaður lentu í orðasennu í útvarpsþættinum Ísland í bítið.

Hegningarhúsið á Skólavörðustíg opið áfram þótt það standist ekki kröfur:

# Undanþága þótt reglur séu brotnar

**FANGELSISMÁL** Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur samþykkt að framlengja undanþágu til þess að hægt sé að nota Hegningarhúsið á Skólavörðustíg áfram til næstu áramóta.

„Fram kom að ekki hefur verið farið að skilyrðum hvað varðar fjölda fanga og að mikið álag hafi verið á húsnæðinu,“ segir í bréfi umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar til Guðmundar Gíslasonar, forstöðumanns Hegningarhússins, eftir skoðun á húsnæðinu og samtöl við Pál Winkel fangelsismálastjóra og Guðmund sjálfan.



**HEGNINGARHÚSIÐ** Hér mega vera tólf fangar auk tveggja gæsluvarðhaldsfanga en nokkuð oft mun farið yfir þau mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Loftræsting er léleg í klefum og verður varla úr því bætt svo viðunandi sé en þær úrbætur sem gerðar voru með því að bora göt neðst á hurðir geta ekki talist fullnægjandi,“ er dæmi um lýsingu umhverfissviðsins á stöðu mála.

Í bréfi til umhverfisráðuneytisins vísar forstöðumaðurinn til þess að ekki hafi orðið úr byggingu nýs fangelsis í Reykjavík eins og til hafi staðið. „Hins vegar er ljóst að það myndi valda verulegri röskun á starfsemi refsivörslukerfisins ef Hegningarhússins nyti ekki við fyrir móttöku og skammtímavistun fanga,“ segir forstöðumaðurinn og bendir síðan á að til standi að opna bráðabirgðafangelsi í Bitru sem töluvert muni létta álagið - gar

Bretar handtaka njósnara:

# Talinn hafa selt ríkisleyndarmál

**BRETLAND, AP Fyrrverandi njósnari bresku leyniþjónustunnar MI6 er sakaður um að hafa reynt að selja ríkisleyndarmál til annarra landa fyrir tvær milljónir breskra punda.**

**Njósnarinn, Daniel Houghton 25 ára, var handtekinn á mánudag þegar hann reyndi að selja upplýsingar til kaupanda sem í raun var breska leyniþjónustan.**

**Saksóknari segir að Houghton hafi fjölfaldað skjöl frá MI5 þegar hann vann erlendis fyrir hönd MI6 á árunum 2007 til 2009.** - ná



**ÚR SÍÐUSTU UMFERÐ** Með sigri í skákinni hefði Ilya Nyzhnyk orðið yngsti stórmeistari í heimi, en hann beið lægri hlut fyrir Jaan Ehlvest. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurskákmótið:

# Hannes meðal sigurvegara

**SKÁK Fjórir urðu efstir á MP Reykjavíkurskákmótinu sem lauk í Ráðhúsinu í gær. Ívan Sokolov frá Bosníu, Júrí Kuzubov frá Úkraínu, Abhijeet Gupta frá Indlandi og Hannes Hlífar Stefánsson urðu efstir og hlutu 7 vinninga úr níu skákum. Ívan Sokolov var úrskurðaður sigurvegari á stigum en efstu menn deila sigurlaununum á milli sín.**

**Keppendur voru 104 talsins, þar á meðal 22 stórmeistarar auk margra ungra og efnilegra skákmanna.**

**Skákveislan heldur áfram því seinni hluti Íslandsmóts skákfélaga fer fram um helgina í Rimaskóla og hefst í kvöld. Búast má við fjölmörgum erlendum keppendum á mótinu.** - pal

Eftirlýsing lögreglu:

# Strokufanginn ekki fundinn

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði enn Guðbjarna Traustasonar, fanga á Litla-Hrauni, í gærkvöld þegar Fréttablaðið fór í prentun. Fjölmargar ábendingar höfðu borist en þær höfðu ekki leitt til handtöku.

Guðbjarni, sem er 27 ára og iðulega kallaður Baddi, er 185 sentimetrar á hæð og um 90 kíló. - jss

# Kærir skólastjóra VÍ fyrir að reka soninn

**Móðir pilts sem rekinn var úr Verzlunarskóla Íslands hefur kært skólastjórann. Hingað og ekki lengra, svarar skólastjórinn, þótt þetta sé sársaukafullt gilda hér reglur. Fimm nemendur voru reknir í einu en tveir fengu að snúa aftur.**

**SKÓLAMÁL** „Ég á mjög bágt með að sætta mig við að skólastjórinn geti tekið sér þetta vald og farið svona með framtíð þessara ungmenna,“ segir Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, móðir pilts sem vikið var úr Verzlunarskóla Íslands.

Alls fimm nemendur voru reknir úr Verzlunarskólanum fyrir tveimur vikum. Ástæðan var léleg mæting sem ekki var bætt þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, bæði munnleg og skrifleg, að sögn Inga Ólafssonar skólastjóra. „Við teygjum okkur að því er sumir segja allt of langt. Þetta gerum við helst aldrei en það kemur að því að það verður að segja hingað og ekki lengra,“ segir Ingi.

Af áðurnefndum fimm nemendum fengu tveir að snúa aftur eftir að í ljós kom að þeir glíma við langvinna sjúkdóma sem skólayfirvöld vissu ekki um, að sögn skólastjórans.

Ingibjörg kveðst hafa kært brottvikninguna til menntamálaráðuneytisins í gær eftir að skólanefndin hafnaði því að taka afstöðu í málinu. Hún telur lög hafa verið brotin á nemendunum auk þess sem reglur skólans heimili ekki brottrekstur. Móðir tveggja annarra nemenda í skólanum hyggst sömuleiðis kæra brottvikningarnar jafnvel þótt hennar börn hafi ekki átt í hlut.

„Í reglunum segir að víkja megi nemendum úr skóla í lengri eða skemmri tíma. Í mínum huga þýðir skemmri tími einn dagur og lengri tími vika,“ segir Ingibjörg, sem er aðstoðarskólastjóri í Ísaksskóla.

„Ég er ekki að segja að það hafi ekkert gengið á áður því þannig var það. En allir þessir krakkar eru virkir í félagslífinu og eru skólanum til sóma. Skólastjórinn hefði vel getað náð sínu fram með brottvikningu í eina viku. Það er afar mikil ábyrgð sem hvílir á honum því þetta er ákveðin stimplun á krakkana og niðurbrot fyrir þau,“ segir Ingibjörg.




**INGIBJÖRG ÝR JÓHANNSDÓTTIR** Sættir sig ekki við að skólastjóri Verzlunarskólans geti rekið nemendur sem mæta illa í skólann. Ingibjörg er aðstoðarskólastjóri í Ísaksskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**INGI ÓLAFSSON**

Nemendurnir þrír áttu allir að útskrifast í vor og geta enn náð því. Skólastjórinn segist hafa orðið við óskum þeirra um að fá að mæta í lokaprófin enda sé framtíð þeirra – menntunarlega séð – í húfi. Hann hafnar því að hafa brotið lög.

„Það hefur verið farið eins mildilega að þessu og frekast er unnt. Ef það endar með því að einhver er rekinn úr skóla þá er það sársaukafullt fyrir alla. Þetta er ekki aðeins sársaukafullt fyrir þessa nemendur heldur er þetta einstaklega sársaukafullt fyrir mig líka því mér er hlýtt til þessara nemenda,“ segir Ingi Ólafsson. gar@frettabladid.is

# Jón Hnefill Aðalsteinsson fallinn frá

Jón Hnefill Aðalsteinsson, prófessor í þjóðfræði, lést á heimili sínu í Reykjavík á þriðjudag, 82 ára að aldri.



Að loknu stúdentsprófi frá MA 1948 nam Jón Hnefill trúarbragðasögu, trúarlífssálfræði, heimspeki, guðfræði og þjóðfræði við Stokkhólmsháskóla, Háskóla Íslands og Uppsalaháskóla.

Hann var um skeið prestur á Eskifirði en sneri sér fljótlega að kennslu og fræðistörfum. Hann varð dósent í þjóðfræði við HÍ 1988 og prófessor 1992.

Jón Hnefill var kvæntur Svövu Jakobsdóttur rithöfundi en hún lést 2004. Þau áttu saman einn son en Jón átti tvo syni af fyrra hjónabandi.

## LÖGREGLUMÁL

### Enn óvíst með Ásbjörn

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur ekki haft tíma til að leggjast yfir mál Ásbjarnar Óttarssonar alþingismanns, sem hefur viðurkennt misferli í rekstri fyrirtækis síns. Því hefur ekki verið ákveðið hvort hann verði ákærður eða ekki. Það verður gert á næstunni, segir Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari.

## DÓMSTÓLAR

### Rifbraut mann með spörkum

Maður um tvítugt hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að ráðast á mann og sparka ítrekað í hann liggjandi. Maðurinn rifbrotnaði og hlaut tvö sár á höfði.





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


Fjármálaeftirlitið tekur yfir stjórn VBS fjárfestingarbanka og skipar nýja stjórn:

# Skuldar ríkinu 26 milljarða

**VIÐSKIPTI** Fjármálaeftirlitið (FME) hefur tekið yfir rekstur VBS fjárfestingarbanka og skipað bankanum nýja stjórn til bráðabirgða að ósk stjórnar bankans.

„Fjárhagsleg staða bankans er þröng, og hefur verið lengi,“ segir Jón Þórisson, forstjóri VBS. Uppgjöri síðasta árs er ekki lokið, en Jón segir að eiginfjárhlutfall bankans sé yfir lögbundnu átta prósenta lágmarki.

Unnið hefur verið að endurskipulagningu bankans í nokkurn tíma. Jón segir að lítið sé á yfirtöku FME sem áfanga í endurskipulagningunni, enda muni það auka trúverðugleika ferlisins.

Fyrir tæplega einu ári fékk VBS 26 milljarða króna lán hjá Seðlabanka Íslands til sjö ára. Með því láni endurfjármagnaði bankinn skuld sína vegna endurhverfra viðskipta við Seðlabankann. Þá tók VBS lán hjá Seðlabankanum og lánaði áfram til viðskiptabankanna, eftir að lokað hafði verið fyrir lán til bankanna.

Jón segir yfirtöku FME ekki hafa áhrif á það lán, öðruvísi en að hún tryggi frekar endurgreiðslur á láninu. Veð fyrir láninu séu í lánasafni VBS, reiðufé og fleiru.

„Bankinn var kominn í fjárhags- og rekstrarvanda,“ segir Gunnar Andersen, forstjóri FME. Hann segir bókfært eigið fé jákvætt, en greiðslustaðan sé erfið.

Heildarskuldir VBS eru í dag um 39 milljarðar króna, segir Gunnar. Tveir þriðju hlutar skuldarinnar eru 26 milljarða króna lán Seðlabankans og tekjur bankans ekki nægar til að standa undir skuldinni við Seðlabankann.



**GUNNAR ANDERSEN**



**JÓN ÞÓRISSON**

Bráðabirgðastjórnin fer með völd stjórnar og hluthafafundar, og getur því skipt um stjórnendur telji hún þörf á því. Stjórnin starfar í þrjá mánuði í mesta lagi, og ákveður hvort bankinn starfi áfram eftir endurskipulagningu, eða leiti nauðarsamninga. - bj

# TAX FREE

## AF INNIMÁLNINGU

**TAX FREE**
**ódýrt að mála fyrir páska!**

**HEFST Í DAG**
GILDIR FIMMTUDAG
TIL SUNNUDAGS
AF ALLRI
INNIMÁLNINGU




HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 03.03.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 127,49 | 128,09 |
| Sterlingspund | 191,64 | 192,58 |
| Evra | 173,59 | 174,57 |
| Dönsk króna | 23,323 | 23,459 |
| Norsk króna | 21,470 | 21,596 |
| Sænsk króna | 17,693 | 17,797 |
| Japanskt jen | 1,4344 | 1,4428 |
| SDR | 195,37 | 196,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 229,1888

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sakborningarnir í stóra gjaldeyrissvikamálinu nýttu sér synjun Svía á beiðni um kyrrsetningu eigna:

# Forðuðu 145 milljónum undan lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn sem lögregla hefur grunaða um stórfelld gjaldeyrissvik tæmdu þrjá sænska bankareikninga og fluttu féð annað eftir að dómstólar þar ytra höfnuðu beiðni frá lögreglu um að féð yrði kyrrsett. Á reikningunum voru um 145 milljónir króna og hefur lögreglan reynt að rekja hvert féð er farið, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ekki hefur tekist að kyrrsetja það annars staðar.

Féð var fyrst fryst í þrjá daga eins og sænsk lög gera ráð fyrir á meðan úrskurðar dómara er beðið. Dómari hafnaði hins vegar beiðninni vegna þess að sænsk yfirvöld gera kröfu um svokallað tvöfalt refsinæmi, það er að meint háttsemi mannanna sé ekki bara refsiverð á Íslandi heldur líka í Svíþjóð. Meint lögbrot þeirra hér, að miðla gjaldeyri án leyfis Seðlabankans, er hins vegar ekki lögbrot í Svíþjóð.

Síðan hefur íslenska lögreglan fundið leið til að kyrrsetja eignir einstaklinga þar ytra með því að láta fullnusta íslenska kyrrsetningarúrskurði í Svíþjóð. Þetta hefur verið gert við sænskan bankareikning eins hinna þriggja sakborninga, sem á voru um þrjátíu milljónir króna. Ekki var hægt að fara þessa leið með reikning Karls Löve Jóhannssonar, sem á voru um 20 milljónir, enda hafði hann þegar tæmt hann.



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Synjun þýðir að ekki er hægt að kyrrsetja eignir félagsins Aserta og tengds félags, sem samanlagt nema um 125 milljónum, vegna þess að félögin eru skráð í Svíþjóð og eiga engar eignir hérlendis. Reikningar þeirra félaga voru einnig tæmdir.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota, segir að ákvörðun Svíanna breyti engu um grundvöll málsins hér á Íslandi. „En það er augljóst að þetta dregur töluvert mikið úr möguleikunum á að endurheimta þennan ávinning," segir hann. Talið er að heildarávinningur fjórmenninganna af braskinu nemi um 1,7 milljörðum króna. Hátt í hundrað milljónir hafa verið kyrrsettar á reikningum hérlendis. - sh



**SAMIÐ UM KAUPIN** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, og Stefán Smári Skúlason frá Vistor, handsala samninginn. MYND / LANDSPÍTALINN

Nýtt sneiðmyndatæki á LSH:

## Bætir greiningu sjúkdóma

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt tölvusneiðmyndatæki verður tekið í notkun á Landspítalanum í byrjun maí. Skrifað var undir samning um kaup á nýja tækinu í gær. Tækið mun leysa annað eldra á spítalanum af hólmi.

Tölvusneiðmyndatæki gefa þversniðs- og þrívíddarmyndir af líffærum. Hið nýja tæki er af fullkomnustu gerð og mun bæta greiningu sjúkdóma hjá skjólstæðingum Landspítala umtalsvert, að því er segir í fréttatilkynningu.

Tækið er framleitt af Philips-lækningatækjum og er Vistor umboðsaðili þeirra á Íslandi.

### ÁRÉTTING

Rétt er að taka fram, í framhaldi af skrifum um Birtu Björnsdóttur fatahönnuð, að móðir hennar heitir Eygló Eyjólfsdóttir.

### LEIÐRÉTTING

Byggingarmagn fyrir nýbygginguna Listaháskólans sem fyrirhugað er að reisa við Laugaveg var ofreiknað í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins, í gær. Hið rétta er að tillagan gerir ráð fyrir 9.800 fermetra byggingu ofanjarðar og 4.250 fermetrum neðanjarðar. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Hætta á gjaldeyrisþurrð ef erlendu lánin berast ekki

**Frestun á endurskoðun áætlunar AGS hefur staðið framkvæmdum fyrir þrifum. Skortur á lánsfé hamlar söfnun gjaldeyrisforða. Greiðslubyrði ríkisins mikil á næstu árum vegna langtímalána. Icesave hefur tafið uppbygginguna. Hagfræðiprófessor segir nýja áætlun nauðsynlega fáist Norðurlandalánin ekki fljótlega.**

**EFNAHAGSMÁL** Tafir á endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hafa valdið efnahagslegum búsifjum. Þetta segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. Þetta er samhljóma mati hagfræðinga Alþýðusambandsins sem kynnt var í síðustu viku.

Gylfi segir að verulegur kostnaður hafi hlotist af töfinni. Talsvert snúið sé að meta hann í krónum og aurum, en tvímælalaust hafi töfin seinkað hagvexti og ýmsum framkvæmdum. Vextir séu hærri, krónan veikari og atvinnuleysi meira fyrir vikið. Hagur ríkissjóðs sé almennt verri vegna þessa.

Gylfi segir það áhyggjuefni að það fé sem ekki tekst að skapa, á meðan hagvöxtur og þjóðarframleiðsla eru niðri, sé tapað fé. Það fáist ekki aftur. Hann segir töf á Icesave, sem aftur hafi tafið endurskoðun áætlunarinnar, skaðlega. Hefði verið gengið frá málinu síðasta vor mætti gera ráð fyrir að gjaldeyrishöftin væru horfin eða verulega minni.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir efnahagsáætlunina fela í sér að þjóðin verði ekki fyrir sama skelli til skamms tíma og annars hefði orðið. Aðkoma AGS auki trúverðugleika efnahagsstefnunnar og lán frá Norðurlöndunum hafi, samkvæmt áætlun, átt að verja lífskjör og skapa aðstæður til að létta á gjaldeyrishöftum.



GYLFI MAGNÚSSON



GYLFI ZOËGA

„Ef þessi lán fást ekki og aðgangur ríkisins að erlendum lánsfjármörkuðum helst lokaður, og Norðurlöndin standa fast á því að vilja ekki lána íslenska ríkinu frekar, þá þarf að fara aftur að teikniborðinu og búa til aðra efnahagsáætlun."

Gylfi segir að slík áætlun mundi líklega felast í enn frekari lækkun þjóðarútgjalda til að afla gjaldeyris. Þetta sé unnt að gera með lækkun gengis krónunnar, skattahækkunum eða niðurskurði ríkisútgjalda. Lífskjör myndu skerðast enn frekar.

Markmið áætlunarinnar hafi verið að nýta stöðugleika í efnahagslífinu til að treysta fyrirtæki, atvinnurekstur og fjármálakerfi. „Slík uppbygging krefst pólitískrar sáttar, að unnið sé eftir trúverðugri áætlun og stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar leggist á eitt við að styðja við uppbyggingu fyrirtækja og atvinnulífs í landinu."

Gylfi Magnússon segir vissulega mikil ríkisútgjöld framundan, ekki síst vegna langtímalána. Hann telji þó að um leið og hnúturinn varðandi endurskoðun AGS leysist rakni úr vandanum. Ríkissjóður ætti þá að geta endurfjármagnað há lán sem verður að gera í lok árs 2011 og á árinu 2012.




Samkvæmt minnisblaði Seðlabanka Íslands frá 18. desember námu skuldir þjóðarbúsins 5.150 milljörðum króna um áramótin, eða 320 prósentum af vergri landsframleiðslu. Þar eru meðtaldar skuldir einkafyrirtækja.

Í minnisblaðinu var gert ráð fyrir að Icesave-skuldin (brúttó) yrði um 800 milljarðar króna um áramótin síðustu. Sé reiknað með 88 prósent heimtum eigna gamla Landsbankans verði sú tala 230 milljarðar um næstu áramót. Í dag er reiknað með yfir 90 prósent heimtum.

Hrein erlend staða verði neikvæð um tæplega 1.450 milljarða króna í árslok 2010, sem nemur 91 prósenti af vergri landsframleiðslu. kolbeinn@frettabladid.is






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HLÝNAR Í VEÐRI**

Suðvestanáttin verður ríkjandi á landinu næstu daga með stífum vindi og vætu um vestanvert landið og tilheyrandi hlýindum. Á morgun má búast við allt að 10 stiga hita þar sem mildast verður.




**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 18° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 2° |
| Billund | -1° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 5° |
| Orlando | 16° |
| Ósló | -5° |
| París | 7° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Þrefaldir

## Vildarpunktar Icelandair hjá Olís 4.–14. mars



**-7 kr.**
**Í DAG**
**AF ELDSNEYTISLÍTRANUM MEÐ STAÐGREIÐSLUKORTINU**

VISA Vildarklúbbur

### Vildarkorthafar VISA og Icelandair fá þrefalda punkta þegar þeir versla hjá Olís, dagana 4.–14. mars.

Staðgreiðslukorthafar safna sjálkfrafa Vildarpunktum Icelandair. Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma **515 1141.**

### Staðgreiðslukort Olís




Það borgar sig að vera með Staðgreiðslukort Olís. Korthafar fá alltaf fastan þriggja króna afslátt af eldsneytislítranum, safna Vildarpunktum og fá 5% afslátt af vörum*. Reglulega býður Olís svo Staðgreiðslukorthöfum veglegri afslátt af eldsneyti eins og í dag – og tilboð á matvöru eða öðrum vörum.

*Nema af tóbaki, tímaritum, símakortum og happdrætti.

PIPAR\TBWA • SÍA • 100559

*Við höldum með þér!*

olís

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú boðuð verkföll flugumferðarstjóra?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 21% |
| NEI | 79% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að kjósa um Icesave-lögin?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Dæmdir á skilorð og til að greiða samtals rúmlega 208 milljónir í sektir:

# Stjórnendur Jarðvéla dæmdir fyrir skattalagabrot

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi framkvæmdastjóri og stjórnarformaður verktakafyrirtækisins Jarðvéla hafa verið dæmdir í eins árs skilorðsbundið fangelsi og til að greiða hvor um sig rúmar 104 milljónir króna í sekt fyrir skattalagabrot.

Mennirnir tveir, framkvæmdastjórinn Karl Stefán Hannesson, 60 ára, og stjórnarformaðurinn Vilhjálmur Kristinn Eyjólfsson, 55 ára, eru dæmdir fyrir að standa ekki skil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum sem samtals nema yfir 104 milljónum á nokkurra mánaða tímabili árið 2007.

Báðir mennirnir viðurkenndu að hafa í störfum sínum borið ábyrgð á rekstri fyrirtækisins, en neituðu hins vegar sök og sagðist hvorugur hafa séð um að stýra fjármálum þess.

Karl Stefán benti á feðgana Vilhjálm Kristin og Vilhjálm Þór Vilhjálmsson, sem árið 2007 keyptu Jarðvélar í gegnum félagið Toppinn ehf. Vilhjálmur benti á móti á Karl Stefán og einn þriggja prókúruhafa félagsins sem sökudólga.

Dómurinn kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að sem stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Jarðvéla hafi Karli og Vilhjálmi borið rík skylda til að halda rekstrinum í horfinu og standa skil á skattgreiðslunum. Eru þeir því fundnir sekir. Greiði þeir ekki sektirnar innan fjögurra vikna skulu þeir sitja í fangelsi í sex mánuði. **- sh**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ALLT BÚIÐ** Jarðvélar höfðu með höndum vinnu við tvöföldun Reykjanesbrautar, en þegar fyrirtækið komst í þrot stöðvaðist vinnan þar tímabundið.










Varsjá og Kraká
Páskaferð
27. mars - 3. apríl
Fararstjóri: Óttar Guðmundsson læknir
Verð á mann í tvíbýli:
129.500 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í Varsjá og Kraká ásamt morgunverði, akstur til og frá flugvelli, akstur á milli borganna og íslensk fararstjórn.
Fleiri dagsetningar og nánari upplýsingar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



N1 Deildin 2009 - 2010

KARLAR

Fimmtudagur

| | | |
|---|---|---|
| Digranes | HK - Akureyri | 18:30 |
| Mýrin | Stjarnan - Grótta | 19:30 |
| Framhús | Fram - FH | 19:30 |
| Ásvellir | Haukar - Valur | 19:30 |



512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...


# Tilfellin erfið þegar aflima þarf í rústum

**Íslensk sendinefnd með fulltrúum stjórnvalda og íslenskra fyrirtækja ferðast nú um þau svæði Kína sem harðast urðu úti í jarðskjálftum í maí 2008. Heimsótt var endurhæfingarstöð þar sem fólki er hjálpað með stoðtækjum Össurar.**

**UTANRÍKISMÁL** Fulltrúar íslenskra stjórnvalda og fyrirtækja ferðast nú um Sichuan-fylki í suðvestur Kína til að fylgja eftir samstarfi Íslendinga og Kínverja við uppbyggingu á jarðskjálftasvæðum. Jarðskjálfti sem nam átta á Richter reið yfir í Kína í maíbyrjun 2008 með þeim afleiðingum að tugþúsundir létust og milljónir misstu heimili sín.

Sendinefndin heimsótti í gær endurhæfingarmiðstöð í Chengdu, höfuðborg fylkisins, en þar hefur stoðtækjafyrirtækið Össur starfað með góðgerðasamtökunum Stand Tall frá Hong Kong.

Að sögn Árna Alvars Arasonar, framkvæmdastjóra Össurar í Asíu, hafa þegar um 300 manns fengið þar meðferð. Um er að ræða fólk sem slasaðist mikið, eða missti útlimi. Árni er jafnframt formaður Íslenska viðskiptaráðsins í Kína.

Árni Almar segir Össur hafa allmikla reynslu af hjálparstarfi á jarðskjálftasvæðum, en þar sé oft unnið við afar erfiðar aðstæður. „Oft eru þetta einstaklingar sem missa útlimi við erfiðar aðstæður. Þannig getur verið um að ræða fólk sem þarf að aflima í sjálfum rústunum til að bjarga því. Í slíkum tilvikum er endurhæfingin erfið og getur tekið langan tíma.“

Að sögn Árna Alvars er fjármagn sjaldnast erfiðasti hjallinn við hjálparstarf eftir hamfarir líkar þeim sem yfir gengu í Kína, heldur framkvæmdin og að finna rétta samstarfsaðilann. „Í byrjun eru margir boðnir og búnir, en vandinn eykst þegar kemur að eftirfylgninni,“ segir hann, en Össur komst í samband við lækna í Hong Kong sem ákváðu að fara af stað með hjálparstarf undir heitinu Stand Tall. „Og þeir ætla sér raunar stærri hluti í að færa þekkingu til Chengdu og byggja endurhæfingarspítala. Áskorunin er að tryggja eftirfylgni og aðgang að vörum til lengri tíma.“

Árni Alvar segir að starfsfólk Össurar hafi verið í Chengdu og unnið með fólki á staðnum, meðal annars við þjálfun í um fimm mánaða skeið á meðan verkefninu var komið á legg. Hann segir þetta þó ekki góðgerðastarf af hálfu Össurar nema í bland, því fyrirtækið selji framleiðsluvörur sínar. „En það er hins vegar töluverð ákvörðun að fara af stað í svona aðstæðum því leggja þarf meira í þjálfun en venjulega er gert.“ Þá segir hann Össur í raun starfa utan þess markaðssvæðis sem áhersla er lögð á í svona verkefni, en auk samstarfsins við Stand Tall þá hefur Össur einnig hafið samstarf við Rauða krossinn í Hong Kong.

**olikr@frettabladid.is**



**Í ENDURHÆFINGU** Konan sem hér sést missti eignmann sinn í skjálftanum sem skók Kína í maí 2008. Hún sat föst í rústum og missti mátt í báðum fótum, en lærir nú að ganga á ný með hjálp stoðtækja frá Össuri. MYND/ÖSSUR

## AFHENDA BARNASKÓLA

Binghua Hope-barnaskólinn í Sichuan-fylki í Kína verður afhentur með viðhöfn á morgun, föstudag. Skólinn er byggður fyrir framlög íslenskra fyrirtækja í Kína, sem starfa saman undir merkjum Íslenska viðskiptaráðsins (IBF), en auk þeirra tóku þátt í verkefninu utanríkisráðuneytið og einstaklingar. Unnið var að byggingu skólans í samvinnu við China Youth Development Foundation (CYDF) og staðaryfirvöld í Sichuan. Kristín A. Árnadóttir, sendiherra í Kína, afhendir skólann.

Hugmyndin að byggingu skólans mun hafa orðið til í íslenska sendiráðinu í Kína eftir hamfarirnar sem urðu í Sichuan-fylki 12. maí 2008 þegar þar reið yfir jarðskjálfti. Tæplega 70 þúsund manns fórust og milljónir misstu heimili sín. Gríðarleg eyðilegging varð á mannvirkjum og þurfti mikið og samstillt átak til að reisa við mannlíf á þessu svæði. Kölluð voru til íslensk fyrirtæki í Kína og hafin söfnun fjár til byggingar barnaskóla.

Binghua Hope-skólinn er í Huidong-sýslu, í suðurhluta Sichuan, en skólinn þar var að hruni kominn eftir skjálftann og ónothæfur með öllu.

Kona um fertugt ákærð fyrir fjársvik í Héraðsdómi Austurlands:

# Sveik út á greiðslukort sýslumanns

**DÓMSMÁL** Tæplega fertug kona hefur verið ákærð fyrir Héraðsdómi Austurlands fyrir fjársvik. Hún notaði greiðslukortanúmer af Master Card greiðslukorti á nafni embættis sýslumannsins í Stykkishólmi og lét skuldfæra andvirði varnings á greiðslukortareikning sýslumannsembættisins. Hún mætti við þingfestingu málsins í héraðsdómi í fyrradag og játaði sök.

Konan notaði greiðslukortanúmer sýslumannsembættisins í september á síðasta ári. Út á það sveik hún vörur í fjögur skipti í fyrirtækjum á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað. Varningurinn sem hún sveik út var að verðmæti nær hundrað þúsund krónur.

Þá er konan ákærð fyrir að reyna að svíkja út vörur fyrir tæpar 27 þúsund krónur í einni verslun til viðbótar í Neskaupstað. Enn var hún á ferðinni með fólki á staðnum, en hún ætlaði að fá greiðslukortanúmer sýslumanns en tókst ekki að fá varninginn afgreiddan.

Í málinu gera tvö fyrirtækjanna sem konan sveik vörur út úr kröfu um skaðabætur. Annars vegar Húsasmiðjan sem krefst þess að hún verði dæmd til að greiða 26 þúsund krónur. Hins vegar Lindarbrekkufrænkur ehf. á Eskifirði sem krefja hana um rúmar sex þúsund krónur. **- jss**



**GREIÐSLUKORT** Konan hafði orðið sér úti um greiðslukortanúmer embættisins.

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**29.990kr**
GOTT VERÐ

**OLYMPUS**

**Myndavél** FE4030BLE

- 14 MegaPixel
- Ultra-Slim Body - Ótrúlega nett
- TruePic III image Örgjörvi
- 4x Optical Zoom
- Brennivídd 4.65 - 18.6 mm (samb:. 35mm: 26-105mm)
- 1/2.33 '' CCD flaga
- 14 Mismunandi töku möguleikar
- Intelligent Auto Mode
- Advanced Face Detction - Þekkir andlit og aðlagar skýrleika
- Stór 2.7" LCD skjár með 230.000 punktum
- Digital Image Stabilisation Plus: Hristivörn
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480 @ 30FPS)
- Sjálfvirkt ISO 100-1600
- Innbyggt flass með Red Eye Reduction
- Lithium hleðslurafhlaða(LI-42B), hleðslutæki, USB(7) og AV kaplar, ól, leiðbeiningabæklingur og hugbúnaður fylgir
- Styður SD og SDHC kort (46MB innbyggt minni)

**PHILIPS**

**Sléttujárn** HP8300

- Keramik húð
- Professional styling temprature að 180°C
- Aðeins 30sek. að hitna
- Stafræn hitastilling



**5.990kr**
GOTT VERÐ

**PHILIPS**

**Hárblásari** HP8180

- 2100w Professional hárblásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðveldur að hreinsa



**5.990kr**
GOTT VERÐ



**8.990kr**
GOTT VERÐ

**UNITED**

**Ferðaútvarp** RCD6408RA

- Útvarp með geislaspilara
- Gamaldags kasettutæki
- Heyrnatólstengi
- Gengur fyrir straum eða rafhlöðum
- Litur: Rauður



**Melissa**

**Hársnyrtisett** 635097

- Flott 5 í 1 hársnyrtisett
- Keramik húðað, 2 hitastig
- 19mm og 25mm krullujárni og sléttujárni ásamt aukahlutum
- Auðvelt í notkun

**4.990kr**
GOTT VERÐ




**27.990kr**
GOTT VERÐ

**UNITED**

**Sjónvarpsflakkari 640GB** MMP9530

- Nettur háskerpu sjónvarpsflakkari • Tekur 3.5" harða diska
- Margmiðlunarspilari • Spilar kvikmyndir, ljósmyndir og tónlist
- Styður MPEG1/2/4 avi (DivX, XviD) .dat, .vob (DVD), MP3, WMA, AC3, WAV, JPEG • Upplausn: 720p/1080i (High Definition)
- Innbyggður kortalesari sem spilar beint af SD/MMC minniskortum
- Stuðningur fyrir texta (subtitles) • Composite, HDMI og Optical tengi
- PAL & NTSC stuðningur • FAT32 eða NTFS skráarkerfis stuðningur
- Aðgerðahnappar á tæki og fjarstýringu • Skráarflutningur með USB 2.0 (Windows, MacOs, Linux)




**27.990kr**
GOTT VERÐ

**CASIO**

**Myndavél** EXZ90

- Stafræn myndavél með 12,1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 4.0
- Auto BESTSHOT 32 myndstillingar
- CCD Shift STABILISATION - Hristivörn
- Betri focus með Advanced Auto Framing
- Make-up Mode
- Dynamic Photo function
- Face Detection function
- Mjög bjartur og skýr 2,7" Super Clear LCD Widescreen skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- ISO 64-1600
- Linsa: F3.1 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 35 - 105mm)
- HD hreyfimyndataka (upplausn: 16:9 1280x720 - 30fps)
- YouTube™ Capture Mode
- Rafhlaða sem endist 230 myndir
- 35.7MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgir

**TOSHIBA**

**32" LCD sjónvarp**

32AV605PG

- 32" 16:9 LCD sjónvarp
- Active Vision
- HD-Ready 720p
- Upplausn: 1366x768p
- Skerpa: 18.000:1
- Svartími: 8ms
- Birtustig: 500cd/m²
- Sjónsvið: 178°
- 20w stereó hljóðkerfi
- VGA(PC) tengi - Auðvelt að tengja við tölvu
- 2x HDMI & 2x scart tengi
- Component, Composite & heyrnatólstengi



**109.990kr**
GOTT VERÐ

**UNITED**

**22" LCD sjónvarp með DVD spilara** 22DD91HD

- 22" LCD sjónvarp
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1680x1050
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- Sjálfvirk leit
- Fjarstýring
- HDMI, scart, S-Video & VGA(PC) tengi




**69.990kr**
GOTT VERÐ

Gildir til 10. mars á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvað heitir formaður samninganefndar Íslendinga um Icesave?*

2 *Hvaða handknattleiksmaður vinnur nú að bók um feril sinn?*

3 *Hvar er erfðasjúkdómurinn CTD landlægur?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Samtök iðnaðarins telja samdrátt í byggingariðnaði nema um 75 prósentum:

# Lítið um efndir ráðamanna

**FRAMKVÆMDIR** „Það sígur áfram á ógæfuhliðina. Mannvirkjagerðin er á hliðinni og fátt sem bendir til að sú skúta fari að rétta sig af.“

Þetta segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um ástand mála í byggingariðnaði. Gjaldþrot í greininni eru algeng og uppsagnir hjá þeim sem eftir standa tíðar. Sem dæmi má nefna að þrettán var sagt upp hjá verktakafyrirtækinu Magna í síðustu viku og var haft eftir forstjóra félagsins á RÚV að líklega yrði þeim sem eftir stæðu sagt upp um næstu mánaðamót.



JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON

Jón Steindór átelur stjórnvöld fyrir seinagang. Til hafi staðið að bjóða út tilteknar vegaframkvæmdir í heilt ár án þess að nokkuð hafi gerst. Sama eigi við um samgöngumiðstöð á Reykjavíkurflugvelli. „Hún var fyrsta framkvæmdin sem átti að ráðast í eftir hrun af því að hún þótti svo handhæg. Enn er hún bara í kollinum á einhverjum. Það er lítið um efndir,“ segir Jón Steindór.

Eitthvað er um að fyrrverandi starfsmenn íslenskra verktakafyrirtækja hafi leitað eftir vinnu í útlöndum en Jón Steindór segir ekki hlaupið að slíku. „Aðrir hafa orðið fyrir búsifjum þótt ekki sé það í líkingu við það sem hefur orðið hér. Danir tala um 25 prósenta samdrátt og eru í öngum sínum en ætli það séu ekki 25 prósent eftir hjá okkur.“ - bþs

Stofnaði lífi manns í hættu:

# Komst undan á hlaupum

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að stofna lífi og heilsu annars manns í hættu.**

**Sá ákærði ók í tvígang bíl sínum á bifreiðastæði á Raufarhöfn á 30 til 40 kílómetra hraða í áttina að manninum, sem tókst að komast undan á hlaupum og forða sér.**

**Til vara er glæfraakstursmaðurinn ákærður fyrir hótun með því að hafa með háttsemi sinni hótað hinum manninum líkamsmeiðingum.** - jss

Catalina fyrir dómi:

# Allt að átta ár fyrir mansal

**DÓMSMÁL** Catalina Mikue Ncogo, sem nú er fyrir Héraðsdómi Reykjaness, getur átt yfir höfði sér allt að átta ára fangelsi verði hún fundin sek um mansal.



CATALIN NCOGO

Catalina er, auk mansalsins, ákærð fyrir hagnýtingu vændis, frelsissviptingu, ólögmæta nauðung og tvær líkamsárásir, auk þess að hafa hrækt á lögreglumann eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Hún neitar sök. Þinghald yfir henni var lokað að frumkvæði dómara, sem er venjan í kynferðisbrotamálum. Það er gert til verndar brotaþolum. - jss

Undirskriftasöfnun um tvöföldun Suðurlandsvegar:

# Fluttu þakkir 27 þúsund Íslendinga

**SAMGÖNGUR** Kristján L. Möller samgönguráðherra tók í gær á móti þremur fulltrúum undirskriftasöfnunar vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar.

„Fyrir hönd þeirra 27 þúsund Íslendinga sem skorað hafa á Alþingi og ríkisstjórn að ráðast í tvöföldun Suðurlandsvegar viljum við þakka samgönguráðherra hr. Kristjáni Möller fyrir þann áfanga sem nú hefur verið ákveðið að bjóða út,“ sagði í ávarpi þremenninganna sem afhentu ráðherra einnig allar undirskriftirnar. „Jafnframt treystum við því að framhaldið verði farsælt og óhindrað,“ bættu gestirnir við í ávarpinu. - gar



**RÁÐHERRA MEÐ GESTUM** Kristján L. Möller samönguráðherra ásamt Hannesi Kristmundssyni og Eyþóri Arnalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**DR. JÓN JÓHANNES JÓNSSON** Sýnir hér raðmassagreininn sem greinir hvort merki um CTD finnst í blóðprufu. Hann minnir á að fólk þurfi ekki að láta prófa sig nema það sé færeyskt í báðar ættir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sjúkdómurinn sjaldgæfur hér

**Margir hafa haft samband við Landspítalann til að koma í prufu vegna CTD. Kári Stefánsson segir veikina ekki koma fram nema CTD hafi verið í báðum foreldrum. Íslendingar þurfi ekki að óttast veikina.**

**FÆREYJAR** Fjölmargir Færeyingar hafa haft samband við Landspítalann síðustu daga til að fá að koma í CTD-skimun, blóðprufu vegna sjaldgæfs arfgengs sjúkdóms, sem herjar á Færeyinga öðrum fremur.



KÁRI STEFÁNSSON

Áhyggjufullir Íslendingar hafa einnig hringt á sjúkrahúsið, en þeir þurfa fæstir að hafa áhyggjur af CTD, segja bæði Kári Stefánsson, stjórnarformaður Íslenskrar erfðagreiningar, og Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir á Landspítala.

„Þetta eru örfáir einstaklingar sem eru með sjúkdóminn. Hann er sjaldgæfur og því þekkja fáir íslenskir læknar til hans,“ segir Jón Jóhannes. „Það er rétt að ítreka að sá hópur sem ætti að nýta sér þetta próf eru þeir sem eru Færeyingar í báðar ættir,“ segir hann. Ekki Íslendingar sem eiga til dæmis einn færeyskan forföður.

Kári Stefánsson, stjórnarformaður Íslenskrar erfðagreiningar, segir CTD vera klassískan víkjandi blóðsjúkdóm sem hafi ekki orðið viðfangsefni Íslenskrar erfðagreiningar.

„Hann er mjög sjaldgæfur og töluvert háður því að það sé einhvers konar skyldleiki meðal foreldra,“ segir hann. Ástæðu þess að hann fyrirfinnist í Færeyingum megi líklega rekja til þess að fáir einstaklingar hafi numið land í Færeyjum á sínum tíma.

„Og einhver tiltölulega stór hluti þeirra verið með þessa stökkbreytingu. Síðan hafa einhverjir af þessum arfberum komið saman og þá eru 25 prósenta líkur á að afkvæmi þeirra fái þetta,“ segir hann.

Eins og fram hefur komið í blaðinu síðustu daga hafi færeyska landstjórnin hvatt alla Færeyinga til að fara í blóðprufu vegna CTD-sjúkdómsins.

Carnitine Transporter Deficiency getur í sumum tilfellum dregið fólk til dauða nánast fyrirvaralaust. Meðal einkenna er slappleiki í vöðvum, skert lifrarstarfsemi og hjartsláttartruflanir. CTD-sjúkdómurinn er hundraðfalt algengari í Færeyjum en víðast annars staðar, eða einn sjúkur af sjö hundruð heilbrigðum. klemens@frettabladid.is

## MISSTI DÓTTUR

John Jensen er Færeyingur búsettur í Danmörku. Dóttir hans Heidi lést á sjúkrahúsi í Esbjerg í desember árið 2000, þrítug að aldri.

Hjartað í Heidi stöðvaðist fyrst í september 1990. Eftir mánaðardvöl á sjúkrahúsi tóku við tveir mánuðir á Ríkisspítalanum. Niðurstaða allra lækna var sú að ekkert athugavert væri við hjartað í Heidi.

Ári síðar stöðvaðist hjartað aftur og læknar komu með kenningar um hugsanlegar ástæður sem ekki stóðust. Hún var þrjá mánuði á sjúkrahúsi og upp frá því þurfti hún að koma þangað fjórum sinnum á ári í meðferð.

Í tíu ár fékk Heidi að lifa, segir faðir hennar í bréfinu, en aldrei var minnst á CTD við hana.

Það var ekki fyrr en bróðir hennar, Edmund, komst að því árið 2008 að hann væri með CTD sem þau vissu hvað hefði amað að Heidi.

*Þetta kemur fram í kvörtunarbréfi sem John Jensen hefur sent dönskum heilbrigðisyfirvöldum og birtist á Sandportal.fo í janúar síðastliðnum.*



ISUZU

# ER HÆGT

## AÐ GERA MEIRI KRÖFUR,

### 3JA TONNA DRÁTTARGETA, MINNI EYÐSLA OG FRAMÚRSKARANDI ENDING



Isuzu D-Max hefur getið sér góðs orðs fyrir áreiðanleika, notagildi og lága eldsneytiseyðslu. Hann er búinn 3ja lítra dísilvél sem skilar 163 hestöflum við 3600 snúninga á mínútu.
D-Max getur dregið allt að 3 tonnum.

D-Max er með Ellipsoid framljós sem gefa sterkari geisla, tvöfaldir SRS loftpúðar eru fyrir ökumann og farþega og ABS hemlar eru staðalbúnaður. Isuzu D-Max er búinn öflugu fjórhjóladrifi og með takka í mælaborði er fjórhjóladrifið tengt og aftengt. Eigum nokkra eftirársbíla eftir á lager.

## ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **3.690.000** kr.



B&L og Ingvar Helgason - Sævarhöfða 2 - 110 Reykjavík
525 8000 - www.bl.is - www.ih.is

INGVAR HELGASON

B&L og IH áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara. Búnaður á mynd endurspeglar ekki verðlistaverð.



**NÆR SÉR Í MJÓLK** Tæplega mánaðar gamalt gíraffafolald í dýragarði í Yokohama í Japan nær sér í næringu hjá móður sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, segir heimilin í landinu verða fyrir miklum búsifjum af núverandi kerfi:

# Vill að verðtryggingin verði afnumin

**EFNAHAGSMÁL** Í kjölfar efnahagshrunsins hefur orðið gríðarlegt tekjutap opinberra aðila og heimila í landinu. Eina fjárhagslega stærðin sem stendur eftir varin fyrir vindum er fjármagnið sjálft.

Því er eitt brýnasta úrlausnarefni samfélagsins að ná fjármagnskostnaði niður. Því þarf að afnema verðtrygginguna krónunnar. Svo segir Ögmundur Jónasson, þingmaður VG.

„Ég hef alla tíð verið efins um þetta þar til nú. Verðtryggingin er að valda óþolandi búsifjum hjá fólki. Þetta verður að gerast,“ segir hann.

Ögmundur vill nota íslenska krónu áfram. Spurður hvernig eigi að tryggja lífeyrissparnað í óverðtryggðu kerfi, með landlæga verðbólgu, segir hann:

„Það hefur ekki alltaf verið verðbólga á Íslandi, henni var náð niður með samstilltu átaki á tíunda áratugnum. Það á að vera hægt að hafa hemil á verðbólgu ef gætni er við efnahagsstjórnina.“

Ögmundur nefnir stóriðjustefnu sérstaklega sem orsök verðbólgu: „Með gríðarlegri innspýtingu inn í efnahagskerfið á skömmum tíma skapast þensla. Fjármagnseigendur hafa getað hallað sér huggulega aftur á bak í stólnum gulltryggðir. En nú er þörf á því að allir taki höndum saman, ekki síður þeir.“

Ekki sé sjálfgefið, til lengri tíma séð, að óverðtryggt kerfi geti ekki verið sjálfbært. - kóþ



**ÖGMUNDUR JÓNASSON** Þingmaðurinn bendir á að markaðurinn sé ónæmari en ella fyrir stýrivöxtum Seðlabanka því verðtryggingin jafni áhrif hækkana út. Íslendingar skuli gera eins og nágrannalöndin: stýra efnahagsmálum af ábyrgð.








**Í ÞINGSAL** Illuga Gunnarssyni, Ragnheiði Elínu Árnadóttur og Ásbirni Óttarssyni, þingmönnum Sjálfstæðisflokks, var skemmt yfir umræðum í þingsalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kalla eftir samstöðu um atvinnumál

**Þingflokksformaður Samfylkingar kallaði eftir samstöðu um virkjana- og stóriðjuverkefni. Stjórnarandstæðingar segja fullkominn ágreining innan ríkisstjórnarliðsins um atvinnumál og orkunýtingu.**

**ALÞINGI** Þingmenn úr Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu og Framsóknarflokki kölluðu eftir samstöðu þingheims um ný verkefni í atvinnumálum á Alþingi í gær og voru sammála um mikilvægi þess að slík verkefni hæfust sem fyrst.

Björgvin G. Sigurðsson, þingflokksformaður Samfylkingar, sagði að fyrir lægju áætlanir um 300 milljarða fjárfestingar í virkjunum og stóriðju næstu þrjú árin. Þetta væru stór og mikil verkefni sem ráði „afdrifum okkar í efnahagsmálum á næstu mánuðum og misserum“. Þingheimur þurfi að standa saman um að vinna að þessum málum á næstunni.

Nokkrir þingmenn úr röðum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sögðust sammála Björgvin, og Ólöf Nordal, Sjálfstæðisflokki, sagði að ræða hans hefði verið orð í tíma töluð; „en hún var líka hárbeitt gagnrýni á samstarfsflokk Samfylkingarinnar, Vinstri græna“.

„Af hverju er stöðugt verið að þvælast fyrir nauðsynlegri orkunýtingu í neðri Þjórsá?“ spurði Ólöf, og svaraði sjálf: „Vegna þess að ríkisstjórnin er í grundvallaratriðum ósammála um það hvernig haga eigi orkunýtingu.“ Þingmenn og ráðherrar VG skilji ekki samhengi hlutanna og nauðsyn þess að „nýta orkuna í neðri Þjórsá, að virkja Búðarhálsvirkjun hratt og vel, að koma atvinnulífinu af stað eins fljótt og kostur er“. Ræða Björgvins sé skýrt dæmi „um þær ógöngur sem þessi ríkisstjórn er komin í nú um stundir“.

Enginn þingmanna VG tók þátt í umræðunni og Ragnheiður E. Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, sagði þá fjarveru til marks um að fullkominn ágreiningur ríkti innan stjórnarliðsins um atvinnumál. peturg@frettabladid.is


LYFJA – Lífið heil

Nicotinell Mint 2 mg, 300 stk. 19% ódýrara
en 204 stk. pakkning með myntubragði miðað við hvert tyggjó.
8.127 kr.



Otrivin tveir í einum - fjölskyldupakki 8% ódýrari 1.234 kr.

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 49284 02/10




# Skjálfhentir eru líka fólk!

## Sony DSLR með hristivörn í húsinu - allar linsur því hristivarðar og myndirnar skarpari

### Sony Alpha DSLR-A380
### Stafræn myndavél m/18-55mm linsu

14,2 megapixla CCD myndflaga - 4592 x 3056 pixlar
ISO 100 - 3200
BIONZ örgjörvi
9-punkta "centre cross AF"
EyeStart® nemi
Mesti lokuhraði 1/4000 sek
Flash sync 1/250
SD og Sony Memorystick minnisrauf
Super SteadyShot hristivörn virkar á allar linsur
Rykvarnarkerfi
Bravia Sync
HDMI Útgangur

**LiveView sem virkar!**

Alpha 380 er með veltiskjá sem sýnir lifandi mynd á skjá - án þess að það komi niður á autofókushraða



Verð áður: 149.990
Tilboðsverð: 99.990

Sony Center
Kringlunni
103 Reykjavík
588-7669
www.sonycenter.is

SONY



**LÍKKISTA BWORIN** Menn í Úganda bera líkkistu á hamfarasvæðunum þar sem aurskriður urðu tugum manns að bana nú í byrjun vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

RLS segir starfsmönnum efnahagsbrotadeildar ekki fjölgað vegna niðurskurðar:

# Sami fjöldi starfsmanna og 2006

**STJÓRNSÝSLA** Ekki var hægt að bregðast við athugasemd Ríkisendurskoðunar frá haustinu 2006 og fjölga starfsmönnum efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra (RLS) vegna niðurskurðar í kjölfar hrunsins haustið 2008.

Þetta kemur fram í athugasemd sem Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri sendi Fréttablaðinu vegna fréttar um eftirfylgni Ríkisendurskoðunar, sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Starfsmenn deildarinnar verða fimmtán til sextán í ár, en voru sextán árið 2006.

Ríkisendurskoðun benti á það í kjölfar úttektar í október 2006 að fjölga þyrfti starfsmönnum efnahagsbrotadeildar, og auka þar vægi sérfræðinga á sviði atvinnurekstrar, viðskipta og fjármála.



**HARALDUR JOHANNESSEN**

Starfsmönnum deildarinnar var ekki fjölgað í kjölfarið, hvorki fyrir né eftir efnahagshrunið haustið 2008, tæpum tveimur árum eftir úttekt Ríkisendurskoðunar. Í athugasemd RLS kemur fram að í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 hafi ríkisstjórnin krafist niðurskurðar í rekstri embættisins. Samtals þurfi að skera niður um 17 prósent, 200 milljónir, á árunum 2009 og 2010.

Ríkisstjórnin hafi lagt línur um að ráða ekki í stöður sem losna og fjölga ekki starfsmönnum svo unnt verði að ná fram niðurskurðarkröfum. Í athugasemdinni segir einnig að þrátt fyrir það verði efnahagsbrotadeildin ekki undir niðurskurðarhnífnum. - bj

Þurrkar sverfa að Kínverjum:

# Sex milljónir vantar vatn

**KÍNA, AP** Um sex milljónir manna vantar vatn í verstu þurrkum í sextíu ár í héraðinu Yunnan í suðurhluta Kína. Tugir björgunarsveita voru sendar til svæðanna sem verst urðu úti og dæla grunnvatni á yfirborðið. Á sumum svæðum má finna grunnvatn á 50 metra dýpi, á öðrum þarf að bora eftir því niður á allt að 200 metra dýpi. Lítil úrkoma hefur verið í fjallahéraðinu Yunnan frá því seint á síðastliðnu ári, sem veldur uppskerubresti og búfénaður drepst.




Aðalskipulagsbreyting í Vík:

# Sjóvörn utar en Siglingastofnun hafði lagt til

**SKIPULAGSMÁL** **Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur breytt aðalskipulagi þannig að nýr sjóvarnargarður við Vík verður talsvert utar en Siglingastofnun leggur til. Varnargarðurinn verður á eða við núverandi rofbakka, að því er fram kom á fundi sveitarstjórnarinnar. Kostnaðarauki við þetta, miðað við tillögu Siglingastofnunar, er sagður vera um 12 prósent.**

**Staðsetningin komi til móts við sjónarmið Landgræðslu ríkisins varðandi varnir við sandfok. „Með auknu athafnasvæði ofan garðsins og á milli vegar og garðs er hægt að tryggja almenningi og ferðamönnum aðgengi að strandlengjunni," segir sveitarstjórnin.** - gar

# Skatttekjurnar lækkuðu um 30 milljarða

**Tekjur ríkissjóðs drógust saman um átta prósent milli áranna 2008 og 2009. Tekjuskattur einstaklinga lækkaði um sex prósent og lögaðila um 40 prósent.**

**RÍKISFJÁRMÁL** Tekjur ríkisins af sköttum og tryggingagjaldi námu 360 milljörðum króna á síðasta ári. Er það lækkun um 30 milljarða frá 2008 þegar tekjurnar námu 391 milljarði. Lækkunin nemur 7,8 prósentum að nafnvirði en 20 prósentum að raunvirði.

Tekjuskattur einstaklinga nam 82 milljörðum og lækkaði um 6 prósent milli ára. Tekjuskattur lögaðila nam hins vegar sautján milljörðum og lækkaði um 40 prósent frá árinu 2008 þegar hann nam tæpum 30 milljörðum króna.

Skattar á fjármagnstekjur jukust um tíu prósent en á síðasta ári var greiddur skattur af fjármagnstekjum ársins 2008. Virðisaukaskattur nam 112 milljörðum og lækkaði um tólf prósent. Að raunvirði nemur lækkunin 24 prósentum.

Í yfirliti fjármálaráðuneytisins yfir greiðsluafkomu ríkissjóðs á síðasta ári sést samdráttur í flestum liðum. Mestur er hann hlutfallslega í vörugjöldum á ökutækjum, 77 prósent. Er þessu öfugt farið þegar litið er til vörugjalda af bensíni (26 prósenta hækkun) og áfengis- og tóbaksgjalda (16 prósenta hækkun). bjorn@frettabladid.is



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Tekjur ríkisins af sköttum og tryggingagjaldi námu 360 milljörðum króna á síðasta ári.

**Tekjur ríkissjóðs janúar-desember 2007-2009**

| | Milljónir króna | | | Breyting frá fyrra ári, % | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **2007** | **2008** | **2009** | **2007** | **2008** | **2009** |
| **Skatttekjur og tryggingagjöld** | 395.384 | 391.027 | 360.673 | 11,6 | -1,1 | -7,8 |
| **Skattar á tekjur og hagnað** | 143.937 | 152.935 | 138.837 | 14,1 | 6,3 | -9,2 |
| Tekjuskattur einstaklinga | 83.933 | 88.040 | 82.560 | 7,3 | 4,9 | -6,2 |
| Tekjuskattur lögaðila | 34.790 | 29.539 | 17.483 | 10,9 | -15,1 | -40,8 |
| Skattur á fjármagnstekjur | 25.214 | 35.355 | 38.794 | 51,9 | 40,2 | 9,7 |
| **Eignarskattar** | 11.834 | 7.936 | 5.145 | 29,0 | -32,9 | -35,2 |
| **Skattar á vöru og þjónustu** | 192.086 | 179.444 | 161.720 | 9,3 | -6,6 | -9,9 |
| Virðisaukaskattur | 135.388 | 127.387 | 111.937 | 10,6 | -5,9 | -12,1 |
| Vörugjöld af ökutækjum | 11.005 | 7.345 | 1.693 | 7,6 | -33,3 | -76,9 |
| Vörugjöld af bensíni | 9.168 | 8.738 | 10.990 | 1,9 | -4,7 | 25,8 |
| Skattar á olíu | 7.292 | 7.280 | 7.178 | 11,3 | -0,2 | -1,4 |
| Áfengisgjald og tóbaksgjald | 11.949 | 11.958 | 13.849 | 5,1 | 0,1 | 15,8 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 17.284 | 16.737 1 | 6.072 | 7,1 | -3,2 | -4,0 |
| **Tollar og aðflutningsgjöld** | 5.297 | 5.693 | 5.048 | 27,0 | 7,5 | -11,3 |







Mannskæðasta sprengjuárásin í Írak í margar vikur stuttu fyrir kosningar:

# Kosið í skugga hryðjuverka

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti þrjátíu fórust og 48 særðust í nokkrum sjálfsmorðssprengjuárásum í borginni Baquoba í Írak í gær. Einn vígamannanna var farþegi í sjúkrabíl sem var að flytja særða á sjúkrahús þegar hann sprengdi sig í loft upp.

Þetta eru mannskæðustu sprengjuárásir í Írak í margar vikur og koma í aðdraganda þingkosninganna þar í landi 7. mars. Þar ákveða Írakar hver heldur um stjórnartaumana í landinu þegar hernámslið Bandaríkjamanna heldur heim á leið. Bandarísk og írösk yfirvöld hafa ítrekað varað við að uppreisnarmenn myndu líklega reyna að setja strik í reikninginn fyrir kosningar.

Árásirnar gætu veikt framboð núverandi forsætisráðherra, Nouri al-Maliki. Hann komst til valda árið 2006 og tókst viðhalda tiltölulegum stöðugleika í landinu 2008 og 2009.

Í fyrstu árásinni sprakk bílasprengja fyrir utan opinbera byggingu í grennd við bækistöðvar íraska hersins. Önnur bílasprengja sprakk stuttu síðar í tvö hundruð metra fjarlægð. Þriðja sprengjan sprakk



**UTANKJÖRFUNDARATVKÆÐI** Íraskur hermaður leitar í tösku ríkisstarfsmanns sem greiddi utankjörfundaratkvæði í þingkosningunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þegar sjálfsmorðsprengjuárásarmaður sprengdi sig í loft upp í sjúkrabíl fyrir utan spítala. Flestir féllu í þeirri sprengingu.

# HÁGÆÐA PHILIPS




## ÖRÞUNNT LCD MEÐ LED TÆKNI SEM GEFUR AUKNA SKERPU OG SKÝRLEIKA

**Philips 40PFL7664H**
40” Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.



**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 439.995

Pixel Precise HD · LED · Full HD 1080p · 100 LCD 3 ms · HD Natural Motion · Incredible Surround · Network Link dlna · NetTV · CI+




TÖLVUSKJÁR OG SJÓNVARP

**Philips 221T1SB**
22" LCD Full HD BREIÐTJALDS MONITOR með 1920x 1080p uppl., HDTV DVB-T móttakara, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, Incredible Surround, CI lesara, VGA, Scart, HDMI, Comp., S/PDIF, A/V inn/út ofl.

**VERÐ**
**89.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 19PFL3404H**
19" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, Progressive Scan, 10 Bita RGB myndvinnslu, með 28,9 milljörðum lita, 4000:1 skerpu, Anti Reflection, Scart, HDMI, USB 2.0, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 109.995




**Philips 32PFL3904H**
32” LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Pixel Plus HD, 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, EasyLink Component, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**144.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 32PFL5624H**
32” LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, 24w RMS Nicam BBE víðóma, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, Component, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 42PFL3604H**
42” Full-HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 30000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB með JPEG/MP3, 2x HDMI, 2x Scart, CI, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ**
**184.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 42PFL5604H**
42” Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, dýnamískri 50000:1 skerpu, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, 3x HDMI, USB, VGA (auðvelt að tengja við tölvu), RCA, S-Video, S/PDIF tengi ofl.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 279.995

Whirlpool

*Whirlpool heimilistæki frá stærsta framleiðanda í heimi - Mikið úrval!*

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# X-tra ódýrt!

X-tra

**399** kr/pk.
**FRANSKAR KARTÖFLUR**
1 kg

**459** kr/stk.
**HUNANG**
450 gr

**119** kr/pk.
**BRAUÐRASP**
500 gr

**179** kr/stk.
**TÚNFISKUR**
Í OLÍU EÐA VATNI, 185 gr

**359** kr/pk.
**LAKKRÍSKONFEKT**
500 gr

**359** kr/pk.
**HLAUP**
500 gr

**359** kr/pk.
**LAKKRÍSHLAUP**
BLANDA, 450 gr

**179** kr/stk.
**TANNKREM**
125 ml

**KJÚKLINGABRINGUR**
ÁN SKINNS, MAGNBAKKI

**40%** afsláttur

**1.765** kr/kg
áður 2.941 kr/kg

ÍSFUGL

**COOP PESTÓ**
RAUTT OG GRÆNT
190g

**319** kr/stk

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**! Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær






229 kr/pk.

**SPAGHETTI**
1 kg




129 kr/pk.

**PASTASKRÚFUR**
500 gr




98 kr/stk.

**TÓMATAR, HAKKAÐIR**
400 gr




139 kr/pk.

**HAFRAKEX**
400 gr




199 kr/pk.

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
2 stk.



198 kr/pk.

**TANNBURSTAR**
3 Í PAKKA




298 kr/pk.

**PLASTPOKAR**
3x30 stk, HVÍTIR



279 kr/pk.

**SORPPOKAR 110 ltr.**
10 stk




198 kr/stk.

**FLJÓTANDI HANDSÁPA**
500 ml

**DRESS ITALIAN PASTASÓSA**
BASIL OG LAUK /
MEÐ SÓLÞURKUÐUM,
350 gr




379 kr/stk

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

**FRÉTTASKÝRING:** Kreppan í Grikklandi

# Veikasti hlekkurinn í Evrópusambandinu

**Himinháar skuldir Grikklands bitna ekki bara á þarlendum almenningi, sem þarf að súpa seyðið af hörðum sparnaðaraðgerðum stjórnvalda. Íbúar annarra evruríkja óttast að efnahagsþrengingarnar í Grikklandi hafi slæm áhrif á verðgildi evrunnar.**

Gríska stjórnin kynnti í gær hertar aðhaldsaðgerðir sem hún vonast til að dugi til þess að koma landinu upp úr dýpstu efnahagskreppu sem dunið hefur á þjóðinni um langt skeið.

„Þessar aðgerðir eru nauðsynlegar til þess að landið okkar og efnahagslífið lifi af, og til þess að Grikkland losni út úr fárviðri spákaupmanna,“ sagði George Papandreou, forsætisráðherra vinstristjórnarinnar á Grikklandi. Hann tók við völdum í október síðastliðnum, þegar hægristjórn Kostas Karamanlis hrökklaðist frá þegar efnahagskreppan stefndi í að verða nánast óviðráðanleg.

### Fjáraustur

Orsakir grísku kreppunnar eru líklega ekki flóknar, þótt deila megi um vægi ólíkra þátta. Fjáraustur úr ríkissjóði fyrir kosningarnar í haust, þegar hægri stjórn Karamanlis barðist fyrir lífi sínu, reyndist fjárhagnum ofviða á tímum alþjóðlegrar fjármálakreppu með afar takmörkuðum aðgangi að lánsfé. Fyrir kreppuna hafði gríska stjórnin auk þess ekki farið beinlínis sparlega með fé, til dæmis þegar haldnir voru glæsilegir Ólympíuleikar árið 2004.

Á síðasta ári voru ríkisskuldirnar orðnar 125 prósent af landsframleiðslu, en þá var líka komið í óefni og nú er stefnt að því að draga úr þeim eins hratt og kostur er.

### Lausna leitað

Brýnasti vandinn sem gríska stjórnin stendur nú frammi fyrir er að hún þarf peninga sem allra fyrst til þess að greiða afborganir af skuldum sem eru að gjaldfalla, samtals 54 milljónir evra. Nærtækasta lausnin þessa dagana er útgáfa ríkisskuldabréfa, sem stjórnin hefur frestað þangað til Evrópusambandið hefur lagt blessun sína yfir nýju aðhaldsaðgerðirnar.

Lánakjörin skipta öllu máli í þessu sambandi, en Papandreou segir að án blessunar Evrópusambandsins verði þau óviðráðanleg því fjárfestum þætti þá of mikið skorta upp á trúverðugleika grísks efnahagslífs.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Gríska stjórnin útilokar nú ekki að leita til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir fjárhagsaðstoð, þrátt fyrir andstöðu annarra Evrópusambandsríkja við að sú leið verði farin, einkum vegna þess að það væri óneitanlega álitshnekkir fyrir Evrópusambandið ef eitt aðildarríkja þess þyrfti að leita á náðir sjóðsins.

Gríska stjórnin hefur reyndar þegar fengið Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sér til ráðgjafar í þessum þrengingum, og sjóðurinn fylgist grannt með þróun efnahagsmála og öllum aðgerðum stjórnarinnar.

### Evrópusambandið

Fyrst og fremst stendur það þó upp á Evrópusambandið að hjálpa Grikkjum í gegnum erfiðleikana. Sú aðstoð verður þó varla bein fjárhagsaðstoð.

Angela Merkel Þýskalandskanslari hefur verið hörð í afstöðu sinni gegn því að Grikkir fái beina fjárhagsaðstoð, hvort heldur fé sem kæmi úr sameiginlegum sjóðum Evrópusambandsins eða beint frá Þýskalandi, eins og hugmyndir höfðu verið uppi um innan Þýskalands.

„Slíkt er einfaldlega ekki leyfilegt, og meira er ekki um það að segja,“ segir Merkel og vísar í lög Evrópusambandsins sem beinlínis banna beina fjárhagsaðstoð nema ástandið sé orðið svo alvarlegt, að önnur ráð geti ekki dugað. „Enginn vafi leikur á því að Grikkland getur borgað, og enn þá er engin fjármögnunarþörf fyrir hendi,“ sagði hún í síðasta mánuði.

### Skilyrði sett

Evrópusambandið getur hins vegar ekki leyft sér að láta eins og vandi Grikkja komi hinum ríkjunum ekki við. Verðgildi evrunnar er í húfi og þar með lífsafkoma íbúa allra evruríkjanna. Grikkland er sem stendur veikasti hlekkurinn af þeim sextán ríkjum sem tekið hafa upp sameiginlega mynt sambandsins.

Evrópusambandið hefur því gripið til þess ráðs að setja Grikkjum ströng skilyrði í efnahagsmálum. Á fundi sínum í byrjun febrúar sendi framkvæmdastjórn sambandsins frá sér yfirlýsingu þar sem þess er meðal annars krafist að Grikkir komi fjárlagahalla sínum niður í 8,7 prósent á þessu ári, en á síðasta ári var hann kominn upp í 12,7 prósent. Þá er þess krafist að hann lækki í áföngum þar til hann verði kominn niður í tvö prósent árið 2013.

Til þess að ná þessu neyðist gríska stjórnin til að grípa til strangra aðhaldsaðgerða, draga hratt úr ríkisútgjöldum og ná sér í meiri tekjur, sem einkum koma með skattlagningu.

### Lissabonsáttmálinn

Evrópusambandið beitir þarna nýju ákvæði í stofnsáttmála sínum, sem tók gildi með Lissabonsamningnum í byrjun desember. Ákvæðið, sem er í 121. grein nýja sáttmálans, gefur framkvæmdastjórn sambandsins heimild til þess að hafa strangt eftirlit með efnahagsmálum aðildarríkis ef svo er komið að þróun efnahagsmála í því ríki brýtur í bága við almenn efnahagsmarkmið Evrópusambandsins eða stefnir í voða efnahags- og gjaldmiðilssamstarfi aðildarríkjanna.

Aðhaldsaðgerðirnar sem Grikkir kynntu í síðasta mánuði dugðu hins vegar ekki til. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins bað um meira og gríska stjórnin varð við þeirri beiðni, enda á hún ekki annarra kosta völ en að fylgja tilmælunum frá Brussel. Að öðrum kosti væri trúverðugleiki grísks efnahagslífs fyrir borð borinn og þar með yrði niðurgreiðsla skulda mun dýrari en ella.



**ELLILÍFEYRISÞEGAR MÓTMÆLA** Ekki voru það ungmennin, sem í þetta skipti lentu í stympingum við lögregluna í Aþenu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

### Aðgerðir og órói

Almenningur í Grikklandi hefur mótmælt aðhaldsaðgerðum stjórnarinnar harðlega, enda bitna þær illa á íbúum landsins og þykja ósanngjarnar. Verkföll hafa verið tíð síðustu vikur og tugir þúsunda hafa mætt á mótmælafundi í miðborg Aþenu og fleiri borgum landsins.

Fyrri aðgerðirnar, sem Evrópusambandið sagði ekki ganga langt, fólust einkum í því að skattar á eldsneyti yrðu hækkaðir, laun og fríðindi opinberra starfsmanna yrðu fryst og eftirlaunaaldur hækkaður.

Nýju aðgerðirnar, sem kynntar voru í gær, ganga enn lengra á svipaðri braut: Laun opinberra starfsmanna verða lækkuð, eftirlaun fryst, söluskattur hækkaður úr 19 prósentum í 21 prósent og nýir skattar lagðir á munaðarvörur á borð við áfengi, tóbak, glæsibifreiðar, snekkjur, skartgripi og leðurvörur, svo nokkuð sé nefnt.

Allt þetta bitnar á almenningi og fullvíst þykir að ólgan í landinu haldi áfram með verkfallsaðgerðum og jafnvel óeirðum.

### Samstarf nauðsynlegt

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti síðan í gær ný áform um að hafa betra aðhald á efnahagsmálum allra aðildarríkjanna, ekki síst til að koma í veg fyrir að ástand á borð við það sem Grikkland glímir nú við geti komið upp.

Hugmyndin er sú að viðvörunarljós fari að blikka fyrr í ferlinu, áður en í óefni er komið.

„Fjármálakreppan hefur sýnt okkur hve aðildarríkin eru háð hvert öðru,“ segir Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar. „Fjármálakreppa í sumum aðildarríkjunum hefur sýnt fram á að þau mistök sem gerð eru í einu ríki geta haft afleiðingar í öðrum ríkjum. Þetta er miklu skýrara núna, að við þurfum að vinna saman.“

### UPPVÍSIR AÐ ÓSANNSÖGLI

Það flækir málin síðan enn frekar að Evrópusambandið hefur ekki getað treyst þeim efnahagsupplýsingum sem koma frá grískum stjórnvöldum. Hvað eftir annað hafa Grikkir orðið uppvísir að því að senda frá sér rangar upplýsingar, sem fegra ástandið en gera það um leið illviðráðanlegra.

Grikkland fékk aðild að myntbandalagi Evrópusambandsins árið 2001 þrátt fyrir viðvaranir um að efnahagur landsins réði varla við það. Árið 2004 kom í ljós að Grikkir höfðu ekki sagt satt og rétt frá þegar þeir þóttust hafa sýnt fram á að þeir stæðust þær kröfur Evrópusambandsins, sem gerðar eru til evruríkjanna. Endurmati á þeirri stöðu er ekki lokið, en flest bendir reyndar til þess að Grikkland hafi í reynd staðist kröfurnar, naumlega að vísu.

Nú síðast í haust reyndi svo stjórnin að láta líta svo út sem fjárlagahallinn væri ekki jafn mikill og raun varð á.

Á fundi sínum í febrúarbyrjun ákvað framkvæmdastjórnin því að grípa til sérstakra þvingunaraðgerða gagnvart Grikklandi, til að tryggja að réttar upplýsingar um efnahagsmál berist reglulega frá grískum stjórnvöldum, að viðlögðum háum sektum.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is







495,-/stk.
**MIXTUR** eldfast mót
L15×B15cm. Gler
**ORDNING** eldhúsvog
Ø17cm. Ryðfrítt stál **3.590,-**
**DRÖMMAR** kökuform m/smellu
Ø23cm. Rautt **1.990.-**
**MEDALJ** pottur m/loki
3L. Ryðfrítt stál **4.590,-**
Fermingarveisla framundan?
3.490,-
**IKEA 365+** steikarpanna
Ø28cm. Ryðfrítt stál
**MIXTUR** eldfast mót
L27×B18cm. Glært gler **795,-**
**BULLAR** kökumót
Smelluform m/lausum botni Ø22cm og
bökuform Ø28cm. Brúnt **1.190,-/2 í setti**
**SKÄNKA** pottur m/loki
2L. Grátt **2.490,-**
**UPPENBAR** mælikanna
1L. Gegnsætt/svart **895,-**
**ENVIS** sleikjur
Hvítt/rautt **895,-/2 í setti**
**ENVIS** bökunarpenslar
Hvítt/rautt
**695,-/2 í setti**
**SMARTA** skál
Ø12cm. Hvítt **495,-**
**SMARTA** matardiskur
Ø30cm. Hvítt **995,-**
**SENIOR** ofn-/framreiðslufat
L32×B26cm. Blátt **2.690,-**
695,-/2 í setti
**ENVIS** tertuspaði og tertuhnífur. Hvítt
Kjötbollur
1 kg. Frosnar
KÖTTBULLAR
1.550,-
Veislan heima hjá þér
Um helgina sýna kokkur og bakari hvernig töfra má fram ýmsar veitingar og gefa góð ráð fyrir fermingarveisluna. Komdu og fáðu snjallar lausnir og hugmyndir að góðri veislu heima hjá þér.
**GNARP** eldhúsáhöld
Svart **695,-/5 í setti**
695,-/2 í setti
**FLÄCKIG** skálar
2,4 og 5L. Hvítt
© Inter IKEA Systems B.V. 2010
IKEA®
**Verslun opin 11-19 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

**Útgjöldin**
>Kílóverð á vínberjum í febrúar ár hvert




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MARSIBIL SÆMUNDARDÓTTIR, NEMI Í KVIKMYNDASKÓLANUM

## *Fór til Egyptalands og skuldar bíl*



Bestu kaup sem koma upp í huga Marsibil Sæmundardóttur, varaborgarfulltrúa og nema í Kvikmyndaskóla Íslands, er þegar hún komst í ferð til Egyptalands árið 1999 fyrir 86 þúsund krónur.

„Þetta var tilboð í M12-áskriftarklúbbi Stöðvar 2. Mig hafði dreymt um að fara til Egyptalands síðan ég var krakki. Ég átti engan pening en náði að merja þessa ferð í gegn. Það var gist á lúxushótelum fyrir þessa upphæð, en við borguðum sjálf fyrir mat og skoðunarferðir. Mér fannst frábært að geta þetta þótt maður væri bláfátækur,“ segir Marsibil. Annað sem henni dettur í hug sem góð kaup eru skíði sem hún keypti í Austurríki árið 2007, þegar gengið var afar hagstætt.

Verstu kaup Marsibil er Nissan Micra-bifreið. Ekki af því bíllinn sé svo slæmur, nei, hann var keyptur í myntkörfu. „Ég keypti hana nýja á erlendu bílaláni 2006. Það fellur eiginlega allt annað í skuggann af því hvað það allt er að reynast slæm kaup. Ég neita að líta á það hvað hún er komin upp í, en hún er orðin um það bil helmingi dýrari. Ég var að borga 22 þúsund á mánuði en er að borga 38 þúsund. Mér er farið að líða eins og ég sé að borga fyrir afnotin,“ segir hún. Marsibil á eftir að borga af bifreiðinni í um þrjú ár enn.

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### KARRÍ ALLRA MEINA BÓT

■ *Friðrik Pálsson hótelhaldari*



„Eftir að hafa lagt höfuðið í bleyti stendur eitt húsráð upp úr,“ segir Friðrik Pálsson, hótelhaldari á Hótel Rangá.

„Ég nota karrí mikið sem krydd, en án þess þó að búa til karrírétti,“ bætir hann við og segir kryddið reynast vel sé því beitt í þannig mæli að ekki komi karríbragð af matnum.

„Ef ég lendi í vandræðum alveg í lokin, þá laga ég það með karríi. En aðalatriðið er að gera það án þess að komi karríbragð. Þetta er allra meina bót!“



■ **Ókeypis ráðgjöf Orators**

## Laganemar veita ráð á bókasöfnum

Orator, félag laganema, undir leiðsögn reynds lögfræðings, mun á næstu vikum bjóða borgarbúum upp á lögfræðilega ráðgjöf á bókasöfnum Reykjavíkurborgar. Þjónustan er borgarbúum að kostnaðarlausu en mannréttindaráð Reykjavíkurborgar styrkti Orator til verkefnisins. Ráðgjöfin hófst síðastliðinn mánudag og verður veitt til reynslu á eftirtöldum bókasöfnum fram á vorið.

Næstu vikur verður laganemana að finna hinn 1. mars í Foldasafni, 8. mars í Gerðubergssafni, 15. mars í aðalsafni við Tryggvagötu, 22. mars í Foldasafni, 29. mars í Gerðubergssafni og 12. apríl í aðalsafni. Laganemarnir eru á staðnum á milli klukkan fjögur og sex síðdegis.

# Bankarnir rukka fólk fyrir ónýttar yfirdráttarheimildir

Stóru bankarnir þrír rukka fyrir yfirdráttarheimildir, þótt þær séu ekki nýttar. Vísbendingar um þetta eru í smáa letrinu í vaxtatöflum bankanna.

Sé viðskiptavinur til að mynda með hundrað þúsund krónur í yfirdráttarheimild í Arion banka, sem hann nýtir ekki, borgar hann fyrir hana þriggja prósenta gjald fyrirfram í hverjum mánuði, þrjú þúsund krónur.

Sé yfirdráttarheimildin nýtt, bætist þetta gjald ofan á dráttarvexti. Þannig gæti einstaklingur greitt 17,35 prósenta álagningu fyrir hundrað þúsund króna nýtta heimild.

Samkvæmt upplýsingum frá Arion er þetta heimildargjald aðeins lagt á „venjulegustu reikningana“ og mun því vera sjaldgæft. Almenna reglan sé að taka einungis dagvexti af nýttum heimildum. Þetta gjald hafi verið algengara fyrir nokkrum árum.


JÓHANNES GUNNARSSON

Í Íslandsbanka nemur gjaldið fimm prósentum. Þar á bæ er sömuleiðis talað um það sem undantekningu frá reglunni, því það sé helst hugsað fyrir fyrirtæki, en einungis innheimt hjá einstaklingum sem ekki eru í vildarþjónustum bankans, svo sem Náms-, Gull-, og Platínumvild.

Af svari frá bankanum má skilja að gjaldið sé einungis innheimt af ónýttum heimildum, því þar segir að viðskiptagjaldið sé hluti vaxta, en bætist ekki ofan á þá. Reikningur með fjórtán prósenta yfirdráttarvexti og fimm prósenta viðskiptagjald beri í raun níu prósenta yfirdráttarvexti.

Gjaldið í Landsbankanum er svo 3,5 prósent. Það mun „nánast aldrei“ vera tekið af einstaklingum, en frekar af fyrirtækjum, miðað við svar frá bankanum.

Gjaldtakan sé hugsuð fyrst og fremst vegna ónýttra heimilda. Bankinn þurfi að halda heimildinni opinni og það kosti hann peninga. Þetta sé opin lánalína, sem þurfi að greiða fyrir.

Í MP banka er ekkert slíkt gjald tekið og ekki heldur hjá Byr. Það mun það allajafna ekki innheimt hjá litlu sparisjóðunum.

klemens@frettabladid.is

### GETUR MUNAÐ UTANLANDSFERÐ Á ÁRI

Ef viðskiptavinur væri með reikning með heimildargjaldi, kæmi það svona út á ári, miðað við hundrað þúsund krónur í ónýtta heimild:

| Banki | Á mánuði | Á ári |
|---|---|---|
| Arion | 3.000 | 36.000 |
| Íslandsbanki | 5.000 | 60.000 |
| Landsbanki | 3.500 | 42.000 |
| MP og Byr | Ekkert. | |

Kostnaðurinn getur því numið utanlandsferð á ári hverju, miðað við að helgarferð til Kaupmannahafnar í lok mars – flugið eitt og sér – kostar 55.561 krónu hjá Iceland Express.

### ÚT Í HÖTT, SEGJA NEYTENDASAMTÖKIN

Jóhannes Gunnarsson hjá Neytendasamtökunum segir að fólk eigi að hugsa sig tvisvar um áður en það múrar sig inn í viðskiptum hjá bönkunum, svo sem ýmsum vildarlínum. Þær eigi það til að binda fólk niður, því það kunni að missa afslætti við að færa einhver viðskipta sinna seinna meir. Um gjald fyrir ónýttar yfirdráttarheimildir segir hann:

„Það er að sjálfsögðu út í hött að taka vexti af einhverju sem ekki er notað. Ef þetta er ekki meiri kostnaður en svo að hann má fella niður í einhverjum vildarklúbbi þá spyr ég: Hver er hinn raunverulegi kostnaður sem bankarnir eru að rukka fyrir?“




■ **Verðmerking í fiskbúðum**

## Í lagi í tíu búðum – ófullkomin í fjórum



Tíu verslanir reyndust hafa verðmerkingar í lagi þegar fulltrúar Neytendastofu athuguðu málið í fjórtán fiskbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Verðmerkingar í borði voru í lagi hjá öllum verslununum. En verðmerkingar í kæli reyndust ófullnægjandi hjá fiskbúðunum Bryggjuhúsinu og Gallerí fiski, og hjá Fiskbúðinni í Hófgerði voru vörurnar í kæli óverðmerktar. Litla fiskbúðin á Miðvangi var með vörur í frysti frammi í búð óverðmerktar. Þessar fjórar fiskbúðir fá sent bréf frá Neytendastofu með tilmælum um bættar merkingar.

■ **Árekstursprófun NCAP**

## Toyota Verso fær fullt hús stiga

Toyota Verso var eini bíllinn sem hlaut fullt hús, eða fimm stjörnur, í árekstursprófum Euro NCAP á fimm nýjum bílagerðum. Greint er frá þessu á heimasíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda www.fib.is. Hinir bílarnir voru Citroën Nemo, Kia Venga, Nissan Cube og Seat Exeo og Toyota Verso. Sá fyrstnefndi hlaut þrjár stjörnur, hinir fjórar. Euro NCAP hefur hert öryggiskröfurnar frá því sem þær voru á síðasta ári þannig að meira þarf nú til svo bílar nái fimm stjörnum.




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig á að forgangsraða í almannaútvarpi?

# Alvöru Ríkisútvarp

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Víðar en á Íslandi er deilt um hvernig eigi að verja takmörkuðum peningum, sem skattgreiðendur leggja til reksturs ríkisútvarps. Þessa dagana blæs um móður alls almannaútvarps, BBC á Bretlandi, vegna tillagna stjórnar fyrirtækisins um róttækar breytingar á starfseminni.

Sá munur er reyndar á deilunni um RÚV og BBC að hér á landi blasir við að skera verður verulega niður í rekstrinum, rétt eins og öðrum rekstri bæði hjá ríkinu og einkaaðilum. Í Bretlandi er fremur verið að færa til peninga og breyta áherzlum.

Engu að síður geta stjórnvöld, sem skilgreina hlutverk Ríkisútvarpsins, og þeir sem ráða fyrir rekstri þess ýmislegt lært af breytingunum hjá BBC.

Þar á bæ hafa menn ákveðið að horfast í augu við þá staðreynd að mörgu af því sem BBC gerir geta einkareknir fjölmiðlar sinnt álíka vel eða betur. Þannig hyggst BBC fækka vefsíðum sínum um helming, draga úr þjónustu á sviði dægurmenningar og minnka stórlega kaup á amerísku afþreyingarefni fyrir sjónvarp. Mark Thompson, forstjóri BBC, segir einfaldlega að áhugafólk um popptónlist og táningamenningu eigi frekar að snúa sér til Channel 4 og einkarekinna útvarpsstöðva.

BBC hyggst hins vegar sinna „færri verkefnum betur“. Þar á að efla fréttaumfjöllunina og setja meiri peninga í innlenda dagskrárgerð, fræðslu-, tónlistar- og menningarefni, barnaefni og viðburði sem efla samstöðu þjóðarinnar.

Hér á landi hefur það lengi verið vandi Ríkissjónvarpsins að í viðleitni sinni til að ná í auglýsingapeninga hefur það orðið æ líkara einkareknu stöðvunum sem það keppir við. Sama má að mörgu leyti segja um Rás 2; dægurtónlist og -umfjöllun er ágætlega sinnt á vegum einkaframtaksins. Þessi þróun hefur ekki orðið til að styrkja Ríkisútvarpið. Til lengri tíma litið gerir hún þvert á móti torveldara að réttlæta tilveru þess og þær háu fjárhæðir, sem reksturinn kostar skattgreiðendur.

Nú er tækifærið til að taka rekstur RÚV í gegn með það fyrir augum að það einbeiti sér að því að sinna almannaþjónustuhlutverkinu, fylli í götin sem einkastöðvar á samkeppnismarkaði skilja eftir. Ekki er víst að það takist að gera RÚV óháð auglýsingapeningum en full ástæða er til að afmarka betur hlutverk fyrirtækisins á auglýsingamarkaðnum.

Endurskoðun af þessu tagi getur jafnvel stuðlað að aukinni pólitískri sátt um RÚV. Sumir vilja ekkert ríkisrekið útvarp, aðrir telja það gegna mikilvægri þjónustu við almenning. Málamiðlunin gæti orðið umsvifaminna Ríkisútvarp, sem sinnti engu að síður betur almannaþjónustunni.

Það væri alvöru Ríkisútvarp, ekki fyrirtæki sem grefur stöðugt undan eigin tilverurétti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Starfskraftur óskast

Fjármálaráðuneytið hefur auglýst starf fjölmiðlafulltrúa laust. Þekking og reynsla af fjölmiðlastörfum og/eða almannatengslum er nauðsynleg og þarf fjölmiðlafulltrúi að geta unnið náið með fjármálaráðherra og yfirstjórn ráðuneytisins. Þetta má heita nýlunda, því yfirleitt hefur verið handvalið í stöður sem þessar. Að hinu er að gæta að fjöldi blaðamanna hefur misst vinnuna á síðustu mánuðum. Margir þeirra gætu eflaust hugsað sér að veita fyrrum kollegum upplýsingar. Má því búast við fjölmörgum umsóknum.



### Beggja vegna borðsins

Samgöngunefnd Alþingis fékk gesti á fund sinn í gærmorgun til þess að ræða málefni Íslandspósts. Engum sögum fer af því hvorum megin fundarborðsins Lilja Rafney Magnúsdóttir sat. Hún er sem kunnugt er þingmaður og fulltrúi VG í samgöngunefnd en hún var líka endurkjörin í launað starf stjórnarmanns á aðalfundi Íslandspósts í síðustu viku. Kannski sat hún beggja vegna borðsins.

### Gleymdi fulltrúinn

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði á þingi á þriðjudag, að óformlegar viðræður íslensku samninganefndarinnar um Icesave við þá bresku færu fram án samráðs við stjórnarandstöðuna og væru bara á vegum fjármálaráðherra. Nú er það svo að stjórnarandstaðan á fulltrúa í samninganefndinni sem hún tilnefndi sjálf – Lárus Blöndal hæstaréttarlögmann, auk þess sem hún fékk því framgengt að Lee Bucheit var fenginn til að stýra nefndinni. Ef stjórnarandstaðan fær ekkert að heyra af þessum óformlegu viðræðum, er það þá ekki eitthvað sem Sigmundur Davíð ætti að ræða við Lárus? Eða Lee?



bergsteinn@frettabladid.is

# Réttarríkið í prófi



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Rannsókn hrunsins

Eftir hrun fyrir hálfu öðru ári taldi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS), að Ísland hefði skilyrði til að rífa sig upp úr öldudalnum á tveim til þrem árum. Vegna hrunsins þurftu erlendir kröfuhafar að afskrifa skuldir gömlu bankanna um fjárhæð, sem nam fimmföldu umfangi hagkerfisins, auk mikils fjártjóns Íslendinga sjálfra, sem var talið nema um tvöföldu umfangi hagkerfisins til viðbótar.

### Keyptu sér frið

Þetta er einsdæmi í fjármálasögu heimsins, að bankakerfi lands leggi svo þungar byrðar – jafnvirði sjöfaldra þjóðartekna – á viðskiptamenn sína nær og fjær. Það bætir ekki úr skák, að bankarnir vöfðu stjórnmálaflokkunum um fingur sér, dældu í þá fé og röðuðu flokksmönnum á garðann, einkum Landsbankinn, bersýnilega til að kaupa sér frið frá lögboðnu eftirliti og aðhaldi. Við skulum nefna hlutina réttum nöfnum, svo sem ætla má, að rannsóknarnefnd Alþingis muni einnig gera í skýrslu sinni, þegar hún verður loksins birt: Flokkarnir þágu í reyndinni mútur, og það gerðu einnig einstakir frambjóðendur á þeirra vegum.

Þessi skoðun AGS eftir hrun, að endurreisnin tæki tvö til þrjú ár, með IceSave og öllu saman, virtist þá vera í vonbjartara lagi. Ég taldi í ljósi reynslunnar, að batinn myndi líklega taka lengri tíma, jafnvel þótt ríkisstjórnin stæði í stykkinu. Ég lýsti reynslu Færeyinga af kreppunni þar fyrir tuttugu árum til viðmiðunar. Kreppan í Færeyjum var náskyld kreppunni hér. Undirrót beggja var rótgróin spilling.

Nú eru horfurnar hér heima mun þyngri en þær voru strax eftir hrun. Ríkisstjórnin hefur brugðizt, enda styðst hún ekki við starfhæfan meiri hluta á Alþingi. Endurreisnin hefur vikið fyrir endalausu þjarki um IceSave. Ríkisstjórnin stendur hjá eins og skelfdur áhorfandi, sem fær ekki rönd við reist. Nýju bankarnir njóta að því er virðist lítils trausts meðal þjóðarinnar, enda er margt enn á huldu um starfsemi þeirra, meðal annars um eignarhald og afskriftir ógoldinna skulda auðmanna. Nýjasta dæmið er Finnur Ingólfsson, fyrrum ráðherra og seðlabankastjóri.

### Sporin hræða

Vanræksla ríkisstjórnarinnar er ekki bundin við ráðleysi í endurreisnarstarfinu og efnahagsmálum. Ríkisstjórnin þurfti að verða við áskorunum okkar, sem mæltum frá byrjun með erlendri rannsókn á tildrögum hrunsins, en hún færðist undan. Undir stjórn óháðra erlendra manna hefði rannsóknin verið hafin yfir sanngjarnan vafa um hlutdrægni.

Skömmu fyrir hrun komust gömul hlerunarmál í hámæli. Ég er ekki að skipta um umræðuefni. Dómsmálaráðuneytið fól sýslumanninum á Akranesi að rannsaka málið, en rannsóknin reyndist marklaus. Niðurstaða hennar, að engin ástæða væri til frekari rannsóknar, var ráðin fyrir fram, þar eð ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar kaus ekki að leysa vitni undan lögboðinni þagnarskyldu. Við yfirheyrslurnar sögðu vitnin því lög standa í vegi fyrir, að þau greindu frá vitneskju sinni, og var þá ekki aðhafzt frekar. Í hópi vitnanna var reyndur lögreglumaður, sem gerþekkir hlerunarmálin marga áratugi aftur í tímann. Þetta dæmi frá 2006-7 segir í rauninni allt, sem segja þarf um ástæðuna til þess, að fólkið í landinu vantreystir réttarkerfinu.

### Réttarvarzla í sjálftökusamfélagi

Dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins skipaði sýslumanninn á Akranesi nokkru síðar sérstakan saksóknara vegna hrunsins. Á sérstökum saksóknara og ríkissaksóknara hvílir nú sú skylda að leggja fram skotheldar kærur á hendur þeim tugum manna, sem virðast hafa gert sig seka um refsivert athæfi í aðdraganda einkavæðingar bankanna og síðan hrunsins. Að öðrum kosti hlýtur traust þjóðarinnar á dómskerfinu að þverra enn frekar en orðið er. Fari svo, mun þeim fjölga, sem líta svo á, að Ísland sé í reyndinni ekki réttarríki, ef vel tengdir sakamenn virðast hafnir yfir lög og rétt svo sem algengt er í spilltum þriðjaheimsríkjum, til dæmis í Keníu. Þar er engin hefð fyrir því, að armur laganna nái til spilltra stjórnmálamanna og bandamanna þeirra í viðskiptalífinu. Þeir eru ósnertanlegir. Verði niðurstaðan hin sama hér heima, mun liggja við sjálft, að samfélagið liðist í sundur. En þá mun erlend réttarvarzla – lögregla, ákæruvald og dómstólar – taka við keflinu. Erlend fórnarlömb bankaþrjótanna munu ekki láta bjóða sér annað. Lögin ná yfir landamæri.




# Listalaun og menningarstefna

**UMRÆÐAN**

Njörður Sigurjónsson skrifar um styrki til menningarmála



NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON

Opinberir menningarstyrkir eru hitamál og hafa verið lengi. Hins vegar mætti umræða um menningarstefnu hins opinbera vera almennt markvissari en almenningur hefur litla hugmynd út á hvað hún gengur. Þar er fyrst og fremst við Alþingi að sakast sem ekki hefur viljað setja fram heildstæða stefnu í menningarmálum.

„Listamannalaun“ eru misvísandi heiti á verkefnastyrkjum til sjálfstætt starfandi listamanna. Sótt er um styrki til verkefna og þurfa styrkþegar að skila inn skýrslu um efndir. Heimilt er að fella niður styrki til þeirra sem ekki sinna þeim verkefnum sem um var sótt. Listamannalaun eru því ekki atvinnuleysisbætur. Samkvæmt nýjum lögum eru þau í heildina 1325 mánaðarlaun árið 2010, eða 110 árslaun, sem skiptast á milli 200 listamanna í ólíkum hlutföllum. Sumir fá laun til eins eða tveggja ára, en flestir aðeins hluta úr ári, og oftast aðeins hluta af þeim kostnaði sem fellur til við verkefnin. Einingin „starfslaun“ (266.737 kr. á mánuði) hentar því ekki alltaf til þess að áætla kostnað við einstök verkefni, til dæmis hjá sviðslistahópum.

Á Alþingi hefur ekki verið áhugi fyrir því að setja fram opinbera menningarstefnu og látið nægja að benda á það sem gert er, til dæmis með vísan til fjárlaga, til marks um vilja yfirvalda í menningarmálum. Þetta hefur hentað ráðherrum vel þar sem þeir hafa getað ráðstafað þessum málaflokki að vild. Jafnframt hafa helstu hagsmunaaðilar, til dæmis félög listamanna og starfsmenn þeirra stofnana sem heyra undir sviðið, haft greiðan aðgang að skrifstofu ráðherra til að koma sínum óskum á framfæri.

Hængur er þó á þessu fyrirkomulagi því aðrir en innvígðir hafa ekki aðgang að stefnumótun málaflokksins og erfitt er að átta sig á heildarmyndinni. Almenningur hefur þannig ekkert með stefnu í menningarmálum að gera. Ekkert mat er lagt á árangur og litlar sem engar rannsóknir eru gerðar á því hvort mál þokist í rétta átt. Er nema von að þorri fólks viti ekkert um hvað málið snýst.

*Höfundur er lektor í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# K-line
## GLÆSILEGT ÚTLIT
## KANTAÐA LÍNAN



Christina KANTAÐ sturtutæki og sturtustangarsett stgr. 44.900 -







Y-9924 47x36 sm stgr. 12.900 -



JX-1125 58x45 sm stgr. 25.900 -

HANDKLÆÐAOFNAR krómaðir eða hvítir

til afgreiðslu af lager

## HANDLAUGAR Á BORÐ



Y-9835 44x33.5 sm stgr. 19.900 -



Y-10052 53x44 sm stgr. 18.900 -



Y-9891A 40x35 sm stgr. 16.900 -



Y-9989B 47x37 sm stgr. 15.900 -



K-line thermo f/bað stgr 28.900 -



K-line thermo f/sturtu stgr. 24.900 -



HA há stgr. 27.900-



HA lág stgr. 19.900-



JN há stgr. 21.900-



JN lág stgr. 17.900-



FORTIS KITCHEN STAINLESS STEEL SINKS

PAS 611 84 x 51 sm STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
52.900 kr



FORTIS KITCHEN STAINLESS STEEL SINKS

CFS 811 84 x 47 sm STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
55.900 kr



FORTIS KITCHEN STAINLESS STEEL SINKS

PAS 621 100 x 51 sm STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
65.900 kr



FORTIS KITCHEN STAINLESS STEEL SINKS

CAS 810L 57 x 43 sm STEELART
LYFTITAPPI OG BOTNVENTILL FYLGJA
43.900 kr

## ELDHÚS STÁLVASKAR



ELDHÚSTÆKI kantað
stgr. 29.800-

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR

KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Ljósnet fyrir neytendur

**UMRÆÐAN**
Sævar Freyr Þráinsson skrifar um gagnaflutninga


SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

Síminn kynnti nýlega til sögunnar Ljósnet Símans, nýja og afar öfluga leið til gagnaflutninga sem mun standa 42 þúsund heimilum til boða á næstu tveimur árum. Eitthvað virðist Ljósnetið koma við kaunin á forsvarsmönnum Gagnaveitu Reykjavíkur og hefur framkvæmdastjórinn í blaðaviðtali sakað okkur hjá Símanum um að beita blekkingum í samanburði á Ljósneti Símans við Ljósleiðarakerfi Gagnaveitu Reykjavíkur. Það var sérkennilegt að lesa viðtalið við framkvæmdastjórann enda kenndi þar ýmissa grasa.

Í fyrsta lagi segir framkvæmdastjórinn það ekki rétt að uppbygging kerfis Gagnaveitunnar hafi kostað 12 milljarða heldur hafi hún kostað 3 milljarða. Þetta fullyrðir framkvæmdastjórinn þrátt fyrir að í ársreikningum Gagnaveitunnar og Orkuveitunnar megi lesa eftirfarandi staðreyndir: Hlutafé sem Orkuveitan hefur greitt inn í Gagnaveituna nemur alls 4,7 milljörðum króna. Því til viðbótar hefur Orkuveitan veitt Gagnaveitunni lán að upphæð 6,3 milljarðar króna. Framkvæmdir á seinasta ári munu hafa numið um 700 milljónum króna. Alls eru þetta því um 11,7 milljarðar króna. Í hvað fór þetta fé ef uppbygging kerfis Gagnaveitunnar kostaði 3 milljarða króna?

Í öðru lagi segir framkvæmdastjórinn að Ljósnet Símans sé ekki annað en uppfærsla á ADSL. Þetta er að sjálfsögðu alrangt og svo virðist sem hann hafi alls ekki kynnt sér þá tækni sem Ljósnetið byggir á. Hér er um að ræða tækni sem hefur á seinustu árum rutt sér til rúms um allan heim og kallast á ensku ýmist „Fiber to the home“, „Fiber to the building“, eða „Fiber to the curb“. Þetta er blönduð tækni, sums staðar er ljósleiðari lagður alla leið inn í hús, einbýli eða fjölbýli, en annars staðar er ljósleiðari lagður að götuskáp og koparinn nýttur síðustu metrana inn í hús. Tækniframfarir seinustu ára valda því að upplifun neytandans er sú sama og hraði tenginga er sambærilegur í hvoru tilfelli fyrir sig. Ljósnet Símans uppfyllir því fyrirsjáanlegar þarfir heimila næsta áratuginn og hraði tenginga er langt umfram það sem flestir eiga að venjast.

*Ljósnet Símans uppfyllir fyrirsjáanlegar þarfir heimila næsta áratuginn að minnsta kosti og hraði tenginga er langt umfram það sem flestir eiga að venjast.*

Pirringur framkvæmdastjórans yfir því að þessi tækni sé kynnt sem Ljósnet er óskiljanleg ef við skoðum eftirfarandi dæmi: Í Ljósneti Símans er algengt að ljósleiðarinn frá svokallaðri miðju og að götuskáp í úthverfi sé 7 kílómetra langur og að kopartaug inn á heimili sé um 120 metrar. Ljósleiðarinn er því 98,3% vegalengdarinnar.

Í þriðja lagi segir framkvæmdastjórinn það ekki rétt að Gagnaveitan hafi tengt 20 þúsund heimili heldur séu þau nær 30 þúsund. Það hefur komið fram að viðskiptavinir Gagnaveitunnar séu innan við sjö þúsund heimili. Það skyldi þó ekki vera að hálfköruð hverfi, með tómum íbúðum teljist „heimili“ hjá Gagnaveitunni? Þannig má kannski fá út tölur sem auðveldara er að réttlæta fyrir þeim sem í raun borga brúsann, hitaveitunotendum í Reykjavík.

*Höfundur er forstjóri Símans.*

# Endurnýjun stjórnsýslunnar

**UMRÆÐAN**
Haukur Arnþórsson skrifar um stjórnsýslu


HAUKUR ARNÞÓRSSON

Stjórnsýslan þyrfti að hagnýta sér afl upplýsingatækninnar til þess að draga úr kostnaði og minnka hlutdeild sína í samfélaginu, styrkja örugg og nútímaleg vinnubrögð, ekki síst viðbragðshraða, fækka starfsfólki og ná fram lýðræðisáhrifum með gagnsæi og þátttöku.

Ísland hefur dregist mikið aftur úr öðrum ríkjum í veitingu rafrænnar þjónustu það sem er af öldinni og er hún ekki sambærileg við það sem gerist í öðrum ríkjum okkar heimshluta. Verkefnið Upplýsingasamfélagið er á villigötum. Þessi staða gerir Íslendingum erfitt fyrir, upplýsingatæknin þarf að vera í leiðandi hlutverki í endurnýjun stjórnsýslunnar, hún leikur aðalhlutverkið í framþróun opinberrar þjónustu vestrænna ríkja.

Það er tímanna tákn að öll aðildarríki OECD nema tvö hafa aukið fjárveitingar til upplýsingatækni í fjármálakreppunni. Það kemur ekki alveg á óvart að Ísland er annað þeirra ríkja.

*Ísland hefur dregist mikið aftur úr öðrum ríkjum í veitingu rafrænnar þjónustu það sem er af öldinni og er hún ekki sambærileg við það sem gerist í öðrum ríkjum okkar heimshluta.*

**Ný stjórnsýslustefna**

Upplýsingatæknin ber með sér nýjar áskoranir og verður ekki framkvæmd á forsendum fyrri stefna í stjórnsýslufræðum, svo sem Nýsköpunar í ríkisrekstri (New Public Management). Sett hefur verið fram sérstök stjórnsýslustefna sem byggir á forsendum rafrænnar stjórnsýslu og eru einkenni hennar helst endursamþætting í starfsháttum opinbers valds, sem meðal annars þýðir víðtækt samráð innan opinbera kerfisins um málefni tengd upplýsingavinnslu á kostnað sjálfstæðis eininga, heildrænt sjónarhorn í þjónustu opinberra aðila, sem einkum auðveldar almenningi að fylgjast með því sem er unnið í hans nafni frá einum stað og rafræn yfirfærsla verkefna, sem framþróunin byggir á.

**Hagræn áhrif**

Samfélagsáhrif upplýsingatækni verða mest með samþættingu starfa opinberra starfsmanna og samræmingu opinberra gagna og með sameiningu upplýsingaþjónustu. Mælikvarðar sem mæla þróunarstig vefmála ríkja byggja á þessu. Tæknilega er þessum áhrifum náð með miðlægum þjónustuveitum, ríkisgagnagrunnum og annarri nýrri innri gerð.

Það má undrast niðurskurð fjármálaráðuneytisins til málaflokksins og það að Ísland tekur gagnstæðar ákvarðanir miðað við önnur OECD-ríki sem viðbrögð við samdrætti. Ljóst er að endurskipulagning mannafla og annarra aðfanga opinbers rekstrar kallar jafnan á tölvuvæðingu samkvæmt hagfræðirannsóknum og eru viðbrögð OECD-ríkjanna því samkvæmt bókinni. Hagkvæmni upplýsingakerfa á að geta mætt óbreyttri eftirspurn þjónustu með minni mannafla en áður. Það gerir flatur niðurskurður hins vegar ekki.

**Lýðræðisleg áhrif**

Uppbygging miðlægra gagnagrunna breytir upplýsingagjöf opinberra aðila stórfelldlega og eykur möguleika á aðhaldi og eftirliti með opinberri starfsemi. Ríkisgagnagrunnar eru þannig orðnir hornsteinninn í vestrænu lýðræði. Aukin samvinna yfirvalda og almennings er bein og óbein niðurstaða þeirrar þróunar.

Sú staða að íslenska ríkið hefur ekki ætlað sér að byggja upp miðlæga vistun og rekstur samræmdra upplýsinga í ríkisgagnagrunnum, ásamt því að almenningur er mjög mikið nettengdur og ákafasti og framsæknasti hluti hans er einvörðungu virkur í pólitík á Netinu, getur haft áhrif á lýðræðisþróunina á Íslandi. Áhersla á umræðu og þátttöku gæti orðið minni en í nágrannaríkjunum og óskir um einföld lýðræðisform gætu orðið áberandi. Það kemur sér afar illa í því uppbyggingarferli sem fyrir dyrum stendur á Íslandi, þar sem draga þarf úr tortryggni og átökum, en efla samstöðu.

**Samþætting og miðlæg áhersla**

Oft hefur komið fram að sjálfstæði ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga er mikið hér á landi og samþættingin sem leiðir af nútíma upplýsingavinnslu kann því að vera mikið erfiðari hér en í nágrannaríkjunum.

Uppbygging miðlægrar þjónustu á sviði upplýsingatækni og innri gerðar fyrir ríkisreksturinn og samfélagið allt er tæknilega lykill að verkefninu. Áskorunin um að takast á við að gera miðlægar stofnanir skilvirkar er óumflýjanleg og sterkari en í stærri ríkjum, til dæmis með röksemdum stærðarhagkvæmni.

Þá hafa þjóðir sunnar í Evrópu, fjölmennari og fátækari en við, náð á síðustu misserum athyglisverðum árangri á alþjóðlegum mælikvörðum með því að beita nær einvörðungu miðlægum úrræðum við tölvuvæðingu.

**Víðtæk endurnýjun**

Þótt hér sé megináhersla lögð á að hagnýta upplýsingatæknina til hagræðingar og lýðræðisumbóta hjá opinberum aðilum og það sé ef til vill stærsta einstaka úrlausnarefni stjórnsýslunnar í kreppunni, er það ekki einangrað málefni.

Það má halda því fram að stjórnsýslan hafi á nokkurn hátt orðið út undan í samfélaginu í þeirri þenslu og við þær aðstæður sem hafa ríkt á Íslandi. Umtalsverðar almennar breytingar á starfsháttum hennar kunna að vera tímabærar eins og áður er minnst á.

Fyrirsjáanlegt er að fjármálum ríkisins verður sniðinn þröngur stakkur næstu misserin og jafnvel einmitt þess vegna gæti metnaðarfullur forsætisráðherra og fjármálaráðherra gert það að forgangsverkefni sínu að beita sér í þessum málum.

*Höfundur er stjórnsýslufræðingur.*
*Lengri útgáfa greinarinnar birtist á Vísi.*





„Sýning á Gerplu er hreint út sagt upplifun, bara leikhúsupplifun sem maður verður ekki svo oft fyrir. Ótrúlega skemmtileg og fyndin og nýstárleg sýning“.
*Guðný Halldórsdóttir, kvikmyndagerðarkona*






SÝNINGUM LÝKUR Í APRÍL!



LOKASÝNING 16/04







NOTAÐU LEIKHÚSKORTIÐ
Gildir leikárið 2009–2010

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Tryggðu þér miða í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is


4BLS BÆKLINGUR
MARS TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
NÝ TILBOÐ
2 VERSLANIR STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum
HVERGI BETRA VERÐ
4GB
ÓTRÚLEGA NETTUR PICO MINNISLYKILL
2.990
MÚS OG LYKLABORÐ FYLGIR
REVO
FRÁBÆR BORÐTÖLVA MEÐ 512MB NVIDIA ION SKJÁST. WINDOWS XP, OFL. OFL.
49.900
GLÆSILEG VERSLUN
BORGARTÚNI 31 REYKJAVÍK
NÝ VERSLUN
UNDIRHLÍÐ 2 AKUREYRI
Borgartún 31 Reykjavík
Undirhlíð 2 Akureyri
4.MARS 2010 - BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL

GLÆSILEG DX11 LEIKJATÖLVA

NÝ KYNSLÓÐ
HLAÐIN TÆKNINÝJUNGUM OG ENN GLÆSILEGRI Í BURSTUÐU ÁLHÚSI

## GIGABYTE
### UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**
ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN

## GIGABYTE
### X2 LEIKJATÖLVA

- GIGABYTE hljóðlátur IT 500W turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**
HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI

HDMI 1080i

## 20"
### SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Asus sem er innbyggð í glæsilegan 20" HD PLUS skjá með þráðlausu lyklaborði og mús.

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

ASUS

**129.900**
GLÆSILEG ASUS BORÐTÖLVA

LACIE
10 ÞÚSUND AFSLÁTTUR
1080P HD SPILARI

## 1TB
### LaCinema HD 1080P

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb. netkorti
- Spilar af USB flökkurum/minnislyklum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, Optical, USB, LAN, ofl.

**49.900**
ÞESSI SPILAR ALLT!

ÁBRENNT ÍSLENSKT LETUR

## ÞRÁÐLAUST LOGITECH

Nýjasta þráðlausa settið frá Logitech með glæsilegu þráðlausu lyklaborði og mús

**9.990**
MK300 ÞRÁÐLAUST SETT

## 5000 BLUETRACK

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- Með Microsoft Blue Track tækni
- Fyrir bæði vinstri eða hægri hendi
- Rafhlaða endist í 8 mánuði
- Stílhrein og glæsileg hönnun

**6.990**
Microsoft ÞRÁÐLAUS MÚS

## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minniskortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**
HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI

## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokuð leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**9.990**
MÖGNUÐ LEIKJAHEYRNARTÓL

## i-TRIGUE 3000 KERFI

Glæsilegt og öflugt 24W RMS 2.1 hljóðkerfi frá Creative með öflugu bassaboxi og Neo Titanium hátölurum sem eru með einstaklega tæran hljóm.

**14.900**
CREATIVE 2.1 HLJÓÐKERFI

TÖLV

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900



**YOOX.COM** er tíu ára gömul netverslun sem hefur á síðustu árum orðið að einni stærstu þeirrar tegundar sem selur föt, fylgihluti sem og smáhluti fyrir heimilið. Á síðunni er hægt að nálgast hönnun Stellu McCartney, Prada, Chleó, Marc Jacobs og Gucci, svo fáeinir séu nefndir.




FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

**Rafknúnir** hægindastólar



- Auðvelda þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

**Skór & töskur í miklu úrvali**

www.gabor.is



Sérverslun með Gabor xena

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Þýskar gallabuxur í þremur síddum

Verð 14.900

hjá Hrafnhildi

Sími: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is




Rakel Hlín Bergsdóttir með blómabeltið við gráan og svartan kjól sem hún saumaði sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Þægilegir kjólar nauðsyn

**Rakel Hlín Bergsdóttir er annar eigandi barnafataverslunarinnar Fiðrildi. Hún er áhugamanneskja um hönnun og tísku og á sér einn uppáhaldsfylgihlut sem hún bar á brúðkaupsdaginn.**

„Uppáhaldsflíkin mín er í raun fylgihlutur, belti sem ég notaði við brúðarkjólinn þegar ég gifti mig fyrir tveimur árum. Beltið er svart með blómum og steinum sem þær hjá Eðalklæðum gerðu fyrir mig en þær saumuðu brúðarkjólinn líka,“ segir Rakel Hlín Bergsdóttir, þegar við hnýsumst í fataskápinn hennar. Beltið segist hún nota mikið við gráan og svartan kjól úr jersey-efni sem hún saumaði sjálf.

„Ég dunda mér oft við að sauma og er mjög ánægð með þennan kjól. Ég á sjálf saumavél og sauma oft flíkur sem ég bý til upp úr sjálfri mér þótt ég notist stundum við sníðablöð líka.“

Þegar Rakel er beðin að lýsa sínum fatastíl segir hún svart í mestu uppáhaldi. Oftast klæði hún sig í þægilega kjóla yfir leggings og bætir því við hlæjandi að það sé gild ástæða fyrir því. „Ég er búin að eignast þrjú börn á síðustu fjórum árum svo ég hef þurft að klæða mig þægilega. Þá hefur saumavélin komið sér vel. Ég er líka mjög hrifin af íslenskri hönnun og spennandi að fylgjast með gróskunni sem er í gangi þar. Ef ég á að nefna uppáhaldshönnuð þá væri það Steinunn. Það er á draumalistanum að eignast eitthvað eftir hana.“

Fyrsta fimmtudag í mánuði mæta íslenskir hönnuðir í verslun Rakelar, Fiðrildi, milli klukkan 17 og 21, og kynna sína hönnun en ætlunin er að bjóða hönnuðum vettvang í búðinni til að kynna sínar vörur og selja milliliðalaust. „Í kvöld eigum við einmitt von á hönnuðum með merkin Froskar, Lauf, Eplakinnar og Maríur svo kvöldið verður skemmtilegt.“

*heida@frettabladid.is*


Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

**Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda**

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

**Fermingartilboð sjá www.svefn.is**

Svefn & heilsa ★★★★★

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

**GIORGIO ARMANI** er undir austrænum áhrifum þessi misserin en nýjasta lína hans skartar fallegu silki, bláum litatónum og exótísku mynstri.







belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is




Margir vegfarendur stoppuðu til að virða fyrir sér nýstárlega útstillingu Thelmu.



Hattarnir voru fjölmargir og litríkir.

# Hönnuðir stilla út í Rauða kross-búðinni

**Fimm tískuhönnuðir sem sýna á tískuhátíðinni Reykjavík Fashion festival, sem fram fer dagana 19. og 20. mars, hafa tekið að sér að sjá um gluggaútstillingu í verslun Rauða krossins við Laugaveg.**

Hver hönnuður hefur viku til umráða og hefur algerlega frjálsar hendur með uppstillinguna. Thelma design, með Thelmu Björk Jónsdóttur í fararbroddi, reið á vaðið hinn 18. febrúar og skreytti búðargluggann með nokkrum gömlum höttum. Hattarnir voru valdir úr því sem var í boði í búðinni en einnig gaf Thelma nokkra hatta sjálf í verkið. Hugmyndin var að breyta hinu enska heiti „bag lady“, eða útigangskona, yfir í „hat lady“.

Síðan tók Nikita við 25. febrúar. Það var Helga Lilja Magnúsdóttir sem valdi gluggaskreytinguna.

„Útstillingin í Rauða kross-búðinni átti að vera í anda Nikita og þar sem við gerum snjóbrettafatnað fyrir stelpur, ásamt hversdagsfatnaði, svokölluðu streetwear, og fínni línu, ákvað ég að leggja þungann á útiveru og skíða- og snjóbrettaiðkun,“ segir Helga Lilja sem fannst einkar skemmtilegt að það skyldi byrja að snjóa daginn sem hún setti upp skreytinguna.

„Ég fann fullt af skíðagöllum, skíðum, skíðaskóm og vettlingum í Rauða kross-búðunum og flokkunarstöðinni og ákvað að velja úr þessu nokkra hluti sem pössuðu saman.

Ég fann líka, mér til mikillar furðu. snjóbrettaskó og gamalt Nikita-eyrnaband,“ segir Helga Lilja glaðlega. Hún bætir við að henni hafi þótt tilvalið að vísa til gamalla tíma en fyrirtækið Nikita byrjaði einmitt í því húsnæði sem Rauða kross-búðin er í dag.

„Ég fór því í Góða hirðinn, reddaði sjónvarpi á spottprís og sýndi snjóbrettamynd eins og oft var gert í búðinni Týndi hlekkurinn.“




Gömul snjóbrettamyndbönd voru sýnd í eldgömlu sjónvarpi úr Góða hirðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í dag verður ný útstilling í glugganum eftir Birnu. Síðan verður E-label frá 11. mars og Mundi rekur lestina og verður með útstillingu frá 18. til 24. mars.

*solveig@frettabladid.is*



Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Föstudaga

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





Bleikjutartar með gröfnu Hudson Valley Foie gras og lárperu-tempura
*Char tartar with nori cured Hudson Valley Foie gras and avocado tempura*

Humar og hörpuskel með saltfiskflani og saffran-vanillusamspili
Langoustines and scallops with brandade flan and saffron vanilla emulsion

Nautasteik með Foie gras, nípumauki, villisveppum og fíkjugljáa
*Beef with seared Foie gras, parsnip mousseline, wild mushroom and fig glaze*

Súkkulaðikaka með Dulce de leche ís
*Chocolate cake and Dulce de leche ice cream*

*6.900-*
*11.500- með sérvöldum vínum*



silfur restaurant

WWW.SILFUR.IS
INFO@SILFUR.IS
PÓSTHÚSSTRÆTI 11
BORÐAPANTANIR
578 2008

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Milli vita

Febrúar er einn versti mánuður ársins hjá tískuhúsum Parísar þrátt fyrir að tíska sumarsins sé þar nú einráð eftir útsölulok. Þessi tími eftir hátísku- og herrasýningar næsta sumars og fyrir tískuviku í marsbyrjun (tískuvikan hófst í gær) þegar kventíska næsta vetrar verður sýnd er einnig tími vetrarfría og því flestir „góðir viðskiptavinir“ á skíðum og alþjóðlegir viðskiptavinir ekki enn farnir að streyma til borgarinnar. Árið virðist einnig byrja heldur erfiðlega hvað verslun og viðskipti snertir, efnahagslegir mælikvarðar eru margir hverjir aftur á rauðu eftir að hafa náð grænum lit á seinni hluta síðasta árs. Landsframleiðsla stendur hér í stað og á evrusvæðinu er efnahagur flestrar landa í mínus og það hefur áhrif á tískuna. En það er fleira sem flækir málin. Í fínustu tískuhúsunum reka menn sig á að þeir viðskiptavinir sem ekki hafa fundið fyrir kreppunni og gætu leyft sér að ganga í því fínasta sem á markaðinum finnst vilja ekki láta á því bera vegna þess að slíkt er litið hornauga um þessar mundir. Svo er minna um stóra viðburði og rauða dregla því bæði fyrirtæki og einstaklingar geta ekki leyft sér að eyða í vitleysu eins og kampavínsveislur og því færri tækifæri til að klæðast sig upp.

Það er þó ekki aðeins í lúxusgeiranum að illa gengur. Síðan H&M opnaði í Frakklandi árið 1998 hefur leiðin aðeins legið upp á við. Búðunum fjölgar sífellt og veltan hefur aukist ár frá ári sem og hagnaðurinn. Allt þar til á síðasta ári þegar veltan dróst í fyrsta skiptið saman. En í þrengingum sýnir H&M styrk sinn. Fyrir jól kom á markað lína undir merkjum Soniu Rykiel hjá H&M svo sem undirföt, prjónavörur og fleira. Á laugardag fyrir tíu dögum var þetta endurtekið þegar ný tískulína Soniu Rykiel kom í búðir H&M hér á landi. Viðtökurnar voru góðar því um ellefuleytið á laugardag var nánast ekki hægt að finna eina einustu flík frá Rykiel því vörurnar voru einfaldlega uppseldar í bili.

Lúxusiðnaðurinn er nefnilega ekki sá eini sem á í erfiðleikum um þessar mundir því ódýrari merkin selja sömuleiðis minna og í janúar dróst neysla saman um tvö prósent sem þó er mánuður vetrarútsala. Það er því ólíklegt að 2010 verði eins auðvelt ár í tískunni eins og sumir hafa spáð.

Í Brasilíu er ekki það sama uppi á teningnum en í landi sem á sífellt fleiri milljónamæringa er tískuvikan í Ríó á hraðri uppleiði eins og sjá mátti á dögunum. Brasilía er eitt af fáum löndum þar sem hagvöxtur er góður líkt og víða í Asíu. Vel stæðir viðskiptavinir geta því leyft sér að kaupa dýra lúxusvarninginn og tískuhúsin í París eru svo sannarlega ánægð þegar Brasilíubúar eru á ferðinni rétt eins og þegar Kínverjarnir koma.

*bergb75@free.fr*



Mikið er um leður í haust- og vetrarlínunni 2010-11.

# Kvenleg og þokkafull

**Portúgalski tískuhönnuðurinn Fátima Lopes er þekkt fyrir afar kvenlega hönnun þar sem leður er í stóru hlutverki.**

Lopes sýndi haust- og vetrarlínu sína í París í byrjun marsmánaðar sem er sérstaklega kvenleg og þokkafull. Flíkurnar einkenndust af því sem Lopes gerir best: ofurkvenlegheitum og djörfum töktum. Leður, þröng snið, stutt pils, hanskar og fullt af kynþokkafullum atriðum nutu sín í hönnuninni. Nokkuð var um leðuralklæðnað og alls kyns mynstur í leðrinu, en leður mun leika stórt hlutverk í tískunni á þessu ári. *- jma*



Daisy Lowe í geggjuðum hlébarðasamfestingi.



Æðislegt vesti úr kattaríkinu frá Salvatore Ferragamo.



Kápa eftir Elio Berhanyer á tískuviku í Madríd.

# Tígrismynstur í tísku

**Hlébarða-, tígris- og blettatígursmynstur í flíkum, og þá sérstaklega skinni, er eitt af þeim tískufyrirbærum sem reglulega slá í gegn.**

Næsta haust og vetur er einmitt að renna upp slíkt tímabil eins og sést hefur á tískupöllunum. Úr herbúðum Salvatore Ferragamo er lífi blásið í tígrismynstrið og á komandi hausti munu fallegar kápur og vesti vera skreytt mynstrinu.

Fyrir tæplega viku, á tískuvikunni í Mílanó á Ítalíu, fengu tískufrömuðir smjörþefinn af vetrartískunni og voru pelsar og þykkari yfirhafnir þá gjarnan með belti um í mittið enda kvenleikinn allsráðandi. *- jma*


Á vefsíðunni habury.dk eru til sölu notuð föt en hún er sannkölluð fjársjóðskista fyrir þá sem líkar tíska tíunda áratugarins.



habury.dk



Gullsmíðaverkstæði Árna Höskuldssonar
lokar 6. mars næstkomandi

ÚTSALA

Mikið úrval skartgripa

40% afsláttur af öllum vörum

Opnunartími 13:00 til 18:00 virka daga
laugardaginn 6 mars 11:00 til 17:00

Bergstaðastræti 4 – 101 Reykjavík – Sími: 562-0335



Stelpur Konur 60+
Staðurinn - Ræktin

60+
Innritun hafin! Sími 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Líkamsrækt fyrir konur 60 ára og eldri
Lokuð 9 vikna námskeið sniðin að þínum þörfum.

2x í viku í 9 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.
eða 18 vikur, kl 9:30 mánudaga og miðvikudaga.

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Stelpur Konur STOTT PILATES®
Staðurinn - Ræktin

STOTT PILATES
Innritun hafin! Sími 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:30 og 16:30.
Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 29.900.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Fyrir fermingarveisluna



Skokkar, kjólar, gegnsæir bolir og belti

Ótrúlegt úrval
stærðir 36-48

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Byrjar 8. mars
2 fyrir 1 tilboð
www.MAGADANS.is

www.PoleFitness.is
Byrjar 8. mars
S.772.2345


Notuð Chanel-föt eru einir mestu fjársjóðir notaðra fata og verða ekki oft á vegi manns. Þau má þó finna á netsíðum með notuð föt og upplagt að kaupa þau frá Bretlandi eða Danmörku.

www.readyto-wear.dk


TRIND Ávallt No 1
Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

Dream Tan Professional
Self-Tanning SPRAY
Húðin verður strax fallega brún!
Snyrtibankinn Verslunarm. Hólagarði Lóuhólar 2-6

FLOTT Í SUMAR...
með Slendertone
System belti herra / dömu kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar kr. 34.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
Sama verð um land allt, frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Fótsnyrting með lökkun
Verð 4.500.- kr.
DONG FANG SALON
Tilboðið gildir til 1. apríl 2010

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
12 kg
Þvottavél og þurrkari
· Tekur 12 Kg · Hljóðlát
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Sparneytin
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS




Fyrirsæta í loðinni kápu frá Blugirl.

NORDICPHOTOS/GETTY



Loðkragi á flík frá Missoni.



Gervigæruskinnskjóll frá Kristina Ti.



Skinnjakki frá Missoni.



Fallegur pels frá Fendi.

# *Loðnir kragar og gervigærur*

**Á tískuvikunni í Mílanó skutu öðru hvoru upp kollinum pelsar, loðnar flíkur, leðurklæði og gervigæruskinn.**

Pelsar og annar fatnaður úr skinni dýra hefur löngum verið umdeildur í tískuheiminum. Meðan sumir sverma fyrir umfangsmiklum minkapels eru aðrir tískuspekúlantar, fyrirsætur og hönnuðir einarðir andstæðingar iðnaðar sem gengur í berhögg við dýraverndarsjónarmið. Á tískuvikunni í Mílanó bar þó fyrir augu pelsa sem dýraverndarsinna klæjaði eflaust í puttana að skvetta málningu á. Hins vegar var einnig nokkuð um gerviskinn, bæði gervipelsa og -gærur sem er flestum frekar að skapi.


Kjólar
fjölbreytt úrval
Verð 9.900 kr.
Litir; svart og brúnt
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

NÝJAR VÖRUR
Stórar stærðir • blússur
toppar • leggings
Útsalan heldur áfram, enn meiri lækkun
ToppHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16

TILBOÐ Á NOKKRUM STÆRÐUM - FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR
teg. Tigerlily - stærðir 32,34,36,38D, 32DD, 34E, 32F, 38FF,32G, 34GG - kr. 4.990,-
teg. Lottie - 32,34,36,38D, 36,38DD, 38E, 32F, 36FF - kr. 4.990,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 2070
Sími 551 3366.
Opið mán.-fös. 10-18,
laugard. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# Gleraugu

Sérblað • fimmtudagur 4. mars 2010

















# 2010 LÍNAN KOMIN

## Ótrúlegt úrval gleraugna, öll helstu merkin




Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
www.opticalstudio.is





Kjartan, eigandi Optical Studio, á hlaupahjólinu góða sem gripið er til þegar þarf að afhenda gleraugu út við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Einstakt í flugstöð

**Optical Studio – gleraugnaverslunin í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hefur algjöra sérstöðu sem verslun á flugvallar- og fríhafnarsvæði en þar eru öll algengustu gleraugu afgreidd meðan beðið er.**



Burkni Birgisson sjónfræðingur að sjónmæla viðskiptavin.

Optical Studio FLE er fullbúin gleraugnaverslun með alla þá þjónustu sem þekkist í bestu gleraugnaverslunum stórborga heimsins. Sjónmælingar og kontaktlinsumælingar eru framkvæmdar í versluninni með nýjustu og fullkomnustu sjónmælingatækjum sem þekkjast.

„Viðskiptavinurinn getur svo sest niður og fengið sér kaffibolla hér hjá okkur og gleraugun eru tilbúin þegar hann klárar kaffið,“ segir Kjartan Kristjánsson, eigandi Optical Studio. Kjartan ítrekar að andrúmsloftið í verslunarumhverfi flugstöðva sé mjög sérstakt, tími viðskiptavinarins er dýrmætur og því verður þjónustan við hann að vera hnökralaus og fáguð. Starfsfólk Optical Studio er lykillinn að góðu gengi verslunarinnar.

„Þessi þjónusta stendur viðskiptavininum hvergi til boða annars staðar og í þau tíu ár sem Optical Studio hefur verið í Leifsstöð hefur orðspor verslunarinnar borist víða. Viðskiptamannahópur okkar spannar í raun allt litrófið, frá ráðherrum og efnuðustu athafnamönnum landsins, heimsfrægum listamönnum á borð við Sophiu Loren og Brad Pitt til skólakrakka og barna. Ástæðan fyrir þessum breiða hópi er sú að verið er að bjóða vöru í heimsklassa á lægra verði en gengur og gerist auk þess sem mikið er lagt upp úr persónulegri og góðri þjónustu. Við þjótum til dæmis með gleraugun á hlaupahjóli á eftir tímabundnum farþegum, alla leið út í flugvélina ef því er að skipta.“

Á heimasíðunni www.optical-studio.is eru allir þættir verslunarinnar vel kynntir. Til að spara tíma geta flugfarþegar nú pantað í gegnum Netið ákveðnar vörur sem þeir óska eftir að kaupa þegar í flugstöðina er komið en á heimasíðu verslunarinnar er að finna myndir af úrvalinu. Viðskiptavinir geta einnig farið áður í verslanir Optical Studio í Smáralind eða Keflavík til að undirbúa pöntun sína á gleraugum.

# Útlitið dökkt í Hollywood

Gleraugnatískan hefur sjaldan verið áberandi í Hollywood nema ef væri sólgleraugnatíska. Hins vegar hefur borið á því undanfarið að frægar stjörnur og fyrirsætur hafi sést með áberandi dökkar umgjarðir, svokölluð persónuleikagleraugu.

Þar má nefna ólátabelginn Kelly Osbourne sem nýlega hefur skipt algerlega um stíl, er orðin ljóshærð og mjó, en þó alltaf aðeins öðruvísi.

Sætabrauðsdrengurinn Justin Timberlake hefur einnig skartað áberandi gleraugum undanfarið og tekur sig vel út. Verður nokkuð gáfulegri fyrir vikið. - sg



Leikarinn Justin Timberlake skartar áberandi gleraugum með dökkri umgjörð.



Kelly Osbourne er krúttleg í leðurjakka og með svarta umgjörð á nefinu.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5439 og Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411

# VETRARSPORT

Sérblað • fimmtudagur 4. mars 2010




















**20%**
**Afsláttur af öllum hjálmum og brynjum**



**Scott Youth Kitty**
12.990 kr.




**Scott Shadow III**
16.990 kr.



**Scott Youth Shadow III**
9.990 kr.



**Scott bakbrynja**
16.990 kr.

MARKIÐ
www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40





● **FYRST Á VETRARÓLYMPÍULEIKA FATLAÐRA** Erna Friðriksdóttir, 22 ára gömul skíðakona frá Egilsstöðum, verður fyrsti keppandi Íslands sem tekur þátt í Vetrarólympíuleikum fatlaðra, en þeir fara fram í Vancouver í Kanada dagana 12. til 21. mars næstkomandi. Þar mun Erna keppa í alpagreinum. Erna hefur æft í Winter Park í Colorado-ríki Bandaríkjanna frá árinu 2007. Þjálfunarstöðin þar vestra hefur átt í samstarfi við Íþróttasamband fatlaðra og Vetraríþróttamiðstöð Íslands síðan 2006, en þar er mikil áhersla lögð á þjálfun og endurhæfingu í gegnum útivist og íþróttir.




**Brynjar Þór Bragason segir hjálmanotkun skíðamanna stefna í rétta átt en fleiri mættu nota bakbrynjur.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flottur með hjálm og hlíf

**Hjálmanotkun skíðamanna hefur aukist hin síðari ár en betur má ef duga skal að mati Brynjars Þórs Bragasonar í Markinu að Ármúla 40.**

„Öryggismál skíðafólks fara alltaf batnandi og það hefur færst mjög í aukana að fólk noti hjálma,“ segir Brynjar, sem er markaðsstjóri hjá Markinu.

Hann segir að nokkur vakning hafi orðið á slíkum öryggisbúnaði frá árinu 2000 og frá þeim tíma hafi hjálmanotkun aukist til muna og nálgist um fimmtíu prósent í dag. „Í það minnsta er það raunin í Bandaríkjunum,“ segir hann en bætir við að hann viti ekki til að könnun hafi verið gerð á hjálmanotkun íslenskra skíðamanna.

En hverju þakkar hann hinn aukna áhuga? „Líklega eru það fréttir af slysum á fólki sem vega þyngst. Til dæmis hefur frægt fólk látist í skíðaslysum og síðan eru fréttir af öðrum sem hafa sloppið við illan leik vegna tilkomu hjálma eða bakbrynja,“ svarar hann.

Brynjar heyrir sjálfur margar sögur af því hvernig hjálmur eða brynja komu að góðum notum. „Það var nú bara í gær sem hingað kom maður að endurnýja hjálminn sinn. Hann hafði dottið illa í skíðabrekkunum á Akureyri þannig að hjálmurinn hans brotnaði. Maðurinn slapp vel miðað við það og aðeins með brotin rifbein,“ segir hann en ekki hefði þurft að spyrja að leikslokum ef höfuðið hefði tekið við þessu höggi í stað hjálmsins.

Úrvalið af hjálmum og bakhlífum er gott í Markinu að sögn Brynjars. „Við erum með bakbrynjur bæði á börn og fullorðna fólkið. Hjálmarnir eru allir svipaðir að gæðum en eru til í mismunandi litum og tilbrigðum.“ Brynjar segir algengast að foreldrar kaupi hjálma á börnin og sumir kaupi þá hjálma á sig í leiðinni. „Það mættu þó alveg fleiri gera það,“ segir hann en telur hjálmanotkun mjög almenna hjá börnum.

Hann segir að óþægindi öryggisbúnaðarins sé ekki lengur afsökun til að sleppa því að nota búnaðinn, því hann sé orðinn mikið léttari, þægilegri og flottari í alla staði heldur en áður. „Því fylgja engin óþægindi að vera með hjálm.“

# Ísfossar sigraðir í Öræfunum

Ísalp hélt ísklifurhátíð í Öræfum um síðustu helgi sem lukkaðist vel. Hópurinn sem þar var skiptist í nokkur lið sem dreifðust um sveitina. Tvær langar leiðir voru klifraðar í Morsárdal og margar fleiri voru í boði í vesturhlíðum Skaftafells, tvö teymi fóru í Rótarfjall og klifruðu erfiðar leiðir og eitt fór í „Rocky Horror Show“ austan við Hnappavelli. Þetta kemur allt fram á vefsíðunni www.oraefi.is. Þar koma líka Svínafell, Grænafjallsgljúfur og Svartifoss við sögu.



**Klifrað í Svartafossi.** MYND/VALERIO AVVISATI

Rósa Björk Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri í Ríki Vatnajökuls, segir aðstæður hafa verið góðar á hátíðinni. Hún segir Ísalp standa árlega fyrir slíkum viðburði hér á landi og ávallt reyna að finna ný svæði en Öræfin hafi þó orðið fyrir valinu áður. Að þessu sinni buðu Íslenskir fjallaleiðsögumenn upp á grillveislu á laugardagskvöldinu og bað í frumlegum, heitum potti í Skaftafelli.

„Við vorum líka að gera kynningarmyndband fyrir Ríki Vatnajökuls. Það er einn liður í að styðja við vetrarferðamennsku í Austur-Skaftafellssýslu,“ segir Rósa og gefur Fréttablaðinu leyfi fyrir mynd úr þeirri seríu. *- gun*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439

# Frá helgistund til furðufataballs

Þrjár lyftur eru á skíðasvæðinu í Tungudal við Ísafjörð og þær voru allar í gangi um síðustu helgi í fyrsta skipti á þessum vetri, að sögn Margrétar Halldórsdóttur, íþrótta- og tómstundafulltrúa bæjarins. „Það snjóar í dag og svo erum við með eina vél sem framleiðir snjó,“ segir hún og upplýsir að skíðasvæðið sé opið frá fjögur til sjö þegar veður leyfir. „Svo erum við með flottasta gönguskíðasvæði á landinu á Seljalandsdal og hingað koma útlendingar í gönguskíðakeppnir, til dæmis á alþjóðlegt skíðamót sem haldið er í kringum 1. maí.“


Skíðavikan er haldin í Tungudal þar sem þrjár lyftur eru í gangi. MYND/MARGRÉT

Nú er Margrét að undirbúa skíðavikuna á Ísafirði sem hefst 31. mars og stendur fram yfir páskahelgina. Hún segir fjölbreytta dagskrá þá daga, því fyrir utan skíðabrunið leynist þar allt frá helgistund til furðufataballs auk þess sem karamellum rigni af himnum ofan. Allt fer þetta að mestu fram á skíðasvæðinu í Tungudal þar sem lyfturnar verða opnar frá 10 til 17. „Reyndar er páskaeggjamót fyrir krakkana uppi í Seljalandsdal og þar verður líka skíðaskotfimin,“ tekur Margrét fram. „Svo verður mót fyrir snjóbrettafólkið líka, að líkindum í Ástarbrekkunni og fyrirhuguð er ferð með Sjóferðum Hafsteins og Kiddýar og stefnan sett á skíðagöngu frá Aðalvík til Hesteyrar. Auk þess er heilmikið um að vera í bænum. Ef ekki er verið að skíða þá er til dæmis hægt að vera í íþróttahúsinu í körfubolta eða skoða leikjadaginn.“


Margrét býst við að brettamótið verði í Ástarbrekkunni. MYND ÚR EINKASAFNI


Sumir eru ótvírætt skrautlegri en aðrir á skíðavikunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

Margrét segir íbúafjöldann gjarnan tvöfaldast á Ísafirði um páskana. Skíðavikan dregur fólk vestur og einnig rokkhátíð alþýðunnar, Aldrei fór ég suður, sem er á sama tíma. „Það eru hátíðaguðsþjónustur í kirkjunum á svæðinu, þrjú leikverk í gangi, tvö þeirra sýnd í Arnardal og eitt í Edinborgarhúsinu, og svo eru böll á kvöldin,“ bendir Margrét á. „Það eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi,“ segir hún og bendir á vefinn www.skidavikan.is. *- gun*

# Skíðin eru alltaf sterkust

**Útilíf er 36 ára gamalt fyrirtæki sem býður upp á skíða- og snjóbrettavörur fyrir alla aldurshópa.**

„Útilíf er langflottast í sportinu,“ segir Gauti Sigurpálsson, vörustjóri skíða og snjóbretta hjá Útilífi. Fyrirtækið byrjaði í litlu horni á neðri hæð Glæsibæjar fyrir 36 árum en hefur vaxið og dafnað síðan og nú til dags hýsir neðri hæð Glæsibæjar stærstu skíðadeild Útilífs. Þá eru einnig Útilífsverslanir í Holtagörðum, Smáralind og Kringlunni, þar sem mesta úrvalið er af snjóbrettum. Í dag hefst svokallað „skíða- og brettafjör“ í verslunum Útilífs, sem þýðir að boðið er upp á hvorki meira né minna en 20 til 30 prósenta afslátt af skíða- og snjóbrettavörum.


„Útilíf hefur mjög traustan kúnnahóp, fólk sem kemur aftur og aftur og er mjög ánægt með þá þjónustu sem í boði er hér,“ segir Gauti Sigurpálsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðspurður segir Gauti sjálf skíðin vera það vinsælasta af vetrarvörum hjá Útilífi. „Síðustu árin hefur verið mest sala í skíðunum sjálfum. Við höfum tekið eftir því að sala á snjóbrettum hefur minnkað að undanförnu, bæði vegna þess að lítið hefur snjóað á okkur og svo helst þetta líka við það sem gerist erlendis. Brettasala hefur minnkað mikið úti um allan heim.“

Gauti segir það gerast í auknum mæli að snjóbrettaáhugafólk snúi sér að skíðum á nýjan leik og þar komi svokölluð leikskíði, eða „Twin-tip“ sterk inn. „Við erum alltaf nokkrum árum á eftir hér á Íslandi en þessi skíði eru það sem koma skal, að við höldum. Þau eru orðin mjög vinsæl úti í hinum stóra heimi. Við bjóðum upp á svona skíði en seljum ekki mörg pör, ekki enn þá,“ segir Gauti og hlær.

Varðandi hin hefðbundnu skíði segir Gauti söluna á þeim hafa breyst töluvert eftir að kreppan skall á, en þó á nokkuð óvæntan hátt. „Þegar fjölskyldur voru að fara til útlanda í skíðaferðir, svo dæmi sé tekið, var það algengt að þær leigðu allar skíðagræjurnar þar. Þess vegna eru margir orðir vanir dýrum skíðum og þessir viðskiptavinir kaupa því dýrari græjur en áður var þegar þeir ætla sér að skíða innanlands.“

Að sögn Gauta býður Útilíf upp á allar skíða- og snjóbrettavörur fyrir alla aldurshópa, að klæðnaði meðtöldum. „Í skíðunum er franska merkið Rossignol aðalmerkið okkar. Það er 103 ára gamalt fyrirtæki, mjög stórt og virt, enda um gríðarlega vandaðar vörur að ræða. Þá seljast vörur frá Blizzard alltaf vel, en það merki hefur Útilíf boðið upp á nánast frá upphafi,“ segir Gauti.

Hann bendir einnig á að skíðaverkstæði Útilífs í Glæsibæ njóti mikilla vinsælda, en þar er hægt að láta gera við skíðavörur, slípa til skíði, brýna þau og þar fram eftir götunum. „Útilíf hefur mjög traustan kúnnahóp, fólk sem kemur aftur og aftur og er mjög ánægt með þá þjónustu sem í boði er hér,“ segir Gauti.






Skautahöllin í Reykjavík er þétt setin að sögn Hilmars. „Á morgnana koma skólahópar með kennurum og síðan erum við með dagsopnun fyrir almenning frá tólf til þrjú," tekur hann sem dæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vel sótt skemmtun

**Skautahöllin í Reykjavík er eitt mest sótta mannvirkið í Laugardalnum um þessar mundir og þar leika sér ungir sem aldnir frá morgni til kvölds.**

Skautahöllin í Reykjavík hefur verið vel sótt að undanförnu og er eitt mest sótta mannvirkið í Laugardalnum. Hilmar Björnsson segir skýringuna helst að finna í því að um er að ræða ódýra skemmtun fyrir alla fjölskylduna. „Það er ekki svo ýkja mikið hreyfingarframboð fyrir alla fjölskylduna á höfuðborgarsvæðinu og þetta kann fólk að meta. Við erum með hóp- og fjölskyldutilboð og hér er hægt að koma inn af götunni og leigja allt sem til þarf en við erum með skauta á háa sem lága og ókeypis hjálma á alla."

Hilmar segir verðið ekkert hafa hækkað undanfarin ár. „Þegar höllin var opnuð fyrir rúmum áratug kostaði jafnmikið fyrir börn að fara á skauta og í bíó. Aðgangseyririnn hjá okkur er enn þá fimm hundruð krónur en bíómiðinn er að skríða í þúsund krónur." Hilmar segir veðrið hafa



Algengt er að hinir ýmsu hópar taki svellið í Skautahöllinni í Reykjavík á leigu á kvöldin.

áhrif á aðsóknina. Hún byrjaði að aukast til muna strax eftir jól sem var örlítið fyrr en í fyrra en þessi árstími er jafnan sá annasamasti. „Þegar búið er að vera kalt og fólk kemst jafnvel á skauta úti í náttúrunni kemst það upp á lagið og heldur áfram hjá okkur."

Skautahöllin er þétt setin. „Á morgnana koma skólahópar með kennurum og síðan erum við með dagsopnun fyrir almenning frá tólf til þrjú. Eftir þrjú er Skautafélag Reykjavíkur með listskauta- og hokkíæfingar en á fimmtudögum og um helgar er meira opið fyrir almenning. Á kvöldin hafa hinir ýmsu hópar svo tekið svellið á leigu." Hilmar segir síðan algengt að starfsmannafélög og aðrir hópar taki sig saman og skipuleggi fjölskyldudag og að þá sé ýmist hægt að koma á almenningstíma eða taka svellið á leigu. Hann segir aðsóknina að flestu leyti svipaða eða jafnvel meiri en undanfarin ár ef frá eru taldir skólahóparnir. „Það er helst að aðsókn þeirra hafi minnkað en ég held að það sé vegna tilmæla frá skólayfirvöldum um að kennarar og foreldrafélög skipuleggi ekki afþreyingu sem kostar."

Skautasvellið í Egilshöll er líka vel nýtt og er aðsóknin alltaf að aukast að sögn rekstrarstjórans Egils Gómes. „Aðsóknin datt svolítið niður á tímabili í kringum hrunið en hefur aukist mikið aftur. Við erum með tilboð og fjölskyldupakka og hingað koma fjölskyldur í stórum stíl." *-ve*

# Gleðileikar í Hlíðafjalli

Helgina tólfta til fjórtánda mars fer fram í Hlíðafjalli á Akureyri svokallað Telemark festival. Þetta er í tíunda sinn sem það er haldið.

Telemark festival er ekki alvarlegt keppnismót í skíðaíþróttum þá á dagskránni sé svigkeppni. Keppendur mæta í búningum og eru verðlaun veitt fyrir besta búninginn. „Keppnin hefur þróast út í meira glens og grín síðustu ár til dæmis er búningakeppni, bæði liða- og einstaklingskeppni, verðlaun eru veitt fyrir frumlegasta búninginn og fyrir besta fallið eða besta nýliðann. Stundum eru líka sérstök verðlaun fyrir stysta tíma í braut ef menn detta snemma," útskýrir Jón Marínó Sævarsson en hann er einn af forsvarsmönnum Telemarkfestival.

Hann segir dagskrána ekki í föstum skorðum og hlutirnir látnir ráðast af sjóalögum og veðri. Leikarnir hafa þó aldrei fallið niður heldur hefur snjórinn verið eltur uppi. Telamark festival hefur til dæmis farið fram á Dalvík, Siglufirði, Sauðárkróki og Kaldbak. Nú er hins vegar nægur snjór í Hlíðafjalli og á Jón von á fjölda þátttakenda.

„Þarna safnast saman Telemarkarar af landinu og brettafólk. Við setjum lit á fjallið. Það er helst að



Búningar setja jafnan svip á svigkeppnina og hér má sjá jólasvein á ferð. MYND/SVEINBORG HLÍF GUNNARSDÓTTIR

keppnirnar verði endasleppar í svona miklum snjó því fólk getur ekki beðið eftir því að röðin komi að því í brautinni en þetta verður bara látið ráðast og gleðin frekar látin ráða."

Hópurinn safnast saman á laugardagskvöldinu á veitingastað þar sem verðlaunaafhending fer fram. Staðsetnig verður auglýst á vefsíðunni www.isalp.is. og þar er hægt að skrá þátttöku. Ekkert þátttökugjald verður í fjallið en rukkað hóflega fyrir matinn. *-rat*








Líklega sér hún ekkert betur með þennan höfuðbúnað, en hún er í það minnsta spes til fara.



Fyrirsæta á sýningu Vivek Kumar á tískuviku í Mumbai á Indlandi.



Ekki vildi maður mæta þessum í myrkri. En hann tók sig vel út á tískusýningu Katie Eary á tískuvikunni í London nýverið.



Furðuleg gleraugu léku stórt hlutverk á sýningu Arrondissement á tískuvikunni í Berlín.

# Furðuverur og ólíkindatól

Þótt notagildi sé megintilgangurinn með gleraugum hafa hönnuðir leikið sér með fyrirbærið í gegnum tíðina. Leikarar, söngvarar og aðrir þeir sem vilja vekja á sér athygli hafa á stundum borið áberandi gleraugu. Má þar nefna Elton John, Lady Gaga og David Bowie.

Á tískupöllunum má stundum sjá furðulegar gleraugnahugmyndir verða að veruleika. Líklega myndu fæstir nota slík tól hvunndags en hins vegar er skemmtilegt að virða þau fyrir sér til að hlæja að, já eða hneykslast. *-sg*

# Fær reglulega þakkarbréf

**Eftir að Hrafnkell Freyr Magnússon komst í samband við gleraugnaframleiðendur í Kína með gott úrval og orðspor en lágt verð stofnaði hann vefverslunina www.kreppugler.is.**



**„Ég bæti tugum umgjarða inn á síðuna mánaðarlega," segir Hrafnkell Freyr um www.kreppugler.is og segir framleiðendurna fylgjast vel með tískunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Gleraugun sem ég hef fengið hafa reynst mjög vel. Þau eru að öllu leyti sambærileg við gleraugu sem keypt eru í íslenskum búðum en kosta bara brot af því sem þar er borgað fyrir þau," segir Hrafnkell Freyr, sem í júlí síðastliðnum setti upp vefverslunina www.kreppugler.is.

„Ég var búinn að kynna mér vel á Netinu hvernig ætti að kaupa gleraugu og þessir framleiðendur voru með gott úrval, góð gleraugu og gott orðspor," tekur hann fram.

Hrafnkell Freyr er sjálfstætt starfandi forritari en segir gleraugnaviðskiptin taka æ meiri tíma. „Þetta gengur mjög vel," segir hann. „Það er svo skemmtilegt að fólk kaupir kannski hjá mér ein gleraugu og pantar svo fleiri einum til tveimur mánuðum seinna sem sýnir að það er greinilega ánægt. Ég fæ líka bréf þar sem fólk þakkar mér fyrir að spara sér hundrað þúsund króna."

Þegar bent er á að fólk þurfi að leggja í kostnað til að fá sjónskoðun sem fylgi með í venjulegum gleraugnakaupum svarar Hrafnkell Freyr: „Já, ég hef hvorki kunnáttu né aðstöðu til að mæla gler en ráðlegg fólki að fara til augnlæknis. Það er ódýrt."

Algengast er að afgreiðsla á gleraugunum taki þrjár vikur en hún getur farið í fjórar til fimm, að sögn Hrafnkels Freys. „Börn skemma gleraugun sín auðveldlega svo ég mæli með því að fólk panti tvenn, því ef ein skemmast gengur auðvitað ekki að hafa barnið sjónlaust í einhverjar vikur. Í öllum tilfellum er töluvert ódýrara að kaupa tvenn hjá mér en ein hjá öðrum," segir hann.

Sterkustu umgjarðirnar á www.kreppugler.is eru úr titanium og ryðfríu stáli en Hrafnkell Freyr segir gleraugu með stórum, dökkum plastumgjörðum vinsæl um þessar mundir. „1980-lúkkið," útskýrir hann og telur Kínverjana fylgjast vel með tískunni. „Ég bæti tugum umgjarða á síðuna mánaðarlega. Þar eru nú um 1.100 gerðir og flestar í fleiri en einum lit," segir hann. „Stærsta vandamálið við að panta hjá mér er að erfitt er að velja."





Naomi Campbell er með sporöskjulaga höfuðlag og er því svo heppin að geta valið hvaða umgjörð sem er.

# Valið miðast við höfuðlag

Val á gleraugnaumgjörðum ætti að taka mið af höfuðlagi. Þeir sem eru svo heppnir að vera með egglaga höfuð geta reyndar valið hvaða gleraugnaumgjörð sem er enda eru hlutföllin í andlitinu jöfn og óhætt að leika sér með umgjarðir. Þó er mælt með því að byrja að prófa fiðrilda- eða sporöskjulaga gjarðir.

Ferkantað höfuðlag einkennist af breiðu enni, framstæðum kjálka og skarpri höku. Kringlóttar gjarðir vega því vel upp á móti auk þess sem kisulag fer mörgum vel. Kringluleitt fólk ætti aftur á móti að velja hornréttar gjarðir en þá virkar höfuðið mjórra. Séu gjarðirnar fremur láréttar en lóðréttar virkar andlitið auk þess lengra og sömu áhrif hefur það ef umgjarðirnar eru í hærri kantinum.

Kisu- eða fiðrildagleraugu fara fólki með hjartalaga andlit vel auk þess sem kringlóttar gjarðir í léttum litum draga úr breiðu enninu. Séu umgjarðirnar breiðari að neðan en ofan geta þær auk þess vegið upp á móti mjórri hökunni. Sum gleraugu gera mikið úr enninu og því ætti fólk með hjartalaga andlit að forðast gjarðir með flúri að ofan. *- ve*



Smá uppþvottalögur hentar vel í þrifin.

# Þrif á gleraugum

Gleraugu þarf að þrífa reglulega en ekki er sama hvernig það er gert. Á heimasíðu verslunarinnar Sjónarhóls í Hafnarfirði er að finna góðar leiðbeiningar um þrif á gleraugum en þar er varað við því að strjúka glerin með rykugum klút eða nudda gleraugunum við föt. Eins þurfi að passa að þau verði ekki fyrir hnjaski, rekist ekki utan í hart og óráðlegt er að geyma þau óvarin í vasa. Hreinsa skal glerin með köldu rennandi vatni, ekki heitu og strjúka glerin létt með fingrunum undir bununni. Ráð er að nudda einum dropa af uppþvottalegi milli fingranna og strjúka svo yfir glerin og skola. Glerin eru orðin hrein þegar þau verða stöm viðkomu og þá skal þurrka þau með hreinum gleraugnaklút. *- rat*

**● SJÓNTÆKI MEÐ LANGA SÖGU** Gleraugu sem eru borin á nefi eru elsta gerð sjóntækja. Þau fyrstu sem vitað er um komu fram á Ítalíu árið 1284. Fyrstu sönnunargögnin má hins vegar sjá í verki ítalska listmálarans Tommaso da Modena frá árinu 1352 en þar má sjá kardínálann Hugh de Provence lesa bók með hjálp gleraugna. Af öðrum sjóntækjum má nefna einglyrni sem er sjóngler borið fyrir eitt auga, lúpu sem er lítið stækkunargler sem er notað við vinnu með smáa hluti og augnlinsur, sem eru settar utan á hornhimnu augans, og komu fram á seinni hluta 20. aldar.



*Heimild: wikipedia*



**● HLÍFÐARBÚNAÐUR** Snjóblinda orsakast af því að sólin brennir hornhimnu augans. Yfirleitt hverfa einkennin af sjálfu sér á tveimur sólarhringum. Samt er betra að hlífa augunum sem mest á meðan og nota sólgleraugu.


BYRJAÐU AÐ LÉTTAST OG LÍÐA BETUR STRAX Í DAG



4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

Helga Pálsdóttir, 40 ára og 4 barna móðir
Ráðgjafi hjá Allianz – Missti 8 kg á 9 vikum.
Að vera orkumeiri og léttari er orðinn lífsstíll hjá mér.
Ég gerði þetta af skynsemi og þú getur það líka!






Lúxusnámskeið Nordicaspa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
Ég er skráningarfíkill og áhugamaður um tölulegar upplýsingar um sjálfan mig. Því er ég að vona að handan við móðuna miklu taki á móti mér nefnd sem slær upp ítarlegu powerpoint-sjói um líf mitt. Trúarbrögðin gera flest ráð fyrir einhverju svona yfirliti, en þau eru bara svo gamaldags og hallærisleg að nýjustu forritin frá Microsoft koma hvergi fyrir í þeim. Ég held að starfsmenn himna og/eða helvítis hljóti að hafa tekið nokkra endurmenntunarkúrsa og séu orðnir sjóaðir í að framreiða tölulegar upplýsingar á myndrænan hátt.



**ÉG, STEINDAUÐUR** en þó sprelllifandi í hvítum kyrtli, verð settur við endann á langborði og svo hefst sýningin. Kökurit, súlurit og línurit ganga upp og niður á tjaldinu og sýna mér sannleikann um líf mitt. Þetta verður mjög áhugaverð sýning. Þú svitnaðir 740 lítrum, borðaðir samtals 37 beljur og hugsaðir sjö ár samtals vafasamar hugsanir sem samræmast ekki feminískum grunngildum, verður mér kannski sagt með tilheyrandi refsingu. Þú eyddir tveimur dögum og 3,4 klukkutímum í að leita að týndum sokkum, 2,2 kíló af skeggi liggja eftir þig og 204 daga samtals lástu í rúminu og svitnaðir af áhyggjum yfir erfiðri skuldastöðu. Því miður verðum við að tilkynna þér að afborganirnar 35 sem þú áttir eftir af íbúðinni fylgja með inn í næstu „vídd“. Svona verður líf mitt greint í sundur lið fyrir lið á svipaðan hátt og fótboltaleikir eru teknir fyrir í sjónvarpsútsendingum að leik loknum.

**JAHÁ,** mun ég hugsa, nokkuð sáttur bara. Ég drap þá allavega engan né setti lítið þjóðfélag á hausinn. Og eitt mun koma mér mest á óvart: Hvað ég eyddi miklum tíma í að neyta og hugsa um mjólkurafurðir. Mér verður gefið aftur að smakka á jarðarberjasúrmjólkinni sem ég unni sem barn og kom í pýramídafernu. Þá verður stóru spurningunni loks svarað: Hvernig er grísk jógúrt raunverulega á bragðið? Það eru nefnilega til tvær tegundir á markaðinum hér og þær eru ekkert líkar. Frá MS kemur þykk og bragðgóð grísk jógúrt sem ég er sólginn í. Bíóbú framleiðir kókosjógúrt, sem er æðisleg. Því hélt ég að mín biði geðveik snilld þegar grísk jógúrt frá þeim kom á markaðinn. Hún er aftur á móti miklu verri á bragðið en hin gríska MS og þar að auki helmingi dýrari. En hvor jógúrtin er líkari alvöru grískri jógúrt? Og skiptir það einhverju máli? Skiptir ekki bara máli hvor mér finnst betri?

**FÁVITAR** athugið: Þessi Bakþanki er í rauninni um kosningarnar á laugardaginn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Fimmtudagstilboð: Kjöt á frábæru verði í Bónus
598 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
698 KR.KG
MÓA STEIKTUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR.KG
BÓNUS KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
479 KR.KG
BÓNUS KJÚLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
1698 KR.KG
KJÖRFUGL KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR
1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI: FERSKT LAMBALÆRI EINIBERJAKRYDDAÐ
898 KR.KG
GRÍSAVEISLA: GRÍSAKÓTILETTUR
498 KR.KG
GRÍSAVEISLA: GRÍSAHAKK
898 KR.KG
GRÍSAVEISLA: GRÍSAGÚLLAS
898 KR.KG
GRÍSAVEISLA GRÍSASNITSEL
898 KR.KG
GRÍSAVEISLA ÚRB.GRÍSAHNAKKI
1398 KR.KG
GRÍSAVEISLA GRÍSALUNDIR
1398 KR.KG
LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
MERKT VERÐ 1698 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
1398 KR.KG
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR
498 KR.KG
GRÍSAVEISLA: FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 KR.KG
KJARNAFÆÐI: KOFAREYKT SVEITABJÚGU
598 KR.PAKKINN
NAUTAVEISLA FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
598 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1 FL.
898 KR.KG
NAUTAVEISLA: FERSKT NAUTAHAKK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

**!**

### Í kvöld kl. 21

*Á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans kemur fram tríó píanóleikarans Sunnu Gunnlaugsdóttur. Með henni leika bassaleikarinn Þorgrímur Jónsson og Scott McLemore sem leikur á trommur. Tríóið mun aðallega leika nýtt efni eftir Sunnu sem er samtíma djasstónlist full af þokka og eldmóði. Múlinn er samstarfsverkefni Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) og Jazzvakningar. Tónleikar Múlans fara fram í Jazzkjallaranum á Café Cultura, Hverfisgötu 18.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Ást og vonbrigði



Í dag kl. 12 fara fram hádegistónleikar Hafnarborgar. Þeir bera yfirskriftina Ást og vonbrigði. Á þeim ætlar Ágúst Ólafsson barítón að koma fram ásamt Antoniu Hevesi píanóleikara, sem hefur haldið utan um hádegistónleikana í sjö ár. Ágúst kemur funheitur af fjölunum úr Íslensku óperunni þar sem hann lauk nýverið við að syngja hlutverk hershöfðingjans Belcore úr Ástardrykknum. Í óperum ná tenórar og sópran yfirleitt saman á meðan barítóninn verður fyrir vonbrigðum. Á tónleikunum verður leitað í smiðju Mozarts og Bellini og er atburðarás og aðstæður útskýrðar jafnóðar fyrir gestum. Ágúst er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Rödd ársins. Ókeypis er á tónleikana á meðan húsrúm leyfir og það er víst betra að mæta tímanlega því oft hefur þurft að vísa gestum frá vegna góðrar aðsóknar.

**ÁGÚST ÓLAFSSON** Í Hafnarborg í hádeginu.

### > Ekki missa af

Sýningin Þetta vilja börnin sjá! – myndskreytingar í íslenskum barnabókum 2009 – hefur staðið yfir í Gerðubergi. Nú er síðasta sýningarhelgin fram undan. Myndskreytingarnar keppa jafnframt um íslensku myndskreytiverðlaunin sem kennd eru við Dimmalimm. Síðast hlaut bók Ragnheiðar Gestsdóttur Ef væri ég söngvari þessi eftirsóttu verðlaun og á laugardaginn kl. 14 mun hún vera með spjall um verk sín.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

**24.02.10 - 02.03.10**



**1** Póstkortamorðin - kilja
Liza Marklund/J. Patterson



**2** Risasyrpa - Í grænum sjó
kilja - Walt Disney



**3** Loftkastalinn sem hrundi - kilja - Stieg Larsson



**4** Stúlkan sem lék sér að eldinum - kilja - Stieg Larsson



**5** Bankster - kilja
Guðmundur Óskarsson



**6** Horfðu á mig - kilja
Yrsa Sigurðardóttir



**7** Harmur englanna - kilja
Jón Kalman Stefánsson



**8** Veröld sem var - kilja
Stefan Zweig



**9** Týnda táknið - kilja
Dan Brown



**10** Þegar kóngur kom - kilja
Helgi Ingólfsson

Eymundsson.is **Eymundsson** *Bóksali frá 1872*




**LÚXUSÚTGÁFAN AF BLOODGROUP** Hljómsveitin og strengjafólk. Litla stúlkan heitir Snæfríður Hekla og er dóttir Halls. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Lúxus Blóðflokkur í kvöld

**Hljómsveitin Bloodgroup heldur útgáfutónleika í Iðnó í kvöld.**

„Þetta verður lúxusútgáfa af Bloodgroup. Fjórir strengjaleikarar spila með okkur og þeir Styrmir Hauksson og Benedikt Freyr, sem voru einu sinni í bandinu, koma og spila sína parta,“ segir Hallur Kr. Jónsson, elsti bróðirinn í Bloodgroup, um útgáfutónleikana fyrir plötuna Dry Land sem fara fram í Iðnó í kvöld. Síðan spilar sami hópur í Græna hattinum á Akureyri á laugardagskvöldið. Jónsbörn eru þrjú í Bloodgroup, Ragnar og Lilja auk Halls, en fjórði meðlimurinn er Færeyingurinn Janus Rasmussen. Því verða útgáfutónleikar í Færeyjum líka, 13. mars í Perlunni í Þórshöfn. „En þá verður bandið bara eins og það á að sér að vera, bara við fjögur, því það er bara of dýrt að fljúga út með allan hópinn,“ segir Hallur.

Dry Land fékk frábæra dóma þegar platan kom út í fyrra og Bloodgroup er með tvær tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna, í flokkunum Poppplata ársins og Lag ársins (fyrir lagið „This Heart“). Hallur segir gott að vera með góða plötu í höndunum og að ýmislegt sé fram undan hjá bandinu. „Við erum að þreifa fyrir okkur með útgáfu í útlöndum og bíðum eftir rétta tækifærinu með það. Við förum í túr til Þýskalands í apríl og reynum að nýta hann eitthvað og svo eru einhverjar tónlistarhátíðir farnar að hlaðast upp fyrir sumarið. Við höldum bara áfram að harka.“

**drgunni@frettabladid.is**








**TATSU AOKI** Sýndur í Listasafni Reykjavíkur í kvöld.

# Tatsu Aoki sýndur í Kínó

**Kínó klúbburinn helgar fimmtudagsdagskrá sína í kvöld hinum fjölhæfa japanska listamanni Tatsu Aoki. Auk þess að hafa helgað sig kvikmyndagerðarlistinni er Aoki eftirsóttur djasskontrabassaleikari og hljómplötuútgefandi.**

**Aoki flutti til Bandaríkjanna árið 1977 og lagði stund á tilraunakvikmyndagerð við School of the Art Institute of Chicago. Hann er í dag aðjúnkt við sama skóla. Aoki hefur gert yfir 30 tilraunakvikmyndir og verða fjórar þeirra sýndar: Puzzle III (2001), Decades Passed (2003), Harmony (1991) og Solution A (1991). Kínó sýnir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu, og hefst dagskráin kl. 20. Aðgangur er ókeypis.**

Nýtt tungl komin í kilju - Vampíruæði um helgina

# „Fyrir blóðþyrsta“

Komin í kilju




1.990 kr.
~~2.490 kr.~~

Sökktu tönnunum í Nýtt tungl, framhald hinnar geysivinsælu bókar Ljósaskipta. Þessar metsölubækur Stephanie Meyer um Isabellu og Edward hafa slegið í gegn um allan heim.

„Ég kem til með að bíða alveg eins spennt eftir næstu bók og vona að ég þurfi ekki að bíða til næstu jóla. Mér þykir vænt um þessa sögu og ég vil auðvitað eins og hver heilvita maður að ævintýrið endi vel.“
Bókablogg Kollu / miðjan.is

„Þetta er löng bók, um 500 blaðsíður. En lesendur setja lengdina ekki fyrir sig heldur fagna mjög og sökkva sér ofan í ævintýraríka frásögn.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Morgunblaðið

## Fyrri bókin Ljósaskipti er einnig á tilboði um helgina fyrir þá sem eru ekki enn byrjaðir að lesa söguna af Isabellu og Edward.

Isabella Swan flytur til smábæjarins Forks þar sem hún kynnist Edward Cullen, dularfullum og gullfallegum pilti, og leyndardómsfullri fjölskyldu hans. Þau Edward verða innilega ástfangin en málin flækjast þegar á daginn kemur að Edward er vampíra. Bella þráir ekkert heitar en að vera með Edward, sama hvað það kann að kosta hana, en hún sér ekki hætturnar sem steðja að henni og öllum sem henni eru kærir. Bókin er innbundin.




990 kr.
~~1.490 kr.~~

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


MASSIVE ATTACK


DR. DOG

## > Í SPILARANUM

**Massive Attack** - Heligoland
Shearwater - The Golden Archipelago
Joanna Newsom - Have One On Me
Liars - Sisterworld
**Dr. Dog** - Shame, Shame

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Síðasti Johnny Cashinn

Endurmat á snilli Johnny Cash og endurkomu hans til kúlheima má að stórum hluta skrifa á upptökumanninn Rick Rubin, sem fékk hann í samstarf á 10. áratugnum. Plöturnar sem þeir gerðu saman bera yfirskriftina „American“ og sjötta og síðasta afurðin úr samstarfinu, American VI: Ain‘t no grave, er nýkomin út. Lögin á plötunni voru tekin upp á tímabilinu maí-september 2003 og eru úr sömu lotu og lögin á þarsíðustu plötu, American V: A Hundred Highways. Johnny lést 12. september 2003, fjórum mánuðum eftir að lífsförunautur hans, Jane Carter, hafði gefið upp öndina. Því er ekkert skrýtið að meginstefin á nýju plötunni eru dauði og sorg.



**UMSLAG AIN'T NO GRAVE** Strákurinn Johnny Cash.

Að vanda er megnið tökulög. Titillagið er eftir Claude Ely, en þarna er að auki lög eftir Sheryl Crow, Kris Kristofferson, Tom Paxton og fleiri. Platan hefur fengið ágætis viðtökur, en þó finnst sumum að gengið sé ansi langt við að blóðmjólka arfleifð meistarans. Johnny Cash-aðdáendur komast hins vegar í feitt. **- drg**




## > Plata vikunnar

Buxnaskjónar - Nýtt lýðveldi

★★★

„Hressandi en full hefðbundið pönk.“

**Dr. Gunni**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Hrjúf og nýstárleg blanda*

Eitt af hinum nýju nöfnum í tónlistarheiminum sem mikið er talað um þessa dagana er Gonjasufi, en það er listamannsnafn Sumacks Ecks, söngvara og jógakennara, sem búsettur er í Las Vegas. Hann hefur búið til tónlist í nokkur ár og gefið út sjálfur í takmörkuðu upplagi undir Sumack-nafninu, en fyrsta platan hans sem fær almenna dreifingu, A Sufi and a Killer, kemur út hjá Warp-fyrirtækinu á mánudaginn.


**HÁR- OG SKEGGPRÚÐUR** Gonjasufi varð fyrir miklu áreiti eftir árásirnar á Tvíburaturnana 11. september.

Gonjasufi er fæddur og uppalinn í San Diego. Hann er þriggja barna fjölskyldufaðir og hefur kennt jóga í nokkur ár. Hann fékk fyrst áhuga á tónlist þegar hann kynntist rapptónlist snemma á tíunda áratugnum. Það er tvennt sem maður tekur strax eftir hjá Gonjasufi. Röddin og útlitið, en vegna þess síðarnefnda varð hann fyrir miklu áreiti í kjölfar árásanna á World Trade Center 11. september 2001.

Tónlist Gonjasufi er mjög sérstök blanda. Hún er m.a. unnin með upptökustjóranum The Gaslamp Killer, sem var samstarfsmaður J. Dilla, og raftónlistarsnillingnum Flying Lotus sem gaf út hina rómuðu Los Angeles-plötu hjá Warp árið 2008. Það má heyra áhrif víða að á A Sufi and a Killer. Hip-hop, lo-fi popp, soul, tilraunakennd raftónlist og blús blandast á nýstárlegan hátt. Og svo er það röddin sem er hrjúf og skemmtileg. Pitchforkmedia lýsir henni sem „rytjulegu og óhræsislegu gargi sem gæti tilheyrt andlegu afkvæmi George Clinton og Leadbelly“. Engin smá lýsing það. Guardian, sem veðjar á að A Sufi and a Killer verði ein af plötum ársins, er líka með innblásna lýsingu á tónlistinni: „Eins og Screamin Jay Hawkins að flytja tónlist M.I.A. endurgerða af Portishead …“

Veit ekki alveg með það, en A Sufi and a Killer er allavega frábær plata.






# Górillur á plastströndinni

**Þriðja plata Gorillaz heitir Plastic Beach og kemur út á mánudaginn. Dr. Gunni tékkaði á henni.**

Damon Albarn og teiknarinn Jamie Hewlett, sem best er þekktur fyrir Tank girl, fengu hugmyndina að Gorillaz árið 1998. Pælingin var að búa til þykjustuband þar sem meðlimirnir yrðu teiknaðir af Jamie og Damon myndi semja tónlistina. Hugmyndin var eiginlega nútímaútgáfa af svipaðri hugmynd sem var í gangi í kringum 1970 þegar hið ofurgrípandi tyggjópopp var hvað vinsælast. Tyggjópoppið var samið og flutt af andlitslausu starfsfólki í hljóðverum, en fallegt fólk látið vera í framlínunni í „böndunum“. Stundum var notast við teiknimyndafígúrur eins og í „hljómsveitunum“ Banana Splits og The Archies, sem voru með stórsmellinn „Sugar, Sugar“ 1969.

Hugmyndin að Gorillaz gekk svona líka ljómandi vel upp. Fyrstu tvær plöturnar (Gorillaz (2001) og Demon Days (2005)) hafa selst í um 15 milljón eintökum og lög eins og Clint Eastwood og Feel Good Inc. hafa notið mikilli vinsælda.


**„MEÐLIMIR“ GORILLAZ** Þau 2D, Noodle, Murdoc og Russel.

Á nýju plötunni er allt við það sama. „Meðlimir“ Gorillaz eru enn þau 2D, Murdoc Niccals, Russel Hobbs og Noodle, og tónlistin sem Damon stendur á bak við fer út um víðan völl. Í grautnum má greina döbb, hipp hopp, raftónlist og britpopp – en þó má alltaf greina persónulegan keim Damons sjálfs, enda syngur hann sum lögin.

Báðar fyrri plöturnar voru með haug af spennandi tónlistarfólki sem lagði inn. Plastic Beach er engin undantekning, Górillur kalla til samstarfsfólk úr ýmsum áttum. Á plötunni leggur inn lið eins og Lou Reed, Mark E Smith úr The Fall, Gryff Rhys úr Super Furry Animals og Mick Jones og Paul Simonon úr The Clash, og ekki má gleyma Snoop Dogg, De La Soul og The Lebanese National Orchestra for Oriental Arabic Music. Þá eru þeir Bobby Wymack og Mos Def saman í fyrsta smáskífulagi plötunnar, „Stylo“.

Platan er létt og glaðleg og hún hefur fengið rífandi góða dóma. Tónlistardeild BBC og Q-tímaritið hafa slengt fullum húsum á hana. „Umfang og dýpt Plastic Beach er ískyggilegt. Þeir sem eru skúffaðir yfir því að Blur gerði aldrei „Hvíta albúmið“ sitt, þurfa ekki að leita lengra,“ segir á vefsíðu BBC og Q segir plötuna innihalda framsæknasta poppið sem þú munt heyra í ár.


**MARK E SMITH** Eins og Jamie Hewlett teiknar hann í félagi við Gorillaz.

# Djöflasýrubeikon auglýsir úlpur

„Fyrir einhverja hundaheppni gátum við selt gamalt lag í North Face-auglýsingu í Japan og fengum nógu mikið af peningum til að gera heila plötu. Og þetta er hún,“ segir Bogi Reynisson í hljómsveitinni Bacon Live Support Unit um plötuna Rodentmaster sem er nýkomin út. „Þessi kona hafði bara samband. Hún hafði heyrt lagið Powerprest – ég veit ekkert hvernig hún heyrði það, líklega á ferðalagi hérna – og vildi endilega fá að nota það. Og við bara, já já, endilega.“

North Face selur útivistarfatnað, en Bogi segir Bacon langt í frá flytja eitthvert útivistarrokk. „Við spilum einhverja djöflasýru. Við erum tiltölulega lausir við það að þurfa að gera einhverjum til geðs nema okkur sjálfum. Við gerum bara þá tónlist sem við myndum vilja heyra sjálfir. Og það er frekar drungalegt tónlist þessa dagana,“ segir hann.

Bogi var á árum áður m.a. í Stjörnukisa og Sororice, en með honum í Beikoni eru Maggi trommari sem m.a. var í Bleiku böstunum, Guðmundur sem var í 2001, Pétur sem var í Skátum og Gísli sem var í Stjörnukisa. Rodentmaster inniheldur níu lög sem eru öll flutt og samin af hljómsveitinni sjálfri, nema titillagið Rodentmaster sem samið er af Páli Thayer. Þrjú laganna eru sungin. Fyrir nokkrum árum gerði


**BACON LIVE SUPPORT UNIT** Úr myndbandi við lagið „Things“, sem Fiona Cribben – „búningahönnuður frá helvíti“ eins og Bogi kallar hana – gerði.

Bacon þrjár styttri plötur (Krieg, Jenny og Kamel), sem Bogi segir að innihaldi hálfgerð demó. Sum þeirra laga eru á nýju plötunni í fyllri útgáfum. Platan fæst í helstu plötubúðum og einnig er hægt að nálgast hana á gogoyoko.com þar sem hægt er að hlusta á hana í heild sinni án endurgjalds. Útgáfutónleikarnir verða í kjallara Kaffi Kúltúra laugardagskvöldið 13. mars og verður ókeypis inn.

**- drg**

## > GÍSLI FESTIR SIG Í SESSI

Gísli Örn Garðarsson getur loks andað léttar því í nýjasta myndbroti Prince of Persia er það endanlega staðfest að hann er í sæmilega stóru hlutverki. Gísla bregður að minnsta kosti tvívegis fyrir í myndbrotinu, jafn oft og Ben Kingsley.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Gott hjarta Dags Kára frumsýnt

Loksins, loksins, kynnu einhverjir að hugsa því á föstudaginn verður kvikmynd Dags Kára, The Good Heart, frumsýnd. Myndarinnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda Dagur Kári einn fremsti kvikmyndagerðarmaður okkar Íslendinga. Töluvert hefur verið skrifað um The Good Heart en upphaflega stóð til að þeir Tom Waits og Ryan Goosling myndu leika aðalhlutverkin í þessari mynd. En sökum þess að ekki tókst að samræma dagskrá þeirra var fallið frá þeirri hugmynd.

Þeir sem komu í staðinn eru engu síðri en það eru breski stórleikarinn Brian Cox og bandaríska ungstirnið Paul Dano.



**ÞRÍEYKIÐ** Dagur Kári ásamt þeim Paul Dano og Brian Cox. Myndin The Good Heart verður frumsýnd á föstudaginn.

The Good Heart segir frá roskn-um bareiganda að nafni Jacques sem á í vandræðum með bæði skap sitt og hjarta. Þegar Jacques hittir hinn heimilislausa Lucas á sjúkrahúsi eftir enn eitt hjartaáfallið ákveður gamli maðurinn að taka Lucas upp á sína arma og kenna honum hvernig á að reka bar í þeirri von að Lucas muni taka við af honum þegar hann deyr.

Meðal annarra leikara má nefna franska ungstirnið Isild Le Besco en þrátt fyrir að flestir leikaranna séu erlendir eru áhorfendur beðnir um að fylgjast með íslenskum statistum; meðal þeirra eru kaffihúsaeigandinn Friðrik Weisshappel og listamaðurinn Haraldur Jónsson.

Dagur Kári verður í viðtali við tímaritið Föstudag á föstudaginn.

# Derek Zoolander vaknar til lífsins

Einhver heimskasta persóna hvíta tjaldsins er án nokkurs vafa fyrirsætan Derek Zoolander en þessi kvikmynd Ben Stiller varð að hálfgerðu kult-fyrirbæri því gagnrýnendur voru ekkert ýkja hrifnir þótt áhorfendur hafi oft velst um af hlátri yfir asnastrikum Zoolanders og vina hans.

MTV greinir nú frá því að Stiller sé að vinna að handriti fyrir nýja mynd um fyrirsætuna. „Við erum að þróa hugmynd og þetta er allt saman á algjöru frumstigi en þetta verður gert," hefur MTV-vefurinn eftir Stiller. Að sögn leikarans er hugmyndin sú að bæði Zoolander og Hansel, sem leikinn var af Owen Wilson, séu gleymdir og grafnir í tískuheiminum og vilji ólmir komast aftur á kortið. Stiller bætir því við í viðtalinu að þetta sé einnig kærkomið tækifæri til að dusta rykið af einhverjum skemmtilegasta óþokka kvikmyndasögunnar, tískuvöruframleiðandanum Mugato, en það var Will Ferrel sem lék hann með eftirminnilegum hætti. „Ef Will vill vera með, þá verður hann með."



**EFTIRMINNILEGT** Zoolander er án nokkurs vafa ein heimskasta kvikmyndapersóna seinni tíma. Og nú er framhaldsmynd í bígerð.







# The Hurt Locker spáð sigri

**Óskarsverðlaunin verða afhent á sunnudaginn í Kodak-höllinni að viðstöddum öllum skærustu stjörnum Hollywood. Óskars-sérfræðingar spá The Hurt Locker sigri og að engin ein mynd muni standa upp úr með gríðarlegan fjölda styttna.**



**KVÖLDIÐ HENNAR BIGELOW**

Flestir Óskars-spekingar í Bandaríkjunum spá því að sunnudagskvöldið verði kvöld **Kathryn Bigelow**. Mynd hennar **The Hurt Locker** verði valin best og hún sjálf hljóti styttuna sem besti leikstjórinn, fyrst bandarískra kvenna. James Cameron og **Avatar-ævintýrið** fara þó ekki slypp og snauð heim því ævintýramyndin eigi eftir að sópa til sín tæknilegum verðlaunum.

Óskarinn eru frægustu kvikmyndaverðlaun heims. Á því leikur enginn vafi. Milljónir manna fylgjast með útsendingu frá afhendingu þeirra en það eru gömlu brýnin Steve Martin og Alec Baldwin sem eru kynnar kvöldsins. Gríðarleg leynd hvílir yfir úrslitum Óskarsins. Hið virta fréttatímarit Newsweek greinir frá því að aðeins fjórir aðilar telji atkvæðin undir vökulu auga tveggja formanna kjörstjórnar. Hverjum og einum af þessum fjórum er úthlutað atkvæðaseðlum með því móti að þeir geta aldrei giskað á úrslitin. Atkvæðatalningin fer fram í lokuðu herbergi með aðeins einni hurð og engum gluggum. Þessir tveir formenn kjörstjórnar taka síðan saman talninguna, skrá hjá sér úrslitin og koma þeim fyrir í sérstökum öryggisskáp. Formennirnir tveir eru því þeir einu sem vita hverjir hreppa gullstyttuna eftirsóttu.

### Hjónaslagur

Keppnin um Óskarinn verður eilítið persónulegri en hún hefur verið hingað til. Þau James Cameron og Kathryn Bigelow voru eitt sinn gift en þau eru talin sigurstranglegust með myndirnar sínar Avatar og The Hurt Locker. Spekingar vestanhafs eru einróma í sinni niðurstöðu um hvaða mynd verði valin best.

Tariq Khan hjá Fox-sjónvarpsstöðinni hefur lengi stært sig af því að vera spámannlega vaxinn og hann telur nánast öruggt að The Hurt Locker fari heim með Óskar frænda. Í sama streng tekur Lane Brown hjá New York Magazine. The Hurt Locker muni standa uppi sem sigurvegari í þessum eftirsótta flokki.

Brown er einnig sannfærð um að Bigelow muni hafa sigur yfir fyrrverandi manninum sínum og verði útnefnd besti leikstjóri ársins. Til gamans má geta þess að fjórir Íslendingar hafa unnið náið með Bigelow; Sigurjón Sighvatsson framleiddi kvikmyndina K-19: The Widowmaker þar sem Ingvar E. Sigurðsson lék lítið hlutverk og svo gerði Karl Júlíusson auðvitað leikmyndina fyrir The Hurt Locker en eiginkona Karls, Áslaug Konráðsdóttir, var skrifta myndarinnar.

### Leikaraverðlaun óljós

En Óskarsspekingarnir eru ekki á einu máli um leikaraverðlaunin, að undanskildum einum flokki: besti karlleikari í aukahlutverki. Þar er Christoph Waltz spáð sigri fyrir einstakan leik í Inglourious Basterds.

Áðurnefnd Brown hjá New York Magazine er viss um að Sandra Bullock hafi sigur og verði útnefnd besta leikkona ársins fyrir The Blind Side og hafi þannig sigur yfir þungavigtarleikkonum á borð við Helen Mirren og Meryl Streep. Aðrir spá því að Gabourey Sidibe, aðalleikkonan í Precious, muni standa uppi með pálmann í höndunum enda má ekki gleyma því að framleiðandi þeirrar myndar er sjálf Oprah Winfrey. Og völd hennar í Hollywood skyldi ekki vanmeta.

Brown spáir því að Mo'Nique úr áðunefndri Precious verði valin besta leikkona í aukahlutverki.

Vandasamasti flokkurinn er þó án nokkurs vafa besti karlleikarinn. Einhverjir kynnu að hugsa sem svo að Jeremy Renner ætti varla möguleika en miðað við þá umfjöllun sem The Hurt Locker hefur fengið skyldi enginn útiloka þessa nýju stjörnu (ekki má gleyma því að Renner lék aðalhlutverkið í A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák).

En sá sem þykir líklegastur til að hreppa hnossið er Jeff Bridges fyrir leik sinn í Crazy Heart.

freyrgigja@frettabladid.is

# Meistari Burton snýr aftur

Nýjasta kvikmynd Tims Burton, Alice in Wonderland, verður frumsýnd um helgina en hún skartar hirðleikara leikstjórans, Johnny Depp, í aðalhlutverki. Þetta er sjöunda myndin sem þeir félagar gera saman og sú fjórða í röð. Enda engin ástæða til að hætta því sem vel gengur. Að sjálfsögðu er Helen Bonham Carter einnig í myndinni enda eiginkona leikstjórans og honum álíka mikilvæg og tökuvél.

Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu Lewis Carrol en tekur upp þráðinn nokkrum árum eftir að Lísa kemst úr Undralandi. Hún snýr aftur, nítján ára gömul, og kemst að því að hin illa rauða drottning hefur tekið öll völd. Verkefni Lísu er því að koma henni frá völdum. Með hlutverk Lísu fer Mia Wasikowska en einhverjir kynnu að kannast við hana úr sjónvarpsþáttunum In Treatment.

Tæknin leikur lykilhlutverk hjá Burton að þessu sinni en myndin er að sjálfsögðu í þrívídd eins og er vinsælt í Hollywood um þessar mundir. Þá má reikna með því að næmt auga leikstjórans fyrir litum leiki einnig lykilhlutverk í útliti myndarinnar og svo auðvitað Johnny Depp. Í öðrum hlutverkum eru síðan Stephen Fry og Alan Rickman en það er Anne Hathaway sem fer með hlutverk Hvítu drottningarinnar.

Af öðrum kvikmyndum sem eru frumsýndar nú um helgina má nefna englamyndina Legion með Paul Bettany í aðalhlutverki og From Paris With Love með John Travolta í aðalhlutverkinu.



**ÆVINTÝRIN GERAST ENN** Lísa í Undralandi snýr aftur í leikstjórn Tims Burton og að sjálfsögðu er Johnny Depp í aðalhlutverkinu.

# SENSAI

## Sveipaðu húðina bronslitu slöri... úr vatni og silki

Aðaluppistaðan í BRONZING GEL er vatn (70%) og extrakt unnið úr hinu undurfína
BRONZING GEL leggst yfir húðina eins og fislétt slör, sveipar hana gegnsæjum lit,
veitir henni ríkulegan raka og í dagsbirtunni ljómar hún óviðjafnanlega.
BRONZING POWDER, byggt á hinni einstöku rakaþéttniformúlu (Moist Thight-Fit),
laðar samstundis fram afar jafnan, endingargóðan og umfram allt náttúrulegan ljóma húðarinnar,
hinnar óaðfinnanlegu Silky Bronze-húðar.




Kanebo
INTERNATIONAL

## KANEBO DAGAR Í HAGKAUP
## 4. - 10. MARS

Sérfræðingar kynna það nýjasta frá Japan.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 6.900.- eða meira*.
Verðgildi gjafarinnar er 9.500.-

*Gildir á meðan birgðir endast.

www.sensai.is




50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## HLUSTAR Á FÖÐUR SINN

Leikkonan Keira Knightley hefur ekki áhuga á að lesa dóma um frammistöðu sína í leikritinu The Misanthrope. Hún segir að gagnrýni föður síns sé mun beittari en hjá nokkru tímariti og því hlustar hún frekar á það sem hann hefur að segja. „Ég held að hann sé grimmari en nokkur annar gagnrýnandi og þess vegna reyni ég að hlusta á hann,“ sagði Knightley.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Vonar að „Dude“ fái Óskarinn

Fjórða árlega Big Lebowski-hátíðin verður haldin laugardagskvöldið 13. mars í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Samnefnd gamanmynd um hinn lata keiluspilara „The Dude“ og vandræði hans kom út 1998 og síðan þá hefur myndast í kringum hana hálfgerður sértrúarsöfnuður, bæði hér heima og erlendis.

„Við erum að reyna að gera þetta ódýrara núna þannig að þetta verður aðeins vænna fyrir budduna,“ segir Svavar Helgi Jakobsson, sem skipuleggur hátíðina ásamt Ólafi Sverri Jakobssyni. Miðann má kaupa á Bolur.is og kostar hann 2.010 krónur. Innifalið er þátttaka í hátíðinni, keila og Lebowski-stuttermabolur. Myndin The Big Lebowski verður að sjálfsögðu sýnd og eftir það er komið að keilunni.



**SVAVAR OG ÓLAFUR** Svavar Helgi og Ólafur Sverrir skipuleggja The Big Lebowski-hátíðina í fjórða sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Búningakeppni verður einnig haldin, sem jafnan hefur vakið mikla lukku. „Að minnsta kosti helmingurinn hefur mætt í búningum og sumir leggja alveg þvílíkan metnað í þetta,“ segir Svavar Helgi.

Um fimmtíu manns hafa mætt síðustu tvö skipti og skemmt sér hreint prýðilega. „Það er alltaf ótrúlegt hvað fólk getur skemmt sér ágætlega þótt það þekkist ekki neitt.“

Jeff Bridges, aðalleikari The Big Lebowski, gæti hreppt Óskarsverðlaunin í fyrsta sinn á sunnudagskvöld fyrir hlutverk sitt í Crazy Heart. „Ég sé hann alltaf sem sama hauginn sama hvað hann gerir. Maður sér alltaf „dúdinn“ í honum. Mér skilst að hann sé mjög „dúdalegur“ í þessari mynd þannig að maður verður að sjá hana,“ segir Svavar og telur löngu tímabært að sinn maður hreppi styttuna eftirsóttu. - fb




# Gjöfin þín að verðmæti 15.000 kr. er í Debenhams

Ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 4.900 kr. eða meira 4.-10. mars er þetta gjöfin til þín*

- Liquid Facial Soap Mild, 15 ml
- All About Eyes Rich, 7 ml
- Youth Surge SPF 15 rakakrem 15 ml
- Superbalm Moisturizing gloss litur Grapefruit, 7 ml
- High Impact Curling Mascara svartur, 2,5g
- Turnaround Body Smoothing Cream, 50 ml
- Rinse-off Eye Makeup Solvent, 30 ml

*meðan birgðir endast

CLINIQUE BONUS

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnafritt.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




**SÚR** Jessica Simpson er fúl út í John Mayer eftir að hann sagði frá kynlífi þeirra.

# Fyrirgefur ekki Mayer

**Jessica Simpson er ekki tilbúin til að fyrirgefa John Mayer eftir að hann opinberaði smáatriði úr kynlífi þeirra í viðtali við tímaritið Playboy. Mayer talaði meðal annars um að hún væri algjör napalmbomba í rúminu og að fáar konur jöfnuðust á við hana.**

**Ekki slæmur dómur, en Simpson var allt annað en sátt þegar hún mætti í viðtal til Opruh Winfrey í gær. Henni finnst Mayer hafa svikið sig og segist ekki kæra sig um að nokkur viti hvernig hún er í rúminu. Hún sagði að Mayer hefði beðið hana afsökunar í pósti, en hún hefði ekki svarað honum.**

# Létu vel að hvort öðru

**Robert Pattinson og Kristen Stewart úr Twilight-myndunum létu vel hvort að öðru á frumsýningu nýjustu myndar Pattinsons, Remember Me. Þau virtust afar náin á frumsýningunni og lýsti Pattinson yfir ánægju sinni með að Stewart skyldi mæta og sýna honum stuðning.**

**„Hún hallaði sér upp að Rob og nuddaði höfði sínu við hálsinn á honum. Hann hallaði þá höfði sínu að henni. Þau virtust mjög innileg og ná vel saman,“ sagði sjónarvottur. Lengi hefur verið uppi orðrómur um ástarsamband þeirra tveggja en þau hafa ávallt vísað honum á bug.**



**ROBERT PATTINSON** Robert og Stewart virtust afar náin á sýningunni.

**KRISTEN STEWART** Sýndi Robert stuðning á sýningunni.

# Fjarlægir húðflúrin

Kelly Osbourne, dóttir rokkarans Ozzy, vill láta fjarlægja öll húðflúrin af líkama sínum. Hún er með fjórtán húðflúr, þar á meðal hauskúpu, hljómborð og álfkonu. „Þegar þú eldist áttarðu þig á því að kannski var það ekki svo góð hugmynd að hafa Tinkerbell [álfkonuna] fyrir ofan rassinn á sér. Og hljómborðið á handleggnum mínum sem ég fékk mér þegar ég var drukkin er fáránlega ljótt. Ég get ekki beðið eftir því að losa mig við þau,“ sagði hin 25 ára Kelly, sem hefur breyst töluvert í útliti að undanförnu. Hún er þegar búin að gangast undir laser-meðferð til að láta fjarlægja hluta af húðflúrunum og er að safna kjarki til að halda meðferðinni áfram. „Þetta er tíu sinnum sársaukafyllra en að fá sér tattú,“ sagði hún.


**KELLY OSBOURNE** Dóttir rokkarans Ozzy vill láta fjarlægja öll húðflúrin af líkama sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

## HEILSUHORN Sollu og Völu Matt



### Magnað múslí-nammi

Í kvöld í þættinum Ísland í dag verður hollustukokkurinn snjalli, Solla Eríks, með snilldar uppskrift að hollu sælgæti sem hægt er að gæða sér á með góðri samvisku. Upplagt að taka með sér í vinnuna eða skólann. Geggjað gott og dúndur hollt eins og allt sem Solla býr til!

**Magnað múslí-nammi**
5 dl haframjölsmúslí m/lífrænu súkkulaði
1 dl agave-síróp
1 dl hnetusmjör
½ dl kókosolía
½ dl kakóduft
smá vanilluduft

Best er að bræða kókosolíuna með því að láta renna heitt vatn á krukkuna (helst undir 45°C). Setjið allt nema



múslíið í matvinnsluvél og blandið. Bætið síðan múslíinu út í og blandið bara örstutt til að halda áferðinni skemmtilega grófri. Setjið í lítil pappaform & kælið svo í frystinum í minnst 15 mínútur. Geymist best í kæli eða frysti.


**BRÜNO** Smellpassar í Eurovision.

## Sacha í Eurovision

Það hlaut að koma að því að leiðir Sacha Barons Cohen – snillingsins að baki Ali G, Borats og Brüno – og Eurovision lægi saman. Frést hefur af nýrri kvikmynd sem fjallar um poppsöngvara sem keppir í Eurovision og fer Sacha með aðalhlutverkið. Upphaflega stóð til að Sacha yrði í hlutverki austurrísku tískulöggunnar Brüno í myndinni, en nú ætlar Sacha að búa til algjörlega nýjan karakter fyrir verkefnið. Myndin verður í sama „mockumentary“-stílnum og Brüno- og Borat-myndirnar og er væntanleg árið 2011. Það er annars af kappanum að frétta að hann verður einn af mörgum sem veitir Óskarsverðlaun á sunnudaginn.


**THE HURT LOCKER** Framleiðandi The Hurt Locker má ekki mæta á Óskarsverðlaunahátíðina á sunnudaginn.

## Meinaður aðgangur

**Framleiðanda kvikmyndarinnar The Hurt Locker hefur verið meinaður aðgangur að Óskarsverðlaunahátíðinni á sunnudagskvöld eftir að hann braut reglur Óskarsakademíunnar.**

**Framleiðandinn, Nicolas Chartier, sendi tölvupóst til meðlima akademíunnar þar sem hann hvatti þá til að kjósa The Hurt Locker frekar en Avatar sem bestu myndina. Fari svo að The Hurt Locker beri sigur úr býtum mun Chartier engu síður fá Óskarsstyttuna afhenta eftir athöfnina. Chartier baðst afsökunar á athæfi sínu og sagðist ekki hafa áttað sig á reglum akademíunnar en það dugði ekki til.**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“




HOLI
MATSEÐILL
Austur-Indíafjelagsins
*Litríkur og dásamlegur*

á aðeins 4.990 kr. sun-fim
og 5.990 kr. fös-lau

*FORRÉTTUR*

Prawn Pollichithu
*Risarækjur eldaðar í blöndu af chillí, kúmeni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk*

*AÐALRÉTTIR*

Kozhi Mappas
*Kjúklingalundir eldaðar í meðalsterkri blöndu af kókosmjólk, túrmerik, karrýlaufum og grænu chillí*
*og*
Gosht Charminar
*Lambafillet marínerað í kúmeni, ristuðum sinnepsfræjum, laukfræjum, engiferi og hvítlauk*
*og*
Rajma
*Rauðar nýrnabaunir eldaðar í garam masala, tómötum, kúmeni og kóríander*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu*
*og*
Basmati hrísgrjón
*og*
Naan brauð
*Blanda af indversku brauði úr Tandoori-ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Nariyal Aam Barfi
*Indverskur eftirréttur með mangó og kókosi*

HOLI-hátíð
gleði, dans
*og litríkur matur*



Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í mars á hreint frábæru verði: **5.990 kr.** á föstudögum og laugardögum og aðeins **4.990 kr**. aðra daga!

Á föstudags- og laugardagskvöldum svífur dansfuglinn Mínerva inn í veitingasal okkar með sínum yndisþokkaog dansi.

***Borðapantanir í síma 552 1630.***



*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvert annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630 www.austurindia.is*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

Austur Indía fjelagið
***www.austurindia.is***

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE REBOUND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE REBOUND VIP | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE WOLFMAN VIP | kl. 5:50 | VIP |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:30 | L |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 3D | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | 7 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 - 10:50 | 16 |
| THE REBOUND | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| INVICTUS | kl. 8 | L |
| BROTHERS | kl. 10:40 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30D | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6D Síðustu sýningar | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl 8 | 12 |
| BROTHERS | kl 10:20 | 12 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3.30 - 6.30 - 9.30 LÚXUS | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 ísl.tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.30 íslenskt tal | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 | 14 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 10 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 5 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 - 8 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE MasterCard | 2 FYRIR 1 FORSÝNING kl. 8 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 9 | 14 |
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 10 | 16 |
| ARTÚR 2 | kl. 6 | L |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| FROM PARIS WITH LOVE MasterCard | 2 FYRIR 1 FORSÝNING kl. 9 | 16 |
| LEAP YEAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 10.20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5, 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| FROM PARIS WITH LOVE MasterCard | kl. 7.45 - 2 fyrir 1 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5 - Ísl. tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... | kl. 5 - Ísl. tal | L |




VALUR GUNNARSSON Valur flytur lög Leonards Cohen með íslenskum textum á Rosenberg á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Flytur lög Leonards Cohen

**Tónlistarmaðurinn og rithöfundurinn Valur Gunnarsson heldur tónleika á Café Rosenberg á sunnudagskvöld þar sem hann syngur lög kanadíska söngvaskáldsins Leonards Cohen.**

Að sögn Vals er þrenns konar tilefni til tónleikahalds. Hið fyrsta er að tíu ár eru liðin síðan platan hans, Reykjavík er köld, kom út þar sem hann söng lög Leonards Cohen við íslenska texta. „Ég hef aldrei spilað hana opinberlega hér en mér var boðið á Leonard Cohen-festival í Minneapolis árið 2001 þar sem hún var frumflutt,“ segir Valur. „Það er kannski kominn tími til. Þetta er svona vetrarrómantík og það vill svo heppilega til að það er byrjað að snjóa aftur.“

Valur segist hafa fengið lítil sem engin viðbrögð við plötunni þegar hún kom út hér heima árið 2000. „Ég hef ekkert verið að kynna hana. Á hinn bóginn skilst mér að Eyjólfur Kristjánsson hafi verið búinn að panta það að vera með fyrstu plötu aldarinnar, ef maður trúir því að öldin hafi byrjað árið 2000. Hún klikkaði eitthvað í framleiðslunni og kom of seint þannig að ég held að fyrir algjöra slysni hafi þetta verið fyrsta platan,“ segir hann og brosir. „Ég fékk mjög skemmtileg viðbrögð frá þýsku tímariti. Það sagði að ef Cohen væri guðfaðir þunglyndisins þá léti hinn íslenski Cohen hann hljóma glaðan í samanburðinum.“

Annað tilefni er 75 ára afmæli Cohens í fyrra. „Mig langaði að gera eitthvað af því tilefni en hef ekki komið því í verk,“ segir Valur og bætir við að hann hafi séð Cohen spila síðustu tvö sumur í Noregi. „Umboðsmaðurinn hans seldi allt heila klabbið meðan hann [Cohen] var í klaustri, allan höfundarréttinn. Þannig að á gamalsaldri fór hann á hausinn og þurfti að byrja að túra aftur. En ég vil taka það fram að þetta eru ekki styrktartónleikar. Aðgangur er ókeypis,“ segir hann og hlær.

Þriðja tilefnið er það að Valur er orðinn 33 ára, eða jafngamall og Cohen var þegar hann gaf út sína fyrstu plötu. „Ég held ég sé farinn að eiga eitthvað í þetta núna. Maður verður að hafa gengið í gegnum ákveðið mörg misheppnuð ástarsambönd og almenn vonbrigði áður en maður getur farið að syngja þessi lög af einhverri sannfæringu.“

En hvað er svona heillandi við Cohen? „Hann á vel við á norðurslóðum. Hann er frá Kanada og er gríðarlega vinsæll á Norðurlöndunum. Hann er fyrst og fremst ofboðslega fær textahöfundur.“

Valur verður einn á sviðinu á Rosenberg þar sem hann flytur lög Cohens og segir einnig ýmsar skemmtilegar sögur. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.

freyr@frettabladid.is


MasterCard 2 fyrir 1
í dag kl. 19.45 og 21:00




MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar á morgun 4. mars, kl. 19.45 í Laugarásbíói og kl. 21:00 í Regnboganum, greiði þeir með kortinu.

LAUGARÁSBÍÓ REGNBOGINN

# Nýtt frá Band of Horses

Bandaríska hljómsveitin Band of Horses snýr aftur með þriðju plötu sína 18. maí. Platan hefur hlotið nafnið Infinite Arms, en óvíst er hvaða útgáfufyrirtæki gefur hana út. Sub Pop, sem gaf út fyrstu tvær plötur hljómsveitarinnar, er mögulega útgefandinn, en það hefur ekki verið tilkynnt. Einhverjir búast þó við að hljómsveitin geri samning við stærri útgáfu.

Tyler Ramsey og Bill Reynolds, sem hafa leikið með hljómsveitinni á tónleikaferðalögum undanfarin ár, tóku þátt í gerð plötunnar, en þeir hafa hingað til ekki komið nálægt hljóðverinu. Allir fimm meðlimir hljómsveitarinnar komu eitthvað að plötunni sem varð til þess að Ben Bridwell, forsprakki Band of Horses, lýsti yfir að þetta væri að mörgu leyti fyrsta plata hljómsveitarinnar.



**NÝ PLATA Í MAÍ** Band of Horses er að senda frá sér þriðju plötu sína.

# Nóg pláss á Kanadamarkaði

„Ég held að það sé alveg pláss fyrir okkur tvo á markaðnum. Við fögnum þessu öllu saman,“ segir Bjarni Einarsson, annar af eigendum bruggverksmiðjunar Ölvisholts.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir skömmu að hann vissi ekki betur en Egils Gull væri fyrsti íslenski bjórinn sem færi á markað í Kanada. Það er ekki rétt því á síðasta ári hóf Ölvisholt innrás sína til Kanada með bjórana Skjálfta og Lava. Bjarni segir að viðtökurnar við bjórunum tveimur hafi verið mjög góðar í ríkjunum Manitoba og Ontario þar sem þeir hafa verið seldir. „Það er smökkunaraðili sem tekur út bjórinn hjá okkur og þegar hann smakkaði Skjálfta sagði hann að þetta væri einn besti Premier Lager-bjór sem hann hefði smakkað. Hann hefur unnið hjá LCBO í þrjátíu ár,“ segir Einar. LCBO er nokkurs konar ÁTVR þeirra í Ontario og telst vera stærsti kaupandi áfengis í veröldinni. „Viðtökurnar hafa verið mjög góðar en við erum ekki farnir að sjá fyrstu sölutölur. Við gerum mikið út á þá sérstöðu sem er í okkar bjór, bæði varðandi gæði og nafngiftirnar,“ segir Einar. Spurður segist hann ekki líta svo á að Ölvisholt verði í samkeppni við Ölgerðina í Kanada. „Við lítum fyrst og fremst á þá sem okkar samstarfsmenn í íslensku innrásinni í Kanada.“ - fb



**SKJÁLFTI** Jón Elías, annar eigenda Ölvisholts, með kippu af Skjálfta.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 04. mars 2010**

### Tónleikar

**12.00** Ágúst Ólafsson barítónn og Antonía Hevesi píanóleikari flytja aríur eftir Bellini, Mozart og Wagner á hádegistónleikum í **Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði.**

**20.00** Í Salnum við **Hamraborg** í Kópavogi verða endurteknir tónleikar í tilefni af 75 ára fæðingarafmæli Elvis Presley. **Fram koma Friðrik Ómar ásamt hljómsveit.**

**20.30** Mammút, Retrön, DLX/ATX, Me, the Slumbering Napoleon, The Heavy Experience og Rökkurró koma fram á tónleikum hjá Reglu hins öfuga pýramída sem fara fram á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu.

**21.00** Tríó Sunnu Gunnlaugs heldur tónleika í Jazzkjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18.

**21.00** Á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri verður fluttur djass- **og ljóðabræðingur**. Fram koma saxofónleikarinn Christian Vuust og hljómsveit hans Dynamo, ljóðskáldin Peter Laugesen og Einar Már Guðmundsson auk þess sem Iben West mun sjá um sjónræna hlutann. **Húsið verður opnað kl. 20.00.**

**21.00** Hljómsveitin **Bloodgroup** heldur útgáfutónleika í Iðnó við Vonarstræti.

**22.00** Uni, Jón Tryggvi og Vicky koma fram á tónleikum á Batteríinu við **Hafnarstræti 1-3.**

### Bókmenntir



**17.15 Bjarni Harðarson** ræðir um ýmsar persónur í Njálu í erindi sem hann flytur hjá Bókasafni Kópavogs við Hamraborg 6A. Enginn aðgangseyrir og **allir velkomnir.**

### Pub Quiz

**20.00** Fótbolta Pub Quiz verður haldið á Enska barnum við Austurstræti. Þema kvöldsins er Örvfættir knattspyrnumenn. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á **www.sammarinn.com.**

### Leikrit

**14.00** Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir verkið **„Nakinn maður og annar í kjólfötum“** eftir Dario Fó. Sýningar fara fram í Iðnó við Vonarstræti.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


d:fi
POWER VIKA
1.–5. MARS
Þú kaupir eina d:struct 150g og færð eina 75g frítt með. Fæst á næstu hársnyrtistofu



frítt



Gallabuxnadagar
25% afsláttur
af barna, dömu og herra gallabuxum



FLOTT VARA Á FLOTTU VERÐI





Full búð af nýjum vörum
Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Gildir fimmtudag til sunnudags

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

> „Þetta er ekki eins og í sjónvarpinu“

Tómas Ingi Tómasson var sparkspekingur Stöðvar 2 Sport síðasta sumar og gagnrýndi mann og annan eins og ætlast var til. Hann er núna kominn hinum megin við borðið þar sem hann þjálfar HK. Tómas hefur ekki farið vel af stað með liðið en það steinlá meðal annars fyrir KR, 5-1, á dögunum. Í stúkunni var Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, sem er þekktur fyrir að hafa munninn fyrir neðan nefið. Þegar HK var lent nokkrum mörkum undir snemma gall í Ólafi: „Þetta er ekki eins og í sjónvarpinu, Tommi.“ Allir nærstaddir ráku upp mikinn hlátur en Tómas ku hafa verið hálfvandræðalegur á hliðarlínunni. Má hann líklega búast við fleiri álíka skotum í sumar þegar illa árar.



**sport**
sport@frettabladid.is

ARON KRISTJÁNSSON: ÞJÁLFAR ÞÝSKA ÚRVALSDEILDARLIÐIÐ HANNOVER BURGDORF NÆSTU TVÖ ÁRIN

# Þetta félag á möguleika á að stækka mikið

Haukar hafa misst spón úr aski sínum því þjálfari liðsins, Aron Kristjánsson, heldur til Þýskalands næsta sumar þar sem hann mun þjálfa Hannover Burgdorf næstu tvö árin.

Aron skilar af sér góðu búi hjá Haukum en hann hefur gert liðið að Íslandsmeisturum bæði árin sem hann hefur þjálfað hjá félaginu, Haukar urðu bikarmeistarar á dögunum og deildarbikarmeistarar um jólin. Haukar eru því handhafar allra stóru titlanna í dag.

„Það er gott að vera búinn að fá niðurstöðu í málið. Ég heyrði fyrst í félaginu um áramótin og þetta hefur verið undirliggjandi síðan. Ég var ekkert endilega búinn að ákveða að fara út næsta sumar en ef gott tækifæri kæmi þá var ég til í að hoppa á það,“ segir Aron. „Ég hef metnað fyrir því að þjálfa í Þýskalandi og einhvers staðar verður að byrja.“

Aron var einnig orðaður við danska félagið Århus GF en það félag vildi einnig fá hann í fyrra. „Þeir höfðu samband aftur en ég var mjög nálægt því að fara síðasta sumar. Ég skildi ekki í nokkurn tíma eftir á af hverju ég fór ekki,“ segir Aron léttur en honum líst vel á nýja félagið.



„Þetta er einn af fáum klúbbum þar sem er mikið og gott unglingastarf. Ekki ósvipaður Magdeburg að því leyti. Þetta er því klúbbur með sál. Það er alltaf að aukast áhuginn fyrir liðinu á svæðinu og það skilar vonandi meira fjármagni á næstu árum. Þetta félag á möguleika á að stækka mikið á næstu árum,“ segir Aron. Hannes Jón Jónsson er á mála hjá félaginu og Aron segist ætla að halda honum. Hann staðfestir einnig að félagið sé í viðræðum við línumanninn Vigni Svavarsson.

Þjálfarinn segist skilja stoltur við Hauka. „Ég er gríðarlega ánægður með þennan tíma í Haukunum. Þetta hafa verið frábær ár. Það hefur gengið vel innan sem utan vallar. Það er metnaðarfullt starf í félaginu og verður það áfram.“



**GUÐMUNDUR PÉTURSSON** Spilar annaðhvort með Val eða Breiðablik næsta sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur fer frá KR:

## Seldur til Vals eða Breiðabliks

**FÓTBOLTI** Það er orðið ljóst að framherjinn Guðmundur Pétursson spilar ekki með KR næsta sumar.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins er KR í viðræðum við bæði Val og Breiðablik um sölu á leikmanninum.

Guðmundur fór sem lánsmaður til Blika í fyrra og blómstraði þar. Hann hefur sjálfur lýst því yfir að hann vilji spila með Blikum.

Fjárhagsstaða Blika er aftur á móti sögð vera afar veik og ekki víst að Blikar geti keppt við Valsmenn á þeim vettvangi. Þeir hafa þó reynt í allan vetur að kaupa leikmanninn en hafa ekki viljað borga það sem KR vill fá fyrir leikmanninn.

Forráðamenn KR vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. - hbg

ÍBV lenti í leiðindamáli:

## Borguðu en fengu aldrei

**FÓTBOLTI Tillaga ÍBV um að KSÍ ætti að sjá um innheimtu félagaskiptagjalda en ekki félögin sjálf var felld á ársþingi sambandsins í febrúar. Eyjamenn settu fram tillöguna vegna máls sem þeir lentu í 2008.**

**„Á síðasta degi félagaskipta vorum við að reyna að fá leikmann til okkar. Félagið sem hann var í neitaði að skrifa undir skiptin nema við myndum greiða því félagaskiptagjaldið sem er 100 þúsund krónur. Það gerðum við og sendum félaginu félagaskiptablaðið,“ segir Sigursveinn Þórðarson hjá ÍBV.**

**„KSÍ fékk hins vegar blaðið aldrei í hendurnar og þessi leikmaður skráðist aldrei í ÍBV. Félagið sagðist hafa sent blaðið til þeirra. Peningana höfum við ekki séð eftir þetta,“ segir Sigursveinn sem vildi þó ekki gefa upp hvert umrætt félag væri. Leikmaðurinn lék alltént aldrei með ÍBV.** - egm

# Mark Rúriks ekki dæmt gilt

**Íslenska karlalandsliðið gerði markalaust jafntefli á Kýpur í gær þar sem íslenska liðið tók góðan kipp síðustu 25 mínúturnar og átti þá þrjú skot í slá þar af eitt sem fór greinilega inn fyrir marklínuna.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta gerði markalaust jafntefli í fyrsta leik ársins 2010 þegar liðið sótti Kýpverja heim í gær. Þetta var hálfgerð upphitun fyrir viðureignir liðanna í undankeppni EM sem hefst í haust en þjóðirnar drógust saman í riðli á dögunum.

Íslenska landsliðið átti mjög góðan endakafla í leiknum en stærsta hluta leiksins gekk liðinu illa að halda boltanum innan liðsins og Kýpverjar voru mun meira með boltann. Það má segja að það hafi fyrst kviknað almennilega á íslenska liðinu þegar markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson bjargaði frábærlega með því að verja þrumuskot á 62. mínútu.

Heiðar Helguson fékk gott færi á 67. mínútu og aðeins mínútu síðar átti Rúrik Gíslason langskot sem kýpverski markvörðurinn varði í slána og yfir. Emil Hallfreðsson átti sláarskot úr aukaspyrnu á 74. mínútu og aðeins þremur mínútum síðar átti Rúrik frábært langskot í slána og niður og að því virtist inn fyrir marklínuna en búlgarski aðstoðardómarinn dæmdi þó ekki mark.

Það hefði ekki verið leiðinlegt fyrir Rúrik Gíslason að opna markareikninginn með íslenska landsliðinu með því að skora sigurmark með þrumuskoti í slána og inn. Búlgarski aðstoðardómarinn rændi Rúrik hins vegar fullkomlega löglegu marki.

„Mig langar ekki að kenna dómaranum um að við gerðum jafntefli en hann átti einstaklega lélegan dag fannst mér. Það átti allavega einn af þremur að sjá að boltinn var inni. Ef dómaratríóið hefði verið á tánum þá hefðum við unnið þennan leik. Við skoruðum eitt mark en ekki þeir þannig að við hefðum átt að vinna,“ sagði Rúrik eftir leikinn.

„Heiðar var næst þessu og hann sagði við mig að boltinn hefði ekki verið inni. Það var þess vegna sem ég var ekki að æsa mig á hlutunum þá. Auðvitað er þetta pirrandi eftir á þegar allir eru búnir að segja manni að boltinn hafi verið greinilega inni. Það er sárt,“ segir Rúrik sem verður að bíða lengur eftir fyrsta A-landsliðsmarkinu.

„Það hefði verið gaman að opna markareikninginn með landsliðinu með svona marki en það verður bara gaman hvenær sem það kemur og jafnvel væri það skemmtilegra ef það gerðist á Laugardalsvellinum,“ segir Rúrik jákvæður.

„Mér fannst okkar leikur vaxa eftir því sem á leið. Í byrjun vorum við ekki alveg að þora að halda boltanum innan liðsins. Það er alveg hægt að segja það í gegnum allan leikinn að við spiluðum ekki neinn stjörnuleik,“ sagði Rúrik sem var ekkert að reyna að fela það að íslenska liðið getur spilað betur en það gerði í gær.

„Það sem við höfum Íslendingarnir er að berjast og mér fannst við gera það ágætlega í dag. Við erum ekki bestu fótboltamenn í heimi en við börðumst ágætlega í dag og vonandi er þetta það sem koma skal. Við erum ekki sérstaklega vinsælir á Íslandi þar sem það er leiðindaumfjöllun um að við séum ekki að leggja okkur fram. Ég vona að það breytist þegar við förum að leggja okkur fram í hverjum einasta leik,“ segir Rúrik.

Rúrik var besti maður íslenska liðsins ásamt miðverðinum Sölva Geir Ottesen sem fann sig vel við hliðina á Kára Árnasyni í miðverðinum. ooj@frettabladid.is



**FLOTT MARK** Rúrik Gíslason hefði opnað markareikning sinn með íslenska A-landsliðinu hefði mark hans verið dæmt gilt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari Íslands um leikinn við Kýpverja í gær:

## Bæði lið hefðu getað stolið sigri



ÓLAFUR JÓHANNESSON

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson, landsliðsþjálfari var ekkert óánægður með leikinn á móti Kýpur.

„Markmiðið var náttúrulega að halda hreinu. Auðvitað hefðum við viljað vinna leikinn en það gekk ekki eftir. Heilt yfir var ég þokkalega ánægður með leikinn. Eins og oft áður þá vorum við frekar varnarsinnaðri heldur en hitt. Seinni hálfleikur var ágætur þó að við gætum gert aðeins betur,“ segir Ólafur en Ísland mætir Kýpur í undankeppni EM sem hefst í haust.

„Miðað við þennan leik þá lýst mér ekkert illa á að mæta þeim. Við eigum alveg í fullu tré við þessa gæja þannig að við við eigum alveg að geta unnið þá. Ég er ekki alveg búinn að skoða það hvort að það hafi vantað einhverja í þeirra lið en ég á eftir að skoða það betur. Þessir menn eru ekkert framar en við í fótbolta,“ sagði Ólafur en hvað varð til þess að íslenska liðið stóð sig vel í lokin?

„Ég held að menn hafi fengið meiri trú á því að þeir gætu þetta. Ég hef kannski verið of grimmur að prenta inn í þá að verjast vel. Þá fóru menn að þora að gera aðeins meira. Við gáfum ekki mörg færi á okkur en fengum heldur ekki mörg færi. Bæði lið hefðu getað stolið sigri í þessum leik,“ sagði Ólafur að lokum. - óój

Íslenska kvennalandsliðið vann öruggan sigur á Portúgal á Algarve Cup og endaði í níunda sæti mótsins:

# Góður leikur miðað við leðju og polla

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir, Ólína G. Viðarsdóttir og Dóra María Lárusdóttir skoruðu í 3-0 sigri Íslands á Portúgal í lokaleik liðsins á mótinu. Leikurinn var um níunda sætið og komu öll mörkin í seinni hálfleik. Keppnisvöllurinn þótti minna á mýrarboltavöll.

„Þetta var fínn leikur miðað við mjög erfiðar aðstæður. Völlurinn var allur úti í leðju og pollum, hann var enn verri en þessi sem við spiluðum á gegn Noregi. Þetta var ekki boðlegt,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson, þjálfari Íslands, sem var að horfa á úrslitaleik mótsins sem fram fór á sama velli.



**GÓÐ Á MIÐJUNNI** Ólína G. Viðarsdóttir stóð sig vel gegn Portúgal. MYND/AP

„Það er búið að rigna svo mikið hér að þetta er alveg skelfilegt. Það er bara furðulegt hve vel við náðum að halda boltanum. Vörnin small saman og það er fínt að enda mótið vel.“

Ólína var notuð á miðjunni í leiknum og stóð sig vel, hún krónaði svo frammistöðuna með marki. „Hún kom mjög vel út í þessari stöðu. Það er mjög gott fyrir okkur enda mikið um meiðsli hjá miðjumönnum liðsins,“ sagði Sigurður.

Katrín Ómarsdóttir var ekki með í leiknum í gær en hún fann fyrir verkjum á þriðjudagskvöld og fór á sjúkrahús. Þar þurfti að taka úr henni botnlangann og verður hún frá í 3-4 vikur af þeim sökum.

„Næstu verkefni eru leikir í undankeppni HM í lok mánaðarins við Serbíu og Króatíu. Það eru erfiðir útileikir svo við þurfum núna að gera upp þetta mót og fara yfir leikina. Ég þarf að skoða allt vel áður en ég vel hópinn fyrir þessi verkefni,“ sagði Sigurður.

„Stefnan er að búa til úrslitaleik gegn Frökkum á menningarnótt í sumar. Til að það takist þá verðum við að vinna Serbíu og Króatíu. Við förum í þá leiki til að sigra.“ -egm

## ÚRSLIT

### Vináttulandsleikir:

Kýpur-Ísland 0-0
Fílabeinsströndin-Suður-Kórea 0-2
0-1 Dong-Gook Lee (4.), 0-2 Kwak Tae-Hwi (90.)
Grikkland-Senegal 0-2
0-1 Mamadou Niang (71.), 0-2 Guirane N'Daw (80.)
Slóvakía-Noregur 0-1
0-1 Morten Moldskred (67.)
Austurríki-Danmörk 2-1
1-0 Franz Schiemer (12.), 1-1 Nicklas Bendtner (17.), 2-1 Roman Wallner (37.)
Belgía-Króatía 0-1
0-1 Niko Kranjcar (63.)
Þýskaland-Argentína 0-1
0-1 Gonzalo Higuaín (45.)
Holland-Bandaríkin 2-1
1-0 Dirk Kuyt (4.), 2-0 Klaas-Jan Huntelaar (73.), 2-1 Carlos Bocanegra (88.).
Ítalía-Kamerún 0-0
Wales-Svíþjóð 0-1
0-1 Johan Elmander (44.).
England-Egyptaland 3-1
0-1 Mohamed Zidan (23.), 1-1 Peter Crouch (57.), 2-1 Shaun Wright-Phillips (75.), 3-1 Peter Crouch (80.)
Frakkland-Spánn 0-2
0-1 David Villa (21.), 0-2 Sergio Ramos (45.)
Skotland-Tékkland 1-0
1-0 Scott Brown (62.)

### N1-deild kvenna:

Fram-Víkingur 37-18 (21-7)
Mörk Fram: Sigurbjörg Jóhannsdóttir 10, Eva Hrund Harðardóttir 6, Arnar Eir Einarsdóttir 5, Hafdís Hinriksdóttir 5, Anna Friðriksdóttir 3, Anna María Guðmundsdóttir 3, Steinunn Björnsdóttir 2, Karólína Torfadóttir 1, Ásta Birna Gunnars dóttir 1, Hafdís Iura 1.
Mörk Víkings: Guðríður Ósk Jónsdóttir 4, Fríða Jónsdóttir 4, Bergliond Halldórsdóttir 3, María Karlsdóttir 3, Helga Lára Halldórsdóttir 2, Díana Ágústsdóttir 2.
FH-Stjarnan 18-27 (10-13)
Mörk FH: Heiðdís Rún Guðmundsdóttir 4, Ingi björg Pálmadóttir 4, Arnheiður Guðmundsdóttir 4, Sigrún Gilsdóttir 3, Agnes Ósk Egilsdóttir 2, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 1.
Mörk Stjörnunnar: Elísabet Gunnarsdóttir 8, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 6, Þorgerður Anna Atla dóttir 4, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 3, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 2, Alina Tamasan 1, Indíana Nanna Jóhannsdóttir 1, Guðrún Erla Bjarnadóttir 1, Aðalheiður Hreinsdóttir 1.
KA/Þór-Valur 13-31
Mörk KA/Þór: Martha Hermansdóttir 3, Arna Valgerður Erlingsdóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 3, Emma Havin Sardardóttir 1, Kolbrún Einarsdóttir 1, Inga Dís Sigurðardóttir 1, Unnur Ómarsdóttir 1.
Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 6, Rebekka Skúladóttir 3, Hrafnhildur Skúladóttir 3, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3, Hildigunnur Einarsdóttir 3, Katrín Andrésdóttir2, Kristín Guðmundsdóttir 2, Karólína Gunnarsdóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir2, Arndís Erlingsdóttir 2, Nína K. Björnsdóttir 2, Soffía Gísladóttir 1
Fylkir-Haukar 25-28
Upplýsingar um markaskorara bárust ekki áður en blaðið fór í prentun.

**STIG LIÐANNA:**

Valur 38, Fram 33, Stjarnan 29, Haukar 26, FH 18, Fylkir 16, KA/Þór 11, HK 5, Víkingur 0.

Helena orðin deildarmeistari:

# TCU ósigraðar á heimavelli

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir og félagar í TCU tryggðu sér í fyrrinótt sigur í Mountain West-deildinni í bandaríska háskólaboltanum með 66-54 sigri á New Mexico.

TCU á enn einn leik eftir en með þessum sigri er ljóst að liðið vann alla fimmtán heimaleiki sína á tímabilinu en það hefur ekki gerst áður í sögu skólans.

Helena átti fínan leik, skoraði 12 stig, gaf 7 stoðsendingar, tók 6 fráköst og stal 3 boltum. Þetta var í fjórða sinn í síðustu fimm leikjum sem Helena gefur sex eða fleiri stoðsendingar en hana vantar nú aðeins tvær stoðsendingar í viðbót til þess að komast upp í 3. sæti á listanum yfir flestar stoðsendingar í sögu TCU-skólans.



TCU spilar við BYU á laugardaginn en úrslitakeppnin í Las Vegas hefst í næstu viku. **- óój**

Fjölmargir vináttulandsleikir fóru fram í gær þar sem Argentína vann Þýskaland og Spánverjar unnu Frakka:

# Crouch með tvö mörk í sigri á Egyptum

**FÓTBOLTI** Peter Crouch minnti heldur betur á sig í baráttunni um sætin í HM-hópi enska landsliðsins á HM í Suður-Afríku þegar hann kom inn á sem varamaður og skoraði tvö mörk í 3-1 sigri á Egyptum á Wembley í gær.

Egyptar voru betri aðilinn í fyrri hálfleik og voru sanngjarnt 1-0 yfir í hálfleik eftir gott mark frá Mohamed Zidan á 23. mínútu. Peter Crouch kom inn á sem varamaður fyrir Jermain Defoe í leikhléi og ellefu mínútum síðar kom Shaun Wright-Phillips inn á fyrir Theo Walcott. Peter Crouch jafnaði leikinn á 57. mínútu eftir sendingu Gareths Barry og Shaun Wright-Phillips kom síðan enska liðinu yfir á 75. mínútu.

Varamennirnir krónuðu síðan daginn þegar Shaun Wright-Phillips lagði upp þriðja markið fyrir Peter Crouch en þetta var 20. landsliðsmark Crouch í aðeins 37 leikjum.



**20 MÖRK Í 37 LEIKJUM** Peter Crouch fagnar öðru marka sinna í gær en hann kom inn á í hálfleik og breytti leiknum. MYND/AFP

David Villa og Sergio Ramos tryggðu Spánverjum fyrsta sigur á Frökkum í 42 ár þegar Evrópumeistararnir unnu 2-0 sigur á Stade de France, heimavelli Frakka.

Real Madrid-maðurinn Gonzalo Higuaín skoraði eina markið í 1-0 sigri Argentínumanna á Þjóðverjum.

Meðal annarra úrslita í leikjum gærkvöldsins þá unnu Svíar sigur á Wales, Skotar lögðu Tékka, Holland vann Bandaríkin og Danir töpuðu fyrir Austurríki **- óój**



> **Felicity Huffman**

„Móðurhlutverkið er heilagt. Konur geta kvartað út af starfinu sínu, manninum sínum og vinkonum sínum en alls ekki yfir börnunum sínum.“

***Huffman fer með hlutverk Lynette Scavo í þættinum Aðþrengdar eiginkonur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 21.15.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON SÁ LJÓTA TÆKLINGU Í LEIK STOKE OG ARSENAL

# *Hryllilegt háskerpubrot*

Fótbrot Arsenal-mannsins Aarons Ramsay um síðustu helgi var með því rosalegra sem maður hefur séð. Ryan Shawcross úr Stoke renndi sér af miklu offorsi í hann án þess að velta fyrir sér afleiðingunum og því fór sem fór.

Manni líður í raun enn þá illa þegar maður hugsar til brotsins og það sem var enn verra við upplifun mína var að allt var þetta sýnt í háskerpuútsendingu, eða HD. Á þessum tímapunkti sá ég mjög eftir því að hafa fengið mér svoleiðis afruglara, enda brotið með þeim ljótari sem maður hefur séð. Svona getur nýjasta tækni gert manni slæman grikk.

Sprottið hefur upp umræða um að leikmenn Arsenal séu ekki nógu grimmir. Séu of léttleikandi fyrir hinn harða bolta sem er spilaður á Englandi og því gangi hin liðin á lagið og taki fastar á þeim en öðrum. Ég held að það sé eitthvað til í þessu. Það hefur vantað harðjaxla í liðið til að fylla skarð Patricks Vieira og Emmanuels Petit sem kunnu vel þá list að vernda félaga sína. Þeir gátu svarað í sömu mynt ef einhver var að abbast upp á þá og létu engan vaða yfir sig. Auðvitað má slíkt ekki fara út í öfgar en um leið og hin liðin vita af slíkum náungum hugsa þau sig tvisvar um áður en þau ráðast í eins grimmar tæklingar og Shawcross er nú orðinn frægur fyrir.

Vonandi mun samt þetta leiðindaatvik hvorki eyðileggja feril hans né Ramsays. Báðir eru þeir ungir og eiga framtíðina fyrir sér í boltanum og koma vonandi enn sterkari til baka eftir þessa lífsreynslu.



**RYAN SHAWCROSS** Shawcross gengur grátandi af velli eftir að hafa fótbrotið Aaron Ramsay á hryllilegan hátt.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.05 Grosswallstadt - RN Löven, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.20 Eli Stone** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 House** SKJÁREINN



▶ **21.50 Grey's Anatomy** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.30 Breaking Bad** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (18:35)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Óskabúðin** (In Daddy's Place)
**18.45 Með afa í vasanum** (1:3)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.20 Eli Stone** (Eli Stone) Bandarísk þáttaröð. Lögfræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge, Loretta Devine, Laura Benanti, James Saito og Sam Jaeger.
**21.05 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk: Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross og Eva Longoria.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Glæpurinn** (Forbrydelsen 2) (1:10) Fyrsti og annar þáttur endursýndir.
**00.15 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir** (e)
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Mr. Bean's Holiday**
**10.00 The Groomsmen**
**12.00 The Last Mimzy**
**14.00 Mr. Bean's Holiday**
**16.00 The Groomsmen**
**18.00 The Last Mimzy**
**20.00 Match Point** Mynd frá Woody Allen með Jonathan Rhys-Meyers og Scarlett Johannsson í aðalhlutverkum.
**22.00 Blood Diamond**
**00.20 Crank**
**02.00 Children of the Corn 6**
**04.00 Blood Diamond**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone-krakkarnir, Kalli og Lóa, Harry og Toto og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Sjálfstætt fólk**
**10.55 Burn Notice** (9:16)
**11.50 Gossip Girl** (8:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Extreme Makeover: Home Edition** (23:25)
**13.45 La Fea Más Bella** (136:300)
**14.30 La Fea Más Bella** (137:300)
**15.15 The O.C.** (1:27)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Stuðboltastelpurnar og Íkornastrákurinn.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (7:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:19)
**19.45 How I Met Your Mother** (20:22)
**20.10 Amazing Race** (9:11) Kapphlaupið mikla er nú hafið í tólfta sinn. Sem fyrr þeysast keppendur yfir heiminn þveran og endilangan með það að markmiði að koma fyrstir í mark og fá að launum eina milljón dala.
**21.00 NCIS** (9:25) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari sjöttu seríu.
**21.45 Fringe**
▶**22.30 Breaking Bad** (4:7) Spennuþáttur um efnafræðikennara sem reynir að tryggja fjárhag fjölskyldu sinnar með því að hefja framleiðslu og sölu á eiturlyfjum.
**23.20 Twenty Four** (6:24)
**00.05 John Adams** (6:7)
**01.25 Asylum**
**03.00 Let's Go To Prison**
**04.25 NCIS** (9:25)
**05.10 The Simpsons** (7:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**07.00 Kýpur - Ísland** Útsending frá leik vináttulandsleik sem fram fór á Kýpur.
**15.20 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi.
**15.45 England - Egyptaland** Útsending frá vináttulandsleik sem fram fór á Wembley.
**17.25 Kýpur - Ísland** Útsending frá vináttulandsleik sem fram fór á Kýpur.
▶**19.05 Grosswallstadt - RN Löven** Bein útsending frá leik í þýska handboltanum. Þetta er Íslendingaslagur af bestu gerð en með liði Grosswallstadt leikur Einar Hólmgeirsson en með liði Löwen leika þeir Óli Stef, Snorri Steinn og Guðjón Valur.
**20.50 Bestu leikirnir: ÍA - Keflavík 04.07.07** Einn af eftirminnilegri leikjum íslenskrar knattspyrnu fyrr og síðar fór fram á Akranesvelli þann 4. júlí 2007. Bjarni Guðjónsson skoraði þegar hann hugðist gefa boltann til baka á Keflvíkinga og allt varð vitlaust.
**21.20 Veitt með vinum 4: Gæsaveiði í Ármótum** Nú er kominn tími til að veiða gæsir og nú fá áhugamenn um gæsaveiðar eitthvað fyrir sinn snúð.
**21.45 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**22.40 Grosswallstadt - RN Löven** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

## SPORT 2 enski boltinn

**15.45 Tottenham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.25 Bolton - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.05 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**20.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches: Leeds - Newcastle, 1999.**
**21.00 PL Classic Matches: Chelsea - Arsenal, 1999.**
**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.25 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.55 Birmingham - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (1:11) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit/ útlit** (6:10) (e)
**09.15 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (1:11) (e)
**12.50 Innlit/ útlit** (6:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**15.25 Girlfriends** (21:23) (e)
**15.45 7th Heaven** (12:22)
**16.30 Djúpa laugin** (3:10) (e)
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 Britain's Next Top Model** (e)
**19.00 Game Tíví** (6:17)
**19.30 Fréttir**
**19.45 King of Queens** (21:25) (e)
**20.10 The Office** (18:28)
**20.35 30 Rock** (20:22) Liz skammar Tracy fyrir framan samstarfsólkið og hann ákveður að hætta að fá sérmeðferð gegn því skilyrði að Liz láti einnig af ýmsum sérþörfum.
▶**21.00 House** (18:24) Kona sem vinnur á elliheimili er sannfærð um að hún sé dauðvona og segir að köttur hafi spáð fyrir dauða hennar. Hún þykist vera veik til þess að fá House til að rannsaka sig.
**21.50 CSI: Miami** (18:25) Flugfreyja er myrt og rannsóknin leiðir í ljós að hún var ekki vel liðin hjá samstarfsfólkinu.
**22.40 Penn & Teller** (1:10)
**23.05 The Good Wife** (8:23) (e)
**23.55 The L Word** (6:12) (e)
**00.45 Fréttir** (e)
**01.00 King of Queens** (21:25) (e)
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Þing- og forystukonur úr atvinnulífi skoða málin. Umjón Ingvi Hrafn Jónsson.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm fær góða gesti.
**21.30 Birkir Jón** Gestur Birkis Jóns er Eygló Harðardóttir.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.45**

**Fringe**



Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni, dr. Walter Bishop, og syni hans, Peter, rannsaka þau röð dularfullra atvika.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**The Office**

**Skjár einn kl. 20.10e**

Það er Valentínusardagurinn og ástin svífur yfir vötnum. Michael fellur fyrir konu í blóðbankanum og ákveðið er að halda partí fyrir einstæðinga á skrifstofunni. Þar finna bæði Dwight og Kevin stúlkur sem vekja áhuga þeirra.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Mánafjöll
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.17** Leikritakvöld útvarpsins: Mánuður í sveitinni
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 Gilmore Girls** (8:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
**18.30 Seinfeld** (7:24) Jerry fer í fjörurnar við húðsjúkdómalækni til að hjálpa George að villa um fyrir nýja vinnuveitandanum og Kramer er með nýjan kjöthníf á heilanum.
**19.00 The Doctors**
**19.45 Gilmore Girls** (8:22)
**20.30 Seinfeld** (7:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
▶**21.50 Grey's Anatomy** (11:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.
**22.35 Ghost Whisperer** (6:23) Jennifer Love Hewitt snýr aftur í hlutverki sjáandans Melindu Gordon í þessum dulræna spennuþætti sem notið hefur mikilla vinsælda.
**23.20 Tell Me You Love Me** (8:10) Djarfir þættir frá HBO sem fjalla um þrjú pör sem eiga það sameiginlegt að leita öll til sama hjúskapar- og kynlífsráðgjafans, Dr. May Foster.
**00.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**00.35 Fréttir Stöðvar 2**
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.45** Waterloo Road **11.35** Only Fools and Horses **12.25** The Green Green Grass **12.55** My Hero **13.25** Primeval **14.15** Primeval **15.05** My Hero **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** Waterloo Road **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Lead Balloon **19.00** Saxondale **19.30** Spooks **20.20** Torchwood **21.10** Saxondale **21.40** Only Fools and Horses **22.30** The Green Green Grass **23.00** My Hero **23.30** Torchwood

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Hvad er det værd? **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Substitutterne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Fandango med Elliott & Robotto **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Kongehuset indefra **19.30** Onskehaven **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** The Sweetest Thing **22.25** Kroniken **23.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Cirkus Fandango **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Tid for tegn **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Schrödingers katt **19.15** Fotballkrigen **19.45** Glimt av Norge **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Debatten **21.30** Nurse Jackie **22.00** Kveldsnytt **22.15** Store folelser i kjelkehockey **23.00** Solstorm

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Mästarnas mästare **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **20.30** Debatt **21.15** Ont blod **22.05** Mästarnas mästare **23.05** Uppdrag Granskning




# Dekk á vaxtalausu láni í 4 mánuði

## Fólksbíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 165/70R13 | 8,799 kr. | 9,999 kr. |
| 175/70R13 | 8,999 kr. | 10,199 kr. |
| 175/70R14 | 10,799 kr. | 11,999 kr. |
| 185/70R14 | 11,999 kr. | 13,199 kr. |
| 175/65R14 | 9,999 kr. | 11,199 kr. |
| 185/65R14 | 10,999 kr. | 12,199 kr. |
| 185/65R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 195/65R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 205/65R15 | 14,999 kr. | 16,199 kr. |
| 185/60R14 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 205/55R16 | 13,999 kr. | 15,199 kr. |
| 195/50R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |

## Sendibíladekk

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 195/70R15C | 16,999 kr. | 18,199 kr. |
| 225/70R15C | 19,999 kr. | 21,999 kr. |
| 205/65R16C | 20,999 kr. | 22,199 kr. |
| 215/65R16C | 21,999 kr. | 23,199 kr. |

## TILBOÐ Á UMFELGUN

FYRIR VIÐSKIPTAVINI HAGKAUPS

**fólksbíll 4.900.- • jepplingur 5.900.-**

VDO Borgardekk • Borgartúni 36 (Bakvið Cabin hótel)

VDO Borgardekk
Fljót og góð þjónusta

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



*„Ég fæ mér jógúrt og banana. Stundum ommelettu með sveppum, papriku og tómötum ef ég hef tíma. Og drekk vatn með.“*

Lilja Ingibjargardóttir fyrirsæta.

# Starfsfólk MTV sýnir FM Belfast áhuga

Starfsmenn virtra fjölmiðla á borð við MTV, NME, Clash Magazine og Daily Mail voru viðstaddir tónleika hljómsveitarinnar FM Belfast í London á þriðjudagskvöld.

„Þetta var sambland af partýliði og bransaliði. Þarna var aðallega pressan en samt einhverjir aðilar frá festivölum í Bretlandi,“ segir Róbert Aron Magnússon, sem kom að skipulagningu tónleikanna. „Þarna voru blaðamenn að tékka á þeim og skrifa dóma um tónleikana,“ segir hann og bætir við að starfsmenn MTV hafi verið mjög spenntir fyrir hljómsveitinni. „Þetta var þrususstemning og svakafjör. Ég held að þau [FM Belfast] hafi verið rosaánægð. Þetta er flottur tónleikastaður sem þessi bönd nota yfirleitt til að koma ferlinum sínum af stað.“



**TÓNLEIKAHALDARI Í LONDON** Róbert Aron Magnússon skipulagði tónleika FM Belfast í London á þriðjudagskvöldið.

Tónleikarnir fóru fram á hinum þrjú hundruð manna stað Hoxton Square Bar and Kitchen. Þar hafa að undanförnu spilað hljómsveitir á borð við We Are Scientists og Mumford and Sons og er staðurinn vinsæll meðal sveita sem hafa þegar slegið í gegn. Hópur Íslendinga sem er búsettur í London mætti á tónleikana og að sjálfsögðu tók hann virkan þátt í að klappa sveitina upp.

FM Belfast hefur verið á tveggja vikna tónleikaferð um Evrópu og lýkur henni í Ósló á laugardaginn. Hljómsveitin hefur þegar verið bókuð á Hróarskelduhátíðina í byrjun júlí ásamt íslensku þungarokkurunum í Sólstöfum. **- fb**



**FM BELFAST** Lóa Hjálmtýsdóttir og Árni Hlöðversson úr hljómsveitinni FM Belfast vöktu mikla athygli á tónleikum sínum í London. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT**
**2.** ríki í Mið-Ameríku, **6.** nafnorð, **8.** stormur, **9.** æxlunarkorn, **11.** guð, **12.** aðfall, **14.** rabb, **16.** strit, **17.** orlof, **18.** festing, **20.** frá, **21.** auma.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nýja, **3.** klukka, **4.** þegn, **5.** keyra, **7.** frægð, **10.** þrá, **13.** hluti verkfæris, **15.** bjálfi, **16.** fæða, **19.** 2000.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** kúba, **6.** no, **8.** rok, **9.** gró, **11.** ra, **12.** aðsog, **14.** skraf, **16.** at, **17.** frí, **18.** lím, **20.** af, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT:** **1.** unga, **3.** úr, **4.** borgara, **5.** aka, **7.** orðstír, **10.** ósk, **13.** orf, **15.** fífl, **16.** ala, **19.** mm.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Lee Buchheit
2. Logi Geirsson
3. Í Færeyjum




GÍSLI ÖRN GARÐARSSON: MELILLO ER RISANAFN Í LEIKHÚSHEIMINUM

# Virtur leikhúsfrömuður á sýningu hjá Vesturporti

Joseph Melillo, einn af forsvarsmönnum BAM-leikhússins í New York, er væntanlegur til Íslands á morgun. Hann hyggst sjá tvær sýningar af Fást með Vesturporti í Borgarleikhúsinu, skoða landið og hitta leikhópinn. Vesturport er að fara með aðra sýningu, Hamskiptin, til New York í nóvember til að sýna í BAM-leikhúsinu og svo gæti farið að Fást yrði einnig sett upp í þessu virta leikhúsi.

Gísli Örn Garðarsson segist í samtali við Fréttablaðið reiðubúinn til að kvitta upp á það að Melillo sé einn af tíu áhrifamestu mönnunum í leikhúsheiminum um þessar mundir. „BAM-leikhúsið er fyrir þau leikhús sem eru að reyna að gera eitthvað öðruvísi og það sinnir því hlutverki fyrir allan Ameríkumarkað. Þeir sem vilja græða peninga fara á Broadway, hinir reyna að komast að hjá BAM,“ útskýrir Gísli. Melillo virðist vera mikill aðdáandi íslenska leikhópsins því hópurinn setti einnig upp Woyzeck þar á sínum tíma. „Hann er samt að koma í fyrsta skipti til Íslands og ætli við förum ekki með hann eitthvað út fyrir höfuðborgarsvæðið og sýnum honum landið.“

BAM-leikhúsið er í Brooklyn og var stofnað 1861. Hlutverk þess hefur alltaf verið að sýna leikhúsuppfærslur sem þykja framúrstefnulegar eða boða eitthvað nýtt. Fjöldi þekktra listamanna hefur sýnt leikhúsinu mikla tryggð, sænski leikstjórinn Ingmar Bergman sýndi verk sín hjá BAM-leikhúsinu og grunge-rokkararnir í Nirvana kynntu yfirleitt sitt nýjasta efni hjá BAM.

Vesturport er reyndar á faraldsfæti, heldur til Suður-Ameríku og sýnir Hamskiptin á einni stærstu leikhússýningu heims í Bógóta í Kólumbíu. Allur hópurinn fer út um miðjan mars en Gísli og Gunnhildur Gunnarsdóttir, framkvæmdastýra Vesturports, fara út á undan öllum því þau eiga bókaða fundi hjá tveimur leikhúsum í borg englanna, Los Angeles. „Já, það eru tvö leikhús þar sem hafa áhuga á því að setja upp Hamskiptin með íslensku leikurunum, það yrði vissulega spennandi og okkur fannst bara tilvalið að nýta þessa ferð til að ræða við þau,“ segir Gísli. **freyrgigja@frettabladid.is**



**VIRTUR NÁUNGI**

**Joseph Melillo** sést hér spjalla við Óskarsverðlaunaleikkonuna **Cate Blanchett**. Hann er mikill áhrifamaður í bandarísku leikhúslífi en hann er í forsvari fyrir hið virta Brooklyn-leikhús BAM. **Gísli Örn Garðarsson** segir þetta vera fyrstu ferð Melillo til Íslands og hann fái að upplifa íslenska náttúrufegurð í heimsókn sinni til landsins.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Óðum styttist í frumsýningu Gaurangangs í Borgarleikhúsinu. Þar fer **Margrét Helga Jóhannsdóttir** með eitt hlutverka en hún hefur þurft að leggja ýmislegt á sig við undirbúninginn. Margrét er með brotið bein í fætinum og hefur af þeim sökum fengið sérstaka hlíf frá stoðtækjafyrirtækinu Össuri til að hlífa brotinu.



Stórsöngvarinn **Bubbi Morthens** hefur fært símaviðskipti sín yfir til Nova. Þetta er augljóst þegar hringt er í kappann því þá hljómar kunnuglegt lag í stað símhringingar. Bubbi leitar ekki langt yfir skammt og valdi lagið Fallegi lúserinn minn sem hljómsveitin Egó sendi frá sér í fyrra og naut mikilla vinsælda.



Kvikmyndavefurinn Iceland Cinema Now greindi frá því í vikunni að leikstjórinn Gísli Snær Erlingsson hafi verið ráðinn skólastjóri kvikmyndaskóla í Singapúr. Nú heyrist orðrómur þess efnis að Gísli verði ekki eini starfsmaður skólans. Nafn **Ásgríms Sverrissonar** kvikmyndagerðarmanns hefur verið nefnt í því sambandi en þeir eru einmitt gamlir vinir. Vel kann að vera að Ásgrímur hafi fengið starfstilboðið þegar hann ræddi við Gísla fyrir téða frétt í Iceland Cinema Now.

**- afb, hdm**






# Lok, lok og læs á Grand Rokki

„Þangað til maður fréttir annað þá lítur út fyrir að við þurfum að færa keppnina,“ segir Gunnar F. Árnason, sem stendur fyrir spurningakeppninni Drekktu betur á Grand Rokki á föstudögum. Menningarknæpunni Grand Rokki var fyrirvaralaust lokað á þriðjudagskvöld. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var staðnum lokað að kröfu leigusala. Það hefur ekki fengist staðfest og ekki náðist í Þorstein Þorsteinsson veitingamann í gær.

Drekktu betur verður haldin á 46 Gallery Bar sem er til húsa á Hverfisgötu 46. „Hún verður að óbreyttu þar. Þetta hefur alltaf verið systurstaður Grand Rokks,“ segir Gunnar sem telur þetta mikil tíðindi fyrir fastagestina. „Þetta er stór breyting. Spurningakeppnin hefur aldrei verið haldin hér áður,“ segir Gunnar sem var einmitt staddur í vettvangskönnun á nýja staðnum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Gunnar hvetur aðdáendur Drekktu betur til að fylgjast með frekari fregnum á Facebook-síðu keppninnar eða á drekktubetur.is. Spyrill í Drekktu betur á morgun er spurningaljónið og fréttamaðurinn Sveinn Guðmarsson. **- hdm**



**FYRSTI SPYRILL Á NÝJUM STAÐ** Sveinn Guðmarsson er spyrill í Drekktu betur á morgun.



**LOKAÐ** Menningarknæpunni Grand Rokki hefur verið lokað. Svo er að sjá að einhver hafi krotað „RIP“ á reykingatjaldið fyrir utan staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


HVAÐ HEITIR HÚN?
GEFÐU HENNI NAFN
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ PÁSKAEGGJAVEISLU FYRIR FJÖLSKYLDUNA
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ OG TAKTU ÞÁTT Á
FREYJUHEIMUR.IS
FREYJA
KAPITAL.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Gildi Landsbankans

Í byrjun vikunnar var starfsmönnum Landsbankans sent hvatningarmyndband um gildi bankans, en þau eru virðing, heilindi, eldmóður og fagmennska. „Með virðingu að vopni við höldum toppinn á. Með heilindi í farteskinu marki munum ná," segir meðal annars í laginu sem hljómar undir. Kannski voru samt mistök að fara með söngvara lagsins upp á þak höfuðstöðva bankans niðri í bæ þar sem við blasti í bakgrunni hálfköruð bygging Tónlistarhússins, nú á herðum skattborgara, minnisvarði um gildi fyrri tíma.

### Hvimleiður leki

Myndbandið við Gildin okkar fór eins og eldur í sinu um netheima í gær. Söngvarinn og fótboltakappinn **Jón Ragnar Jónsson** syngur lagið. Óvíst er hver stendur fyrir lekanum á myndbandinu, sem er hvimleiður þar sem Jón er um þessar mundir að senda frá sér lagið Lately. Það gæti því farið svo að hann öðlist frægð fyrir lag sem átti hreinlega ekki að heyrast opinberlega …



### Ferðamannastraumurinn

Fyrirhuguð þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave næsta sunnudag hefur vakið óskipta athygli erlendis og erlendir fjölmiðlar eru flestir í viðbragðsstöðu. Það er hins vegar spurning hvort hin grandvara fréttakona **Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir** hafi ekki farið eilítið fram úr sjálfri sér þegar hún tilkynnti í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins í gær að hingað streymdu nú erlendir *ferðamenn* daglega til að fylgjast með og utanríkisráðuneytið hefði komið upp aðstöðu fyrir þá í Iðnó.



**- sh**

## Mest lesið visir.is


1. Ætlaði að stökkva fram af brú
2. Fá 208 milljóna króna sekt fyrir skattalagabrot
3. Lukkubúð: Tveir Íslendingar keyptu vinningsmiða í sömu verslun
4. Morðingi Bulgers litla aftur í steininn
5. Peningum handa hungruðum varið í stríðsrekstur






Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft…

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

